

**SKOÐUN** Reykjavíkurflugvöllur er enn í dag mikilvæg samgönguæð, skrifar Sigurjón Arnórsson. 23



**MENNING** Nýtt líf verður talsett að nýju í tilefni 30 ára frumsýningarafmælis myndarinnar. 54



**SPORT** Sölvi Geir Ottesen er með túlk sem eltir hann eins og skugginn á æfingum með FC Ural í Rússlandi. 50







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
22. ágúst 2013
196. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Byggðastofnun græðir**
Lán Byggðastofnunar upp á 1,3 milljarða króna er með veð sem varð verðlaust þegar úthafsrækjuveiðar voru gefnar frjálsar. Áform nýs ráðherra um kvótaúthlutun glæða vonir um heimtur. 4

**Ekki á borði lögreglu** Lögreglan hefur ekki hafi sakamálarannsókn á meintu ofbeldi á 101 leikskóla. 2

**Allt að því ósnertanlegir** Diplómatar lúta ekki íslenskri refsilöggjöf og ekki má stefna þeim nema í undantekningartilvikum. 6

**Mistökum aldrei útrýmt** Tekist hefur að fækka banaslysum verulega hér á landi. 12

# Frændþjóðir borða meira af íslensku skyri en Íslendingar

Innan við þriðjungur af 36 milljón dósum sem framleiddar eru af íslensku skyri er borðaður á Íslandi. Geysileg aukning er í sölunni í öðrum norrænum ríkjum þar sem skyrið er framleitt með leyfi Mjólkursamsölunnar.

**IÐNAÐUR** „Þetta er gott vandamál,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, um gríðarlega aukningu í sölu á íslensku skyri annars staðar á Norðurlöndum.

Að sögn Einars eru nú framleiddar um 36 milljónir dósa af íslensku skyri árlega. Af þeim neyta Íslendingar um 11,5 milljón dósa. Yfir tveir þriðju hlutar af skyrinu séu borðaðir í hinum norrænu ríkjunum.

„Við höfum 380 tonna tollfrjálsan kvóta inn í Evrópusambandið og erum löngu búnir að sprengja hann. Í Danmörku og í Noregi er því verið að framleiða skyr með leyfum frá okkur og undir eftirliti okkar,“ segir Einar og útskýrir að notaðir séu mjólkursýrugerlar sem MS hafi einkaleyfi á sem og uppskriftir og vörumerki fyrirtækisins sem fái þóknun fyrir hverja dós. „Það vissulega hjálpar upp á sakirnar,“ segir hann um tekjurnar.

Á Norðurlöndunum býst Einar við að á þessu ári verði seld á bilinu 4.300 til 4.500 tonn af íslensku skyri. Í Finnlandi hafi salan tvöfaldast frá í fyrra.




„Þetta hefur vaxið svo hratt að það er farið að hrikta í framleiðslugetunni og við erum farin að skoða möguleika á að auka hana. Við munum leysa það vegna þess að við höldum að það verði áframhaldandi mjög góður vöxtur í skyrsölunni,“ segir Einar sem rekur aukna skyrneyslu ytra meðal annars til áhuga á Íslandi og breytinga á lífsstíl. „Fólk sækir meira í próteinríkar vörur á borð við skyr.“

Önnur mjólkurvörufyrirtæki sækja nú á sömu mið. „Við héldum fyrst að það myndi ganga á okkar markaðshlutdeild en sókn þeirra virðist bara stækka heildarmarkaðinn mjög hratt,“ segir Einar, sem hefur ekki áhyggjur af öðrum skyrtegundum.



> Þetta hefur vaxið svo hratt að það er farið að hrikta í framleiðslugetunni.
>
> *Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar.*

„Það eru til eftirlíkingar af skyri á Norðurlöndunum en engin af þeim hefur náð þessari fótfestu vegna þess að þær eru einfaldlega ekki eins vel þróuð og bragðgóð vara og íslenska skyrið,“ segir forstjóri MS. - gar




22

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | S | 9 |
| Akureyri | 15° | | S | 8 |
| Egilsstaðir | 16° | | S | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | SA | 7 |
| Reykjavík | 13° | | SA | 10 |

**GOTT NA-LANDS** Í dag verður fremur stíf SA-átt og dálítil væta V-til en hægari suðlæg átt og bjart eystra. Austanátt með rigningu síðdegis S- og V-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Menningarnótt | Fólk







**SKÓLAR BYRJA** Handagangur hefur verið í öskjunni í ritfangaverslunum síðustu daga áður en skólahald brestur á. Sjá mátti unga og aldna hjálpast að við að kaupa bækur og ýmis ritföng. Allnokkru getur munað á verði ritfanga. Sjá síðu 16 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Scintilla vegnar vel:

# Íslensk handklæði í 3. sæti

**FÓLK** Ilmandi handklæði úr lífrænni bómull frá íslenska hönnunarmerkinu Scintilla komust í úrslit í keppni um bestu nýju vöruna á vörusýningunni New York Now.



ARNA SIGRÚN HARALDSDÓTTIR

„Þetta er ein af stærstu vörusýningum heims fyrir heimilis- og gjafavörur. Um 2.800 vörumerki taka þátt í sýningunni og allir helstu leikmenn í þessum bransa eru þarna. Mér skilst að um sjötíu merki hafi keppt í Best New Product Award að þessu sinni,“ segir Arna Sigrún Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Scintilla.

- sm / sjá síðu 54

Öryggisráð kom saman vegna fregna af beitingu efnavopna í Sýrlandi:

# Funduðu um efnavopnaárás

**SÝRLAND** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman í gærkvöldi vegna ásakana um að sýrlenski stjórnarherinn hafi beitt efnavopnum í einu úthverfa höfuðborgarinnar Damaskus í Sýrlandi í gærmorgun.

Talið er að á bilinu fimm hundruð til þrettán hundruð manns, flestir óbreyttir borgarar, hafi fallið í árásunum. Meðal hinna látnu er fjöldi barna. Fram hefur komið fjöldi skelfilegra mynda og myndskeiða sem sýna látið og kvalið fólk.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, sagði í gær að ásakanirnar yrðu rannsakaðar í þaula, en Bretar og Frakkar sendu framkvæmdastjóranum bréf í gær þar sem rannsóknar var krafist.

Eins krafðist utanríkisráðherra Breta, William Hague, að eftirlitsmönnum yrði hleypt að staðnum þar sem árásin átti að hafa átt sér stað.

Reynist ásakanirnar sannar eru þetta alvarlegustu árásir á óbreytta borgara með efnavopnum síðan slíkum vopnum var beitt gegn kúrdískum borgurum í stjórnartíð Saddams Hussein árið 1988. Þá létust um fimm þúsund manns.

- vg / sjá síðu 10










## SPURNING DAGSINS



Var fæðingin sársaukafull?

**„Ég er enn í miðjum hríðum. Þannig að svarið er líklega já.“**

Ragnar Bragason leikstjóri gekk með hugmyndina að leikritinu Óskasteinn í tuttugu ár. Leikritið verður ekki frumsýnt í Borgarleikhúsinu fyrr en eftir áramót.

Hegðun alþingismanna og forgangsröðun dregur úr trausti á Alþingi:

# Vantreysta þingi út af skítkasti

**ALÞINGI** Tæplega 80% svarenda í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á trausti til Alþingis segjast vantreysta þingi vegna samskiptamáta þingmanna. 14% segjast treysta Alþingi. Könnunin var kynnt á þingi í gær. Þar kom fram að vantraustið beindist ekki að stofnuninni sjálfri heldur frekar hegðun þingmanna. Þannig kom fram að fólki fyndist þingmenn sýna hver öðrum virðingarleysi og standa í sífelldu óþarfa rifrildi og „skítkasti“ á kostnað málefnalegrar umræðu og samvinnu.

Þá sögðu 72% svarenda vantraust þeirra beinast að vinnulagi þingmanna. Niðurstöður sýna að fólki þyki forgangsröðun á þingi röng og að þingmenn hlusti ekki á almenning og séu þar af leiðandi ekki í nægilegum tengslum við fólkið í landinu. Þá þykir vinnulag á þingi einnig einkennast af aðgerða- og getuleysi þingmanna til að fylgja málum eftir og klára. Tekið var 1.200 manna einfalt tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Könnunin var framkvæmd í febrúar og mars síðastliðnum. - vg



**ALÞINGI** Samskipti þingmanna eru vandamál að mati kjósenda.

Eitt versta rútuslys Malasíu:

# Ók fram af 70 metra bjargi

**MALASÍA** Að minnsta kosti 37 létust þegar rúta ók út af í fjalllendi í Malasíu í gær. Að sögn Politiken voru 53 farþegar um borð í rútunni. Margir þeirra eru sagðir mjög alvarlega slasaðir.

Rútan er sögð hafa verið á leið niður brekku þegar bílstjórinn missti stjórn á henni í krappri beygju. Við það hrapaði rútan fram af 70 metra háu bjargi.

Slysið er sagt vera eitt alvarlegasta umferðarslys í sögu landsins. - ka




**TAFIR Á UMFERÐ** Sæbraut var seinfær frá Holtavegi að Elliðaárbrú til suðurs í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tafir urðu á umferð eftir að kranabílstjóri misreiknaði sig:

# Kranabíll fastur undir Elliðaárbrú

**LÖGREGLUMÁL Loka þurfti akrein á Sæbrautinni rétt fyrir fjögur í gær vegna kranabíls sem festist undir Elliðaárbrúnni.**

**Bílinn var á leið suður Reykjanesbrautina, rak kranann í brúargólfið og sat svo fastur undir brúnni í dágóðan tíma. Að sögn sjónarvotta var bíllinn töluvert skemmdur og lak úr honum olía.**

**Umferð um Sæbrautina gekk því heldur hægt á meðan unnið var að hreinsun en akreinin var opnuð að nýju um klukkustund síðar. - ka**

Cameron lét eyða gögnum:

# Blaðamenn beittir þrýstingi

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, þrýsti á breska dagblaðið Guardian um að blaðamenn eyddu upplýsingum sem borist höfðu frá bandaríska uppljóstraranum Edward Snowden.

Bresk stjórnvöld hafa staðfest þetta. Blaðamenn Guardian segjast hafa eytt upplýsingunum en einungis vegna þess að þeir áttu afrit af þeim annars staðar.

Alan Rusbridger, ritstjóri Guardian, skýrði frá þessu í beinu framhaldi af níu tíma yfirheyrslum yfir David Miranda, kærasta blaðamannsins Glenn Greenwald, á Heathrow-flugvelli um síðustu helgi. - gb

Íslendingar teknir fastir:

# Smygluðu kókaíni í Melbourne

**SMYGL** Tveir Íslendingar á þrítugsaldri voru handteknir á flugvellinum í Melbourne á þriðjudag og ákærðir fyrir að reyna að smygla um þremur kílóum af kókaíni inn í landið.

Mennirnir voru leiddir fyrir dómara í gær og var ræðismaður Íslands viðstaddur ásamt túlki.

Ástralski fréttavefurinn The Age greinir frá því að íslensk kona, sem starfar sem kennari, hafi aðstoðað sem túlkur.

Mennirnir, sem ekki eru búsettir í Ástralíu, sitja í fangelsi þar til þeir þurfa að mæta aftur fyrir rétt í nóvember. Hvorugur fór fram á lausn gegn tryggingu. - hva

# Leikskólamálið ekki á borði lögreglunnar

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki hafið rannsókn á meintu ofbeldi á 101 leikskóla á Bræðraborgarstíg. Forstjóri Barnaverndarstofu segir að þegar svo alvarlega áskanir séu uppi sé hugsanlega skynsamlegra að fá lögreglu inn í málið.**

**SKÓLAMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki fengið tilkynningu um meint ofbeldi á leikskólanum 101 á Bræðraborgarstíg inn á sitt borð. Málið er í könnun hjá Barnaverndarnefnd en þar fást þau svör að málið verði kannað til hlítar, svo verður málinu hugsanlega vísað áfram til lögreglu. Það er þó ekki víst að málið rati þá leið að lokum.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu segir að þegar ásakanir eru uppi um jafn víðtæk ofbeldisbrot og í þessu máli, sé hugsanlega skynsamlegt að tryggja að farið sé að öllum reglum ríkisins um málsmeðferð um rannsókn sakamála.

„Til hliðsjónar af því held ég að það hefði verið réttast að lögreglan hefði verið kölluð til í upphafi,“ bætir Bragi við, en undirstrikar að með þessum orðum sé hann ekki að gagnrýna Barnavernd Reykjavíkur fyrir störf sín.




**LEIKSKÓLINN 101** Forstjóri Barnaverndarstofu segir hugsanlega heppilegra að lögregla taki strax upp rannsókn á meintu ofbeldi á leikskólanum 101. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir starfsmenn hafa verið sendir í leyfi vegna gruns um að hafa beitt börnin, sem eru á aldrinum níu mánaða til eins og hálfs árs, ofbeldi. Það voru sumarstarfsmenn sem tóku upp myndbönd og afhentu barnavernd. Á Vísi í gær kom meðal annars fram í samtali við annan sumarstarfsmanninn að þeir hefðu tekið upp þrjú til fjögur myndbönd sem sýni „slæmt“ ofbeldi gegn börnum. Þar á meðal sé upptaka af starfsmanni leikskólans að rassskella barn.

Bragi segir að málið sé afar ólíkt þeim sem upp hafa komið áður. Komið hafi upp tilvik þar sem einstaklingar eru grunaðir um ofbeldi og þá er þeim vísað frá störfum samstundis. Í þessu tilfelli er þó heilli stofnun lokað. „Og það bendir til þess að málið sé þannig vaxið að það sé grunur um kerfisbundið ofbeldi gegn börnum,“ segir Bragi.

Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, segir í samtali við Fréttablaðið að stofnunin sé að kanna málið og að ekki hafi þótt ástæða til þess að tilkynna málið til lögreglu strax. Það verður ekki gert nema rökstuddur grunur sé uppi um að starfsmennirnir hafi sannarlega beitt börnin ofbeldi. Halldóra veit ekki til þess að foreldrar hafi sjálfir kært málið til lögreglu, en bætir við að þeim sé að sjálfsögðu frjálst að gera það.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur ekkert foreldri kært málið þangað. Þar á bæ fengust einnig þau svör að beðið væri eftir niðurstöðum könnunar Barnaverndarnefndar um það hvort sakamálarannsókn hæfist á málinu. valurg@365.is



**BRAGI GUÐBRANDSSON** Forstjóri Barnaverndarstofu segir að það væri hugsanlega heppilegra að lögregla tæki strax á málinu.


GÆÐAVÖRUR FYRIR BÍLINN Á GÓÐU VERÐI!

Landsins mesta úrval bílavara




REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!


Burðarvirki tveggja göngu- og hjólabrúa yfir Elliðaárósa komin á sinn stað:

# Nýjar brýr taka nú á sig mynd

**FRAMKVÆMDIR** Burðarvirki tveggja brúa yfir Elliðaárósa á nyrsta odda Geirsnefs eru nú risin og gnæfa átján metra yfir umhverfi sitt.

Brýrnar eru hluti af nýrri göngu- og hjólaleið yfir Elliðaár. Að því er segir í frétt frá borginni er þessi leið styttri, öruggari og þægilegri en núverandi leiðir. Brýrnar séu áberandi og því hafi áhersla verið lögð á að prýði væri af þeim. Nýja leiðin verður tilbúin í september. Farið var eftir tímamörkum frá Veiðimálastofnun til að trufla ekki laxagengd. - gar

**ÁTJÁN METRAR Í LOFT UPP** Nýju brýrnar við Elliðaárósa gnæfa hátt yfir umhverfi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




MUNIÐ SKIPTIBÓKAMARKAÐINN
Í EYMUNDSSON!
SKÓLADAGAR
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Nú er skólastemning í
Kringlunni. Allt sem þarf
fyrir skólann á einum stað.
AFSLÁTTARHEFTI
KRINGLUNNAR
Stútfullt af flottum
skólatilboðum.
Afsláttarheftið má nálgast á þjónustuborði
Kringlunnar og það gildir til 25.ágúst.
Kringlan
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA

## SVONA ERUM VIÐ



**11.607** einstæðar mæður eru skráðar á Íslandi nú árið 2013.

**Á sama tíma eru einungis 1.129 feður skráðir einstæðir á Íslandi.**

Bradley Manning dæmdur í 35 ára fangelsi fyrir uppljóstranir um leyndarmál Bandaríkjastjórnar:

# Gefinn möguleiki á náðun eftir áratug

**BANDARÍKIN** Bandaríski uppljóstrarinn Bradley Manning hefur verið dæmdur í 35 ára fangelsi. Frá dómnum dragast þeir 1.294 dagar sem hann hefur þegar setið í fangelsi.

Hann á möguleika á náðun eftir að hafa afplánað þriðjung dómsins, eða eftir rúman áratug. Jafnframt verður hann leystur frá herþjónustu með smán og fær ekki greidd laun frá hernum. Hann þarf hins vegar ekki að greiða neina sekt.

David Coombs, verjandi Mannings, sagði síðdegis í gær að næst yrði leitað til Bandaríkjaforseta um náðun eða styttingu dómsins.

Manning er 25 ára hermaður sem lak fjölda leyniskjala frá bandaríska hernum til lekasíðunnar Wikileaks, sem hefur birt mikið af gögnum frá honum. Hann átti yfir höfði sér allt að 90 ára fangelsi en saksóknari hafði farið fram á 60 ára fangelsi. Í síðustu viku las hann upp stutta afsökunarbeiðni fyrir rétti í von um að það myndi milda refsinguna.

Fjölmargir stuðningsmenn Mannings hafa engu að síður harmað þessa niðurstöðu og sagt hann hafa sýnt mikið hugrekki.

„Þetta er hroðalegur dómur og skelfileg niðurstaða fyrir þennan unga mann sem gerði ekki annað en hlýða sinni samvisku og upplýsa almenning um stríðsglæpi og ill verk sem hann komst að í sínu starfi,“ segir Kristinn Hrafnsson, talsmaður WikiLeaks. - gb, hmp



**BRADLEY MANNING** Var leiddur fyrir rétt í gær, þar sem dómari kynnti refsiákvörðun sína.

Nýr starfsmaður þingflokks:

## Ráðin framkvæmdastjóri

**STJÓRNMÁL** Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Hún tekur við starfinu af Ingu Hrefnu Sveinbjarnardóttur, sem starfar nú sem aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra.



**ÞÓRDÍS KOLBRÚN REYKFJÖRÐ GYLFADÓTTIR**

Þórdís Kolbrún er 26 ára lögfræðingur, hún lauk BA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2010 og ML-gráðu frá sama skóla 2012. - vg

Fengu 30 milljónir:

## Styrktu orkuskipti í skipum

**ORKUMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra afhenti í gær styrki til fjögurra verkefna á sviði orkuskipta í skipum.

Það voru fyrirtækin Varðeldur, GPO, Véltak og Norðursigling sem hlutu styrkina. Verkefnin miða að því að auka notkun innlendra orkugjafa í skipum og draga þar með úr notkun jarðefnaeldsneytis, afla þekkingar á þessu sviði og auka rannsóknir og samstarf.

Styrkirnir eru alls að upphæð 30 milljónir króna og verður tuttugu milljónum til viðbótar úthlutað síðar á árinu. - vg

**LEIÐRÉTT**

Halldóra Gunnarsdóttir var ranglega titluð framkvæmdastjóri Barnahúss. Halldóra er framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur.



**FRÁ RÆKJUVINNSLU** Hremmingar í rækjuvinnslu frá því um miðjan síðasta áratug valda undarlegum fléttum enn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Byggðastofnun græðir á fyrirhuguðum kvóta

**13 hundruð milljóna lán Byggðastofnunar er með veð sem varð verðlaust þegar úthafsrækjuveiðar voru gefnar frjálsar. Áform nýs ráðherra glæða vonir um heimtur.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Byggðastofnun hagnast verulega ef Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, setur úthafsrækjuveiðar aftur í kvóta eins og hann hefur boðað.

Byggðastofnun á 12,2 prósent af heildaraflamarki í úthafsrækju, auk þess að vera með 4,25 prósenta hlutdeild í svokallaðri flæmingjarækju sem veidd er við Nýfundnaland. Stofnunin gekk að þessum heimildum við gjaldþrot fyrirtækja í veiðum og vinnslum á rækju en fjölmörg slík fyrirtæki fóru í þrot um miðjan síðasta áratug. Samtals er 1,3 milljarða lán Byggðastofnunar með veð í slíkum veiðiheimildum.

Þegar Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, gaf veiðar á úthafsrækju frjálsar árið 2010 urðu þessar heimildir verðlausar. Þá var ákveðið að afskrifa eftirstöðvar lánanna sem þær voru veðsettar fyrir.



**AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON**

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir að ef úthafsrækja verður aftur sett í kvóta breytist forsendurnar. „Þá má ætla að margumræddar veiðiheimildir í vörslu Byggðastofnunar geti haft umtalsvert verðgildi,“ segir hann. „Og þannig skapað möguleika á að endurheimta að einhverju leyti þau lán sem áður höfðu tapast vegna áfalla í rækjuiðnaðinum. Þó ber að hafa í huga að mjög erfitt er að leggja mat á mögulegt verðmæti þeirra, enda hafa veiðiheimildir í úthafsrækju ekki verið söluvara á markaði um margra ára skeið. Þá hefur heldur enginn kvóti verið gefinn út enn.“

Rækjuvinnsla á Íslandi gekk í gegnum miklar hremmingar um miðbik síðasta áratugar. Í ársbyrjun 2005 voru ellefu rækjuverksmiðjur starfandi á landinu en árið 2010 voru þær teljandi á fingrum annarrar handar. - jse

Ákæra hefur verið birt:

## Fjölskyldan vill 36 milljónir

**S-AFRÍKA** Línur eru að skýrast í máli suður-afríska spretthlauparans Oscars Pistorius en hann er sakaður um að hafa myrt kærustu sína, Reevu Steenkamp, í febrúar.

Á mánudag var honum birt formleg ákæra fyrir morð að yfirlögðu ráði og hefur saksóknari málsins birt lista yfir 107 manns sem hugsanlega verða kallaðir til vitnis.

Lögmenn Pistoriusar hafa staðfest að fjölskylda hans hafi átt í samskiptum við fjölskyldu hinnar myrtu í von um að hægt verði að semja um bótagreiðslur utan dómstóla. Heimildir herma að fjölskylda Steenkamp vilji fá jafnvirði tæplega 36 milljóna króna í bætur. - ka

Stjórnar ráðstefnu IAEA:

## Fundar um Fukushima-slysið

**UMHVERFISMÁL** Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, hefur þegið boð Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) um að vera forseti alþjóðlegs fundar um geislavarnir eftir kjarnorkuslysið í Fukushima. Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum IAEA í Vínarborg í febrúar á næsta ári.



**SIGURÐUR M. MAGNÚSSON**

Á fundinum verður meðal annars fjallað um þá geislun sem fólk varð fyrir og með hvaða hætti það var, ýmsa læknisfræðilega og þjóðfélagslega þætti og aðgerðir til að draga úr afleiðingum slyssins til lengri tíma. - vg






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RIGNINGIN ER GÓÐ** Bætir heldur í úrkomuna seinni partinn í dag um sunnan- og vestanvert landið. Það heldur áfram að rigna á morgun og þá einkum suðaustanlands. Heldur minni úrkoma á laugardag.




**Á morgun**
Víðast 3-10 m/s.




**Laugardagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Billund | 23° | Gautaborg | 21° | London | 23° | Orlando | 32° | San Francisco | 19° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 26° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 30° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 20° |
| Berlín | 24° | Friedrichshafen | 25° | Las Palmas | 28° | New York | 28° | París | 27° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




Spotify
SNJALLPAKKI
**300**
3.490 kr./mán.
300 mín. | 300 SMS | 300 MB

Spotify
SNJALLPAKKI
**500**
4.990 kr./mán.
500 mín. | 500 SMS | 500 MB

Spotify
SNJALLPAKKI
**1000**
7.990 kr./mán.
1000 mín. | 1000 SMS | 1000 MB
3G aukakort í 12 mán.

Spotify
SNJALLPAKKI
**1500**
10.990 kr./mán.
1500 mín. | 1500 SMS | 1500 MB
3G aukakort í 12 mán.

## Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur uppáhaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

## Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samning.

Síminn

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða fyrrverandi forseti hvaða lands hefur verið ákærður fyrir aðild að morði?
**2.** Hvaða evrópska tónlistarveita hefur hafið samstarf við Símann?
**3.** Hvaða lagahöfundur, og nú tónskáld, samdi óperuna Ragnheiði ásamt Friðriki Erlendssyni?

**SVÖR:**
**1.** Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti Pakistans **2.** Spotify **3.** Gunnar Þórðarson.

Velta aðgerðum fyrir sér vegna ofsóttrar lögreglukonu á Seyðisfirði:

# Lögregla íhugar nálgunarbann

**LÖGREGLUMÁL** „Það hefur ekki komið til tals að fara fram á nálgunarbann en það er inni í myndinni,“ segir Jónas Wilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, en embættið rannsakar alvarlegt áreiti karlmanns gagnvart lögreglukonu sem átti sér stað á Seyðisfirði í síðustu viku. Maðurinn fór að heimili konunnar, en hún var þá eini lögreglumaðurinn á vakt í umdæminu. Tveir skiptinemar frá Frakklandi voru heima hjá henni og voru þeir að gæta fjögurra ára gamals sonar hennar. Karlmaðurinn lét öllum illum látum fyrir utan heimilið en nemarnir hröktu manninn á brott. Lögreglukonan sótti svo barnið og fóru þau á gistiheimili í öðru bæjarfélagi.

Jónas segir að skýrsla hafi verið tekin af manninum á þriðjudag og má búast við því að málið verði sent til ríkissaksóknara í vikunni.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að lögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu hefði fengið nálgunarbann á eltihrelli sem ofsótti hann. Jónas segir það ekki útilokað að farið verði fram á slíkt hið sama í þessu tilfelli. „Það verður klárlega rætt,“ segir Jónas. **- vg**



**SEYÐISFJÖRÐUR** Maður fór að heimili lögreglukonu á Seyðisfirði.

Hönnun nýs Landspítala:

# Niðurstöður forvals kynntar

**FRAMKVÆMDIR** Þrír hafa verið metnir hæfir til að bjóða í hönnun meðferðarkjarna og rannsóknarhúss og fimm metnir til að hanna sjúkrahótel og bílastæðahús nýs Landspítala við Hringbraut.

Tilkynnt var um niðurstöður forvals um hönnun bygginga spítalans í gær. Forvalið var auglýst 23. apríl en frestur til að skila inn umsóknum var til 18. júlí. Forvalsnefnd skipuð fulltrúum Landspítala, Fjársýslu ríkisins og Ríkiskaupa fór yfir umsóknir. **- ka**




## FRIÐHELGI SENDIERINDREKA

**➜ Pósturinn ekki tollskoðaður**



■ Sendiráðspóstur er friðhelgur og má ekki skoðast af móttökuríkinu.
■ Bögglar sem eru auðkenndir sem sendiráðspóstur eru ekki tollskoðaðir og póstbera sendiráðsins má hvorki handtaka né kyrrsetja.

**➜ Mega ekki handtaka sendierindreka**



■ Sendierindrekinn er undanskilinn refsilöggjöf.
■ Hann má ekki handtaka og ekki er hægt að höfða einkamál á hendur honum nema í undantekningartilfellum.
■ Hann borgar ekki skatta eða gjöld, nema fyrir tilgreinda þjónustu.
■ Móttökuríkinu ber að gera allar ráðstafanir til að vernda hann gegn tilræði gegn persónu hans, frelsi eða æru.
■ Heimilisfólk sendierindreka nýtur sömu réttinda.

**➜ Óheimilt að fara inn á sendiráðssvæði**



■ Sendiráðssvæðið og bústaður sendierindreka nýtur friðhelgi.
■ Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins og móttökuríkinu ber að vernda sendiráðssvæðið.
■ Innbú sendiráðssvæðisins er undanþegið allri leit, upptöku, haldi eða aðför.

**➜ Skulu vera frjálsir ferða sinna**



■ Sendierindrekar skulu frjálsir ferða sinna og og ekki má takmarka ferðafrelsi þeirra nema vegna þjóðaröryggis.
■ Þeir verða ekki sektaðir og ekki má leita í ökutækjum þeirra.

➜ Í lögum eru réttindi og skyldur sendiráðsstarfsmanna skilgreind mjög nákvæmlega. Samkvæmt ákvæðum Vínarsáttmálans, sem hefur hér lagagildi, njóta erlendir sendierindrekar friðhelgi.

**➜ Lögbrot sendierindreka**
**Svona er hægt að bregðast við**

**1** Sendiríkið getur afturkallað friðhelgi viðkomandi og þá hefur móttökuríkið lögsögu og getur saksótt viðkomandi.



**2** Sendiríkið getur saksótt viðkomandi en það hefur lögsögu yfir sínum sendierindrekum.

**3** Móttökuríkið getur lýst sendierindrekann óviðtökuhæfan og þá verður viðkomandi að fara úr landi.

# Diplómatar eru allt að því ósnertanlegir

Erlendir sendierindrekar lúta ekki íslenskri refsilöggjöf og ekki má stefna þeim nema í undantekningartilvikum. Sérfræðingur í þjóðarétti segir gagnkvæmni í samskiptum ríkja leiða til þess að sendierindrekar fara að lögum móttökuríkisins.

**UTANRÍKISMÁL** Erlendir sendierindrekar eru nánast ósnertanlegir en þeir og sendiráð þeirra njóta friðhelgi hér á landi samkvæmt ákvæðum Vínarsáttmálans. Sáttmálinn hefur lagagildi hér á landi.
Fyrir vikið geta íslensk stjórnvöld ekkert gert nema lýst viðkomandi sendierindreka óviðtökuhæfan gerist hann brotlegur við lög, sé það talið nauðsynlegt.

„Það er mjög harkaleg aðgerð og yrði líklegast ekki gert nema ef brotið væri mjög alvarlegt,“ segir Bjarni Már Magnússon, sérfræðingur í þjóðarétti við Háskólann í Reykjavík.



**BJARNI MÁR MAGNÚSSON**

„Sendierindrekar eiga að fara að íslenskum lögum samkvæmt Vínarsáttmálanum þó að það séu engin sérstök viðurlög við því að það sé ekki gert. Við getum sagt að þetta séu eins konar „heiðursmannareglur“ en þjóðarétturinn er ólíkur því sem gengur og gerist með landslög að því leyti að hann byggir mikið á gagnkvæmni, þannig að ríki hagar sér í samræmi við það hvernig annað ríki hagar sér við það,“ segir Bjarni.

„Í dæmaskyni má nefna sendierindreka sem keyrir yfir löglegum hámarkshraða. Það er ekki hægt að sekta í því tilfelli en kannski myndi lögreglan skamma hann örlítið.“

Aðspurður hvort sendierindreki gæti framið morð hér á landi án þess að vera gert að sæta refsingu segir Bjarni: „Það er alveg möguleiki.“

Hann segir reglurnar vera mjög mikilvægar. „Tilgangurinn með reglunum er að samskipti ríkja séu með sem greiðasta móti,“ segir Bjarni.

Reglurnar byggja á langri sögu af samskiptum ríkja. „Bitur reynsla hefur sýnt að dráp á sendierindrekum, handtökur og ýmiss konar ofsóknir hafa skaðleg áhrif á samskipti ríkja. Segja má að reglurnar hafi mótast í veruleika sem er nokkuð fjarri íslenskum hversdagsleika,“ segir Bjarni Már Magnússon.

johanness@frettabladid.is




**SENDIRÁÐ** Íslenskir sendierindrekar njóta réttinda Vínarsáttmálans erlendis. MYND/ARNDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR.

## Ekki kvartað yfir veiðiþjófunum

„Það hefur ekkert komið á okkar borð en við höfum bara heyrt af málinu í fréttum,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi hjá utanríkisráðuneytinu, um mál kínversku sendiráðsstarfsmannanna sem voru gripnir við veiðar í Laxá í Kjós í leyfisleysi.



Hún segir afar sjaldgæft að ráðuneytinu berist kvartanir vegna sendiráða og minnist þess ekki að neitt alvarlegt hafi komið upp seinustu ár.

„Það er ekki útilokað að við höfum fengið einhverjar kvartanir vegna umferðarlagabrota seinustu árin,“ bætir hún við.

## Sendiráðin borga stöðumælasektir

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri hjá Bílastæðasjóði, segir öll sendiráð hér á landi borga bílastæðagjöld og stöðumælasektir.



„Þetta eru bara þjónustugjöld og þar eru allir jafnir, hvort sem það er forsetinn, sendiherrar eða almenningur. Bílastæði eru þjónusta Bílastæðasjóðs og það þurfa allir að borga fyrir þessa þjónustu. Þetta er eðlisólíkt því sem gildir um sektir lögreglu til dæmis,“ segir Kolbrún.




ÓDÝRT Í SKÓLANN
Hettupeysa
3.999kr
Bolur
1.499kr
Bolur
1.999kr
Bolur
2.999kr
Buxur
3.999kr
Joggingbuxur
2.999kr
skólatöskur
verð frá
3.989kr
Kjóll
3.499kr
Joggingbuxur
1.999kr
Mikið úrval af skólavörum!
Blýantar
12 stk
179kr
Plastmillispjöld
99kr
Reiknivél
199kr
Gráðubogi
99kr
Crayola
Áherslu-
pennar
179kr
strokleður
verð frá
15kr
Stílabók
gorma
229kr
OPIÐ
allan sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24
Hagkaup
Gildir 22. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## NORÐURLÖND




### 1.175 börn í varðhald í fyrra

**1** **NOREGUR** Alls voru 1.175 ófullveðja ungmenni handtekin og færð í fangageymslur í Noregi í fyrra, að því er fram kemur í frétt á vef Aftonbladet. 78 þeirra voru fimmtán ára, 322 voru sextán ára og 775 voru sautján ára. Almennt er ætlast til þess að lögreglan færi börn til barnaverndaryfirvalda en fyrrnefndur háttur er þó oft hafður á, í trássi við aðfinnslur meðal annars frá norsku lögmannasamtökunum og Evrópuráðinu. Árlega eru 70-80 norsk ungmenni undir lögaldri dæmd í fangelsi, þvert á ákvæði Barnasáttmála SÞ.



### Trúður fékk á túlann í teiti

**2** **DANMÖRK** Kona frá Horsens hefur verið ákærð fyrir líkamsárás eftir að hafa kýlt trúð í götuveislu um liðna helgi. Drengur einn hafði gerst fullágengur við trúðinn og hvað eftir annað reynt að stela blöðrum úr vasa hans. Þegar þolinmæðina þvarr loks leiddi trúðurinn piltinn til móður hans, sem brást ókvæða við afskiptunum. Skipaði hún trúðnum að hypja sig og sló hann í tvígang í andlitið. Kærur gengu á víxl þar til lögreglan ákvað að ákæra konuna.

### Klúðraði umskurðum

**3** **SVÍÞJÓÐ** Fjórir ungir menn hið minnsta hafa leitað á sjúkrahús í Svíþjóð í sumar vegna sýkinga og blæðinga eftir að hafa áður gengist undir umskurð. Frá þessu segir á vef Dagens Nyheter. Læknirinn sem framkvæmdi umskurðinn var kærður til eftirlitsaðila. Hann er fyrir nokkru kominn á eftirlaun og er meðal annars grunaður um að hafa ekki deyft mennina nægilega vel fyrir aðgerðirnar. Málinu verður fylgt eftir á næstunni en læknirinn sagði í samtali við fjölmiðla að hann hefði endurskoðað vinnubrögð sín eftir að kvartanirnar voru lagðar fram.

## Jörð skelfur í Mexíkó



**BORINN Í GULLSTÓL** Maður sem meiddist á fæti þegar hann flúði byggingu í Mexíkóborg í gær nýtur hér aðstoðar hjálparstarfsmanna. Þúsundir þustu út á götur borgarinnar og hótelbyggingar voru rýmdar þegar jarðskjálfti upp á 6,2 á Richter reið yfir undan ströndum Mexíkó, um 100 kílómetra austur af hafnarborginni Akapúlkó. Stórhýsi sveifluðust til í höfuðborginni og umferðarljós hættu að virka þannig að umferðarhnútar mynduðust. Nokkrar skemmdir urðu á byggingum og meðal annars komu sprungur í veggi háskólans í Akapúlkó og steypt hlið að herstöð hrundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





BMW X5 M
SPORTLEGUR AÐ INNAN OG UTAN.

ENNEMM / SÍA / NM58853

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði. Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

BMW M Sport xDrive – Hlaðinn aukabúnaði Verð frá: 13.890 þús.

30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað

*Eldsneytisnotkun miðast við blandaðan akstur samkvæmt stöðlum.

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið, Reykjanesbæ, www.bilahusid.is, 421 8808
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

# DEBENHAMS

Gerðu
lífið
skemmtilegra



# 20% AFSLÁTTUR

## af barnafötum*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

**Opið í kvöld til 21:00**

**Gildir út sunnudag**





Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Nýtt rannsóknarverkefni:

## Fagmennska í verslun aukin

**VIÐSKIPTI** Rannsóknasetur verslunarinnar mun stýra tveggja ára evrópsku rannsóknarverkefni sem miðar að eflingu starfsþjálfunar í verslunum.

Markmið verkefnisins er að til verði sérhæfðir starfsmenn í verslunum sem tekið geta að sér þjálfun og verklega kennslu nýrra starfsmanna. Verkefnið er liður í því að bæta fagmennsku í verslunarstörfum og verður það prófað í verslunum Samkaupa hér á landi. - ka

Fyrrverandi formaður verkefnisstjórnar talar þvert á orð iðnaðarráðherra:

## Í verndarflokk að faglegu mati

**VIRKJANAMÁL** Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi formaður verkefnisstjórnar um rammaáætlun, segir af og frá að fagleg sjónarmið hafi ekki búið að baki því að Norðlingaölduveita hafi verið sett í verndarflokk í rammaáætlun.

„Nei, það er af faglegum ástæðum sem að Norðlingaölduveita lendir í verndarflokki. Það eru fullkomlega faglegar ástæður og það hafði enginn stjórnmálamaður nein afskipti af því,“ segir Svanfríður.

Hún segir ýmsa samverkandi þætti hafa verið þess valdandi að Norðlingaölduveita sé í verndarflokki. „Þegar ákvörðun var tekin um Norðlingaölduveitu var ekki síst litið til þess að Alþingi var búið að fjalla um Norðlingaölduveitu,“ segir Svanfríður.


SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR

Hún segir að náttúruverndaráætlun hafi meðal annars haft áhrif á matið. „Norðlingaölduveita var í rauninni komin hálfa leið inn í friðunarflokk af því að Alþingi hafði með náttúruverndaráætlun stækkað útmörk friðlandsins. Það var litið til þess sem Alþingi hafði áður tekið ákvörðun um,“ segir Svanhildur. Orð Svanfríðar eru þvert á orð iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 á föstudaginn að skipun Norðlingaölduveitu í verndarflokk hefði verið „pólitísk ákvörðun tekin af Alþingi og í krafti síðasta meirihluta“. - js

Ólöglegir þvælast fyrir:

## Segja mikla þörf á aðgerðum

**ATVINNUMÁL** Markaðsstofa Norðurlands hefur áhyggjur af auknum umsvifum ólöglegrar atvinnustarfsemi í ferðaþjónustunni. Í tilkynningu seigir að mikil þörf sé á markvissum aðgerðum til þess að sporna við slíkri starfsemi, einkum í tengslum við leyfislausa gistingu, bílaleigur og ferðaskipuleggjendur. Skorað er á Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að beita sér af hörku gegn ólöglegri atvinnustarfsemi innan geirans. - le

Orðrómur um meira litaval:

## Nýr iPhonesími í gulllit

**HÖNNUN** Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Telegraph er uppi orðrómur um að iPhone 5S-síminn muni verða fáanlegur í gulllit innan skamms, en hingað til hafa símarnir einungis verið til í svörtu og hvítu.



Ef rétt reynist mun litnum líklega svipa til litar á iPod mini, sem er fáanlegur í gullllituðu, en liturinn er mattur og heldur daufur.

Talið er að Apple sé með þessu að reyna að höfða betur til kaupenda í Kína og á Indlandi en þar eru gylltir símar einstaklega vinsælir meðal neytenda. - le

# Sýrlandsher sakaður um að beita efnavopnum á borgara

Stjórn Assads Sýrlandsforseta sökuð um efnavopnaárás í einu úthverfa höfuðborgarinnar Damaskus. Ljóst þykir að hundruð hafi látist. Stjórnarandstæðingar segja 13 hundruð hafa týnt lífi. Mörg börn eru meðal hinna látnu.

**SÝRLAND** Stjórnarandstæðingar í Sýrlandi saka stjórnarherinn um efnavopnaárás, sem kostað hefur hundruð manna, ef ekki vel yfir þúsund, lífið í einu úthverfa höfuðborgarinnar Damaskus.

Sýrlandsstjórn segir ekkert hæft í þessu en myndir af fjölmörgum líkum barna og fullorðinna sýna að mannfallið er mikið. Engin skotsár sjást á líkunum og blóð sést ekki heldur.

Samtök, sem hafa höfuðstöðvar í Bretlandi en fylgjast með mannréttindabrotum í Sýrlandi, segja að eiturgasi hafi verið skotið með flugskeytum bæði af jörðu og úr lofti á bæinn Arbin, sem er rétt austan við Damaskus.

Nokkra furðu vekur að stjórnarherinn skuli ákveða að beita efnavopnum einmitt nú, þegar tuttugu manna sendinefnd sérfræðinga frá Sameinuðu þjóðunum er nýkomin til landsins til að kanna ásakanir um að efnavopnum hafi verið beitt á þremur stöðum í borgarastríðinu þar.

Frakkar, Bandaríkin og fleiri ríki hafa nú krafist þess að þessi efnavopnahópur Sameinuðu þjóðanna haldi án tafar til Arbin að kanna ummerki þar og komast til botns í málinu.

Tölur um mannfall hafa verið nokkuð á reiki. Á myndunum sjást tugir líka. Samtök stjórnarandstæðinga tala um að meira en hundrað hafi látist, en sumir stjórnarandstæðingar segja meira en 1.300 manns látna.

Misvísandi tölur af þessu tagi eru algengar í kjölfar mannskæðra árása í Sýrlandi, þar sem stjórnin heimilar ekki óháðum fréttamönnum og samtökum aðgang að upplýsingum.

Upplýsingaráðherra Sýrlands sagði ásakanirnar tóman tilbúning og til þess eins ætlaðar að afvegaleiða eftirlitsmennina frá Sameinuðu þjóðunum.

„Ef Sýrlandsstjórn hefur ekkert að fela og vill í raun að gerð verði óháð og trúverðug rannsókn á notkun efnavopna í Sýrlandi, þá mun hún veita hópi Sameinuðu þjóðanna tafarlausan og óhindraðan aðgang að þessum stað,“ segir Josh Earnest, talsmaður Bandaríkjastjórnar.


**ÁRÁSIN KOSTAÐI HUNDRUÐ, EF EKKI ÞÚSUNDIR LÍFIÐ** Skelfilegar myndir birtust í gær af líkum barna jafnt sem fullorðinna í Arbin. NORDICPHOTOS/AFP

Átökin í Sýrlandi hófust með friðsamlegum mótmælum í mars árið 2011 og hafa stigmagnast með hverjum mánuðinum sem líður. Þau hafa kostað meira en hundrað þúsund manns lífið.

gudsteinn@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL**

### Fundaði um norðurslóðir

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fundaði í gær með Patrick Borbey frá Kanada, formanni embættismannanefndar Norðurskautsráðsins. Kanada fer með formennsku í ráðinu næstu tvö árin. Gunnar Bragi ræddi mikilvægi norðurslóða í utanríkisstefnu stjórnvalda og mikilvægi Norðurskautsráðsins fyrir alþjóðasamvinnu á norðurslóðum.





**FRUMBYGGJAR** Mashcu-Piro þjóðflokkurinn hefur búið einangraður í frumskógum Perú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðflokkur í Perú ósáttur:

## Veifa sveðjum í mótmælaskyni

**PERÚ, AP** Mashcu-Piro þjóðflokkurinn í Perú hefur stigið fram úr einangrun vegna rasks frá ólöglegu skógarhöggi og smyglurum.

Yfir hundrað frumbyggjar birtust vopnaðir sveðjum og bogum á bakka árinnar Las Piedras og höfðu í hótunum við íbúa þorpsins Monte Salvado hinu megin árinnar. Þeir eru sagðir hafa krafist þess að fá banana, reipi og sveðjur og sneru við þegar þeim var bent á bananastæðu þeirra megin árinnar.

Í Perú er bannað að hafa samskipti við 15 þjóðflokka sem þar búa enn einangraðir í skóglendi í hlíðum Andesfjalla. Talið er að þar búi 12 til 15 þúsund manns. - gb




www.a4.is / sími 580 0000
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

A4

ÖRYGGISMÁL Á SJÓ OG LANDI

# Mistökum verður aldrei útrýmt

Tekist hefur að fækka dauðaslysum á Íslandi verulega. Ár koma og fara án þess að þjóðin missi menn í sjóinn. Í umferðinni hefur náðst mikill árangur en hægar gengur þegar litið er yfir lengri tímabil. Þeir sem gerst þekkja leggja þunga áherslu á fræðslu og bætta löggæslu.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Þrjú dauðaslys í umferðinni á aðeins einni viku, þar sem fjórir einstaklingar létu lífið, vöktu enn á ný upp umræðuna um öryggismál. Óumdeilt er að mikill árangur hefur náðst við að fækka alvarlegum slysum í umferðinni á undanförnum árum, sem á einnig við um vinnutengd slys á sjó og landi á síðustu áratugum. En hvert er næsta skref í öryggismálum, bæði á sjó og í landi?

### Fræðslan mikilvæg

Sverrir Konráðsson, sérfræðingur á siglingasviði Samgöngustofu, segir að vissulega sé mikill árangur á sviði öryggismála sjómanna eftirtektarverður. Hann segir að þann árangur megi þakka framförum á fjölmörgum sviðum; í auknum kröfum um fræðslu og öryggisþjálfun sjómanna, betri skipum og betri öryggisbúnaði á skipum, sífellt betri og aðgengilegri upplýsingum um veður og sjólag, vöktun skipa og skipaeftirliti, auk lögskráningu sjómanna og ströngum mönnunarreglum.

„Ég held þó að ástæða sé til að taka sérstaklega út Slysavarnaskóla sjómanna sem var stofnaður árið 1985. Í dag má vart finna sjómann sem ekki hefur lokið þessu námi, nema þá aðeins fáeina stráka sem eru að hefja störf. Þar eru menn þjálfaðir við raunaðstæður, eins og með þyrlu. Erlendis fer svipuð þjálfun víða fram í sundlaugum,“ segir Sverrir. „Í þessu samhengi verður líka að hafa hugfast að kvótakerfið hefur breytt miklu, að ég tel. Sjómenn eiga aðeins tiltekinn afla og sækja því ekki nærri því eins fast. Flestir tefla því ekki í tvísýnu, eins og kannski áður var.“

Þótt dauðaslysum meðal íslenskra sjómanna hafi fækkað mikið er mikilvægt að viðhalda stöðugum umbótum í þágu öruggra siglinga. En hvernig verður það best gert?

Sverrir segir nærtækast að þróa áfram það sem vel hefur verið gert og vera á stöðugum verði. „Það sem alltaf er verið að berjast við er mannlegi þátturinn. Við getum misst þetta frá okkur aftur og er þess skemmst að minnast að fjögur banaslys urðu á íslenskum sjómönnum á árinu 2012.“

### Stendur í stað

Ágúst Mogensen, rannsóknastjóri Rannsóknarnefndar samgönguslysa, segir að orsakagreiningar í gegnum tíðina sýni alltaf það sama er kemur að dauðaslysum. Hlutföll standi í stað ár frá ári hvað varðar ölvunar- og hraðakstur og bílbeltanotkun, eða vöntun þar á.

„Hvað varðar hraðaksturinn leggjum við þunga áherslu á löggæsluna og okkur hefur sýnst að hraðamyndavélar hafi gefið góða raun. Ég held að mikilvægt sé að fjölga þeim umtalsvert. Þetta á við um þéttbýlisstaði úti um landið, rétt eins og á fjölförnustu leiðunum frá borginni.“

Ágúst leggur þunga áherslu á að fátt komi í stað sýnilegrar löggæslu við að efla umferðaröryggi. „Við megum hreinlega ekki missa þau mál frá okkur. Það er afar brýnt að meira fjármagn sé veitt til löggæslunnar, og það fyrr en seinna.“

### Fælingarmáttur

Spurður hvort fælingarmáttur með þyngri sektargreiðslum eða öðrum viðurlögum sé fær leið segir Ágúst að slíkt virki á ákveðna hópa. „En ef við erum að horfa á ölvunar- og lyfjaakstur verðum við að fjölga úrræðum. Það er tiltekinn hópur samfélagsþegna sem á við vanda að stríða og það þarf að mæta því sérstaklega,“ segir Ágúst.

Michael G. Dreznes, aðstoðarforstjóri International Road Federation, hélt fyrirlestur hér á landi í apríl. Dreznes sagði að mistökum í umferðinni verði aldrei útrýmt. Ökumenn séu aðeins mannlegir og því vitað mál að þeir muni sofna undir stýri, gleyma sér við að hækka í útvarpinu eða kíkja á símann, keyra of hratt eða undir áhrifum. Slík mistök eigi hins vegar ekki að vera dauðadómur og lagði hann áherslu á ábyrgð þeirra sem annast hönnun og gerð vega.

### Jákvæð teikn

Ágúst segir dæmin sanna mikilvægi þess að bæta vegakerfið. Reykjanesbrautin sé nærtækt dæmi en það sé leiðin á milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar einnig. „Það er mönnum bara ekki ferskt í minni hvað sá vegarkafli var hættulegur og má sennilega segja að það hafi verið einn hættulegasti vegarkafli landsins á sínum tíma,“ segir Ágúst um þá góðu reynslu sem er af því að breikka vegi þar sem umferð er mikil. Almennt séð leggur Ágúst þunga áherslu að umhverfi sé lagað í kringum vegi, þeir breikkaðir og umhverfið hreinsað. „Þannig að ef eitthvað gerist verði ekki mikil meiðsli. Svo eru einfaldir hlutir eins og vegrið og fleira.“

Ágúst nefnir ökunám á Íslandi sem einn þátt sem hefur þróast á mjög jákvæðan hátt. „Námið hefur tekið stakkaskiptum. Verkefni og kröfur hafa aukist í ökuskólunum, svo ekki sé talað um byltinguna sem fólst í því að taka upp æfingarakstur. Við erum að fá mun betri ökumenn inn í umferðina núna, því hver einasti klukkutími í þjálfun skiptir máli. Tölur sýna þetta svart á hvítu. Slysum hjá yngstu ökumönnunum hefur fækkað um 20 til 30% á tiltölulega stuttum tíma.“










### ➜ Eins og mannfall í stríði

Dauðaslys eru alltaf óásættanleg. Því er það dapurleg lesning að horfa aftur um fjóra áratugi til að fá yfirlit yfir hversu margir hafa látið lífið við störf sín eða í umferðinni. Eru þá fjölmörg önnur slys þar sem dauði hlýst af ekki tekin með í myndina, til dæmis heimilis- og frístundaslys.

Öfgarnar er varða dauðaslys á sjó vekja fyrst athygli. Á árunum 1971 til 1980 létust 203 menn í slysum á sjó, samkvæmt tölfræði frá Rannsóknarnefnd sjóslysa, en 21 á árunum 2001 til 2010. Svo brá við árin 2008 og 2011 að enginn lét lífið við vinnu sína á sjó og hljóta allir að dvelja nokkuð við þessa staðreynd. Kannski sérstaklega í ljósi þess að 403 íslenskir sjómenn létust á árabilinu 1971 til 2010 við vinnu sína á Íslandsmiðum, eða tíu menn árlega að jafnaði.

Í landi létust 74 við vinnu sína á áttunda áratugnum. Þeim hefur fækkað jafnt og þétt síðan; 21 lést í vinnuslysum í landi árin 2001 til 2010. Án þess að tölfræði í þessu samhengi sé ónothæf í beinum samanburði þá er fækkun dauðaslysa í umferðinni ekki eins stórstíg. Árin 1971 til 1980 létust 257 einstaklingar; 246 áratuginn á eftir og 206 árin 1991 til 2000. Árin 2001 til 2010 lést 201 en slysum fer hraðar fækkandi en þessar tölur gefa til kynna ef horft er nær okkur í tíma. Árin 2003 til 2012 létust 169 í umferðinni.




Viðhaltu fegurðinni.
NÝ BB KREM
NÝTT VISIBLE DIFFERENCE BB CREAM, MULTI TARGETED MEÐ SPF 30
Þetta nýja BB krem hentar öllum húðgerðum, jafnar húðlit og gefur geislandi og heilbrigt útlit, veitir að auki góðan raka og fallegan ljóma. Verndar húðina gegn sindurefnum og sólargeislum.
20 % KYNNINGARAFSLÁTTUR AF VISIBLE DIFFERENCE LÍNUNNI
vikuna 22. - 28. ágúst í Hagkaup Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.
Fallegir kaupaukar** fylgja með Ceramid, 8Hour og Green Tea línunum.
Elizabeth Arden
NEW YORK
**Gildir til 28.ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# MacBook Pro 13"




Skólatilboð: **199.990.-*** Vörunr. Z0MT

Fullt verð: 209.990.-

Tölvukaupalán Landsbankans

## iPhone 5



**2.000 kr** símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 5 **hjá NOVA**

Tölvukaupalán Landsbankans

Verð frá: **119.990.-**

## iPhone 4/4S



**1.000 kr.** símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir iPhone 4 **hjá NOVA**

**1.000 kr.** símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S **hjá NOVA**

Verð frá: **69.990.-**

Tölvukaupalán Landsbankans

Námufélagar Landsbankans eiga kost á **tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma láni** að hámarki **250.000 kr.** og til allt að **48 mánaða**, á hagstæðum kjörum.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Skólatilboð gilda til 31. ágúst 2013.

epli.is

# MacBook Air

skólafélaginn þinn, allan daginn

Allt að

12 klst

Rafhlöðuending



Tölvukaupalán Landsbankans

**MacBook Air 11”** Vörunr. Z0NX

Skólatilboð: **179.990.-***

Fullt verð: 189.990.-

**MacBook Air 13”** Vörunr. Z0NZ

Skólatilboð: **209.990.-***

Fullt verð: 219.990.-

## iPad mini



**1 mán.** í **4G** áskrift á 0 kr. hjá **NOVA** fylgir

Verð frá: **59.990.-**

Tölvukaupalán Landsbankans

## iPad 4



**1 mán.** í **4G** áskrift á 0 kr. hjá **NOVA** fylgir

Verð frá: **89.990.-**

epli.is

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

Nýjung í ritfangaverslun:

## Heimakærir þurfa ekki út

Þeir sem ekki vilja lenda í ösinni í ritfangaverslunum á þessum árstíma geta nú fengið ýmis ritföng send heim að dyrum hjá netversluninni Heimkaup.

Verslunin býður upp á þá nýjung á heimasíðunni að hægt er að velja skóla barns og verslunin tekur saman allar vörur á listanum og reiknar heildarverð hans. Vörurnar eru síðan sendar heim án endurgjalds, samdægurs á höfuðborgarsvæðinu en að tveimur dögum liðnum á landsbyggðinni. - js

Nýtt skólaár er fram undan og vert að fara yfir nokkur atriði sem eru gagnleg foreldrum skólabarna:

# Útivistartíminn og umferðarreglurnar

Nú styttist í að skólar landsins hefji göngu sína á ný eftir sumarfrí og eflaust margir farnir að huga að skólaundirbúningi. Þegar skólataska er keypt er nauðsynlegt að vera með rétta stærð af tösku og stilla hana rétt. Ekki er ráðlegt að barn beri meira en 15% af eigin þyngd í skólatöskunni og gott er að muna að þyngstu bækurnar í töskunni eiga að hvíla sem næst baki barnsins.

Fjölmörg börn hefja nú sinn fyrsta vetur í grunnskóla og er vert fyrir foreldra að huga að öryggi barna sinna í umferðinni. Ráðlagt er að foreldrar gangi með börnum sínum frá heimilinu öruggustu leiðina að skólanum. Þegar dimma tekur er nauðsynlegt að börnin séu sýnileg ökumönnum í umferðinni og þarf því að ganga úr skugga um að endurskinsmerki séu til staðar á útifatnaði og á skólatöskunni. Einnig þurfa foreldrar að fara yfir umferðarreglurnar með börnum sínum og benda þeim á hvar sé leyfilegt að ganga yfir götur.

Hinn 1. september breytast reglur um útivistartíma barna og unglinga. Börn 12 ára og yngri mega þá ekki vera lengur úti en til klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera lengur úti en til klukkan 22 nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. - ka



**KRAKKAR Í HLÍÐASKÓLA** Ekki er ráðlegt að barn beri meira en 15% af eigin þyngd í skólatöskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





NÆSTU VIÐBURÐIR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR:

FIMMTUDAGUR 22. ÁGÚST



Stephen Burns Baldvin Oddsson

Kl. 20.00

Kvöld trompetanna

Hátíðarhljómar á Kirkjulistahátíð - Trompet og orgel

Verðlaunatrompetleikarinn Stephen Burns (Chicago), Douglas Cleveland orgel (Seattle) og ungstjarnan Baldvin Oddsson trompet.

Á efnisskránni er Telemann, Konsert fyrir tvo trompeta eftir Vivaldi o.fl.

*Miðaverð: 3.000 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).*
*Miðinn gildir einnig á tónleikana Hin hliðin sem hefjast kl. 22.00.*



Ari Bragi Kárason Eyþór Gunnarsson

Kl. 22.00

Hin hliðin - Jazztónleikar

Ari Bragi Kárason (trompet) og Eyþór Gunnarsson (píanó) leiða saman hesta sína. Tónleikarnir eru í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur.

*Miðaverð: 2.000 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).*

FÖSTUDAGUR 23. ÁGÚST

Nýjar víddir orgelsins



Sjálfspilandi orgel?!

Framsæknir tónlistar- og myndlistarmenn frumflytja ný tónverk á Klaisorgelið með tölvum sínum.

Tónleikastjóri: G. Vignir Karlsson (Kippi Kanínus)

*Miðaverð: 2.500 kr. (1.000 kr. fyrir námsmenn)*

Miðasala í Hallgrímskirkju sími 510 1000 og á midi.is

Nánari upplýsingar á kirkjulistahatid.is




**RITFANGAVERSLANIR** Fólk flykkist nú í ritfangaverslanir til að búa sig og sína undir skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikill verðmunur er á innkaupalistum

Mörgum þúsundum getur munað á því sem nemendum í yngstu bekkjum er gert að kaupa inn fyrir skólaárið. Innkaupalistar frá sumum skólum eru ítarlegir og gera kröfur um að keypt séu sérstök áhöld en aðrir gera einfaldari kröfur.

**NEYTENDAMÁL** Nú þegar skólahald fer af stað gefa flestir grunnskólar út innkaupalista fyrir foreldra skólabarna. Mikill verðmunur getur verið á því sem kaupa þarf eftir því í hvaða skóla barnið er.

Þannig gefa sumir skólar út langa og ítarlega innkaupalista en aðrir listar eru mjög einfaldir og kveða einungis á um pennaveski og einföld skriffæri. Í þeim tilfellum kaupa kennararnir stundum inn fyrir börnin og foreldrarnir greiða skólanum svo efnisgjald.

Á sumum listum má sjá hluti eins og talnagrindur, sérstaka teikniblýanta og reiknivélar fyrir nemendur í fyrsta bekk.

Sem dæmi má nefna að innkaupalisti Hólabrekkuskóla í Breiðholti gerir ráð fyrir því að nemendur kaupi talnagrind, reiknivél, spilastokk og hvorki meira né minna en sex stór límstifti. Vörurnar á listanum kosta 13.072 krónur í vefverslun Heimkaupa.

Til samanburðar þarf að greiða 4.884 krónur í vefversluninni fyrir innkaupalista grunnskólans á Egilsstöðum og ekkert efnisgjald er greitt í skólanum. Munurinn hleypur því á rúmum 8.000 krónum.

Innt eftir því hvers vegna svo mikill munur er á innkaupalistunum segir Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri í Hólabrekkuskóla: „Börnin eiga þetta oft mjög lengi. Þetta fylgir þeim oft í mörg ár, til dæmis talnagrindin.“



**FYRSTU SKÓLADAGARNIR FARA Í HÖND** Allmiklu getur munað á verði námsgagna sem gert er ráð fyrir að grunnskólabörn mæti með í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 57% verðmunur á skólabókum

Samkvæmt verðlagskönnun ASÍ er allt að 57% verðmunur á nýjum skólabókum í skólabókaverslunum.

Forlagið og A4 voru oftast með lægsta verðið á nýjum bókum en níu titlar af 32 voru ódýrastir hjá þeim. Griffill kom þar á eftir með lægsta verðið á sjö titlum og Bóksala stúdenta á sex. Bókabúðin IÐNÚ var oftast með hæsta verðið á nýjum bókum eða á sautján titlum af 32, Bóksala stúdenta á sex og Eymundsson á fimm.

Hún segir börnin kaupa mikið af límí vegna þess að þau föndra mikið til að byrja með.

„Það er mjög mikil sköpun í byrjendalæsi hjá okkur sem skýrir þörfina fyrir föndurvörur og margt af því sem er á listanum er eitthvað sem er til á flestum heimilum fyrir, til dæmis vatnsbrúsi, spilastokkur og vasareiknir. Þetta er svona startpakki fyrir skólann hjá þeim,“ segir Hólmfríður G. Guðjónsdóttir. johanness@frettabladid.is


Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti!
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


MÁLNING
LÆGRA VERÐ
10 lítrar. Útimálning 9.745kr 12.995
HarpaSjöfn Aðeins í
HarpaSjöfn
ÚTITEX
AKRYL 5
10 ltr.
Akrylmálning á múr úti
Hvítt
HarpaSjöfn Útitex 10 ltr - fyrir íslenskar aðstæður.
Útitex er sérhönnuð útimálning fyrir íslenskar aðstæður.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7120001-7120006
10 lítrar. Innimálning 7.995kr 9.995
HarpaSjöfn Aðeins í
HarpaSjöfn
POLYTEX
VEGG 7
10 ltr.
Silkimött veggmálning inni
PVA • Hvítt
HarpaSjöfn Polytex 7 veggmálning 10 ltr
Polytex 7 er sterk veggmálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119970-7119977
10 lítrar. Innimálning 3.995kr
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
IMPRA
Vägg Væg Vegg
Impra veggmálning 10 ltr
Mött veggjamálning til notkunar innanhúss.
Gljástig 5, litur hvítur.
Vnr: 7119964
10 lítrar. Innimálning Akrýl 11.996kr 14.995
HarpaSjöfn
POLYTEX
AKRÝL 10
HarpaSjöfn Akryl 10 veggmálning 10 ltr
Polytex 10 er silkimött akrýlmálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119980
10 lítrar. Loftamálning 6.936kr 7.995
HarpaSjöfn
POLYTEX
LOFT 2
HarpaSjöfn Loftamálning 10 ltr
Polytex Loft 2 er sterk mött loftamálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119968
Jumbo trappa 3.995kr 4.995
Rúllusett og bakki 18 cm 995kr
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Bygma 300ml akrýlkítti 349kr 499
BYGMA
FUGEMASSE 300 ml
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
Tilboð gilda í ágúst meðan birgðir endast.




Ráðstefna um áhættustjórnun til þess að styrkja í fjármálakerfi heimsins:

# Creditinfo upplýsir þróunarlöndin

Íslenska fyrirtækið Creditinfo stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áhættustjórnun í Prag í Tékklandi nú í september.

„Kjarninn í ráðstefnunni er fyrst og fremst að fá færustu aðila í áhættustjórnun viðskipta til að miðla þekkingu sinni og reynslu, til þess að lönd sem hafa minni þekkingu geti tekið ákvarðanir sem eru byggðar á upplýsingum og þekkingu,“ segir Samúel White, sérfræðingur á viðskiptaþróunarsviði hjá Creditinfo.


REYNIR GRÉTARSSON

Ráðstefnan er meðal annars hugsuð til þess að auka þekkingu í þróunarríkjum. „Þessi vanþróaðri markaður, eins og í Afríku, er nú að koma sér upp fjárhagsupplýsingakerfum til þess að geta tryggt heilbrigt viðskiptalíf.“

Creditinfo opnaði nýlega skrifstofu í Tansaníu og bendir Samúel á að meiri þekking í vanþróaðri ríkjum auki hagvöxt til langs tíma og að mikilvægt sé að auðvelda fyrirtækjum þar að verða sér úti um lánsfjármagn á viðráðanlegum kjörum.

Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo, segir upplýsingar grundvallaratriði í nútímaefnahagslífi. Þær eigi að nýta til að auðvelda stjórnendum og starfsfólki fyrirtækja að taka upplýstar ákvarðanir. - le

# Seðlabanki sagður linur í verðbólguslag

**Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum. Greiningardeildir viðskiptabankanna undrast að ekki séu áform um að hækka stýrivexti miðað við svarta verðbólguspá. Greiningardeildirnar spá yfir 4% verðbólgu.**

„Tónninn er ekki eins harður og við höfðum gert ráð fyrir og ég hélt að nefndin myndi koma með meiri sýn á það hver stefna þeirra verður með haustinu. Við veltum því fyrir okkur hvort sú leikáætlun sem lagt var af stað með í vor sé að virka sem skyldi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, um þá ákvörðun Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Ásdís segir að Seðlabankanum hafi ekki tekist að endurheimta þann gjaldeyri sem nýttur hefur verið til að styðja við krónuna. Þá hafi horfurnar ekki skánað úti í heimi og viðskiptakjör séu að versna enn frekar, þannig að útlitið sé ekki gott. Hún telur erfiða kjarasamninga fram undan. „Við teljum að peningastefnunefndin hefði mátt vera skýrari um hvers megi vænta ef við sjáum hér óhóflegar launahækkanir í vetur,“ bætir Ásdís við. Seðlabanki Íslands tilkynnti í gær að vöxtum bankans yrði ekki breytt þrátt fyrir svarta verðbólguspá.

Greiningaraðilar undrast mildi yfirlýsingarinnar og segjast hafa búist við harðari viðbrögðum við lakari verðbólguvæntingum og versnandi horfum. „Mér þykir undarlegt af hverju þeir gefa ekki meira undir fótinn með hækkun á stýrivöxtum á næstunni til þess að ná þessum væntingum niður og þannig lenda málinu á skynsamlegum nótum,“ segir Ingólfur Bender, yfirmaður Greiningar Íslandsbanka. „Mér þykir bankinn taka á versnandi verðbólguhorfum með linkind.“


**ÁKVÖRÐUN KYNNT** Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri kynntu vaxtaákvörðun bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


INGÓLFUR BENDER


ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Bæði greiningardeild Íslandsbanka og greiningardeild Arion banka spá því að verðbólgan verði komin yfir fjögur prósent með haustinu, en það er yfir svokölluðum vikmörkum Seðlabankans um verðbólgumarkmið.

Seðlabankinn er ekki jafn svartsýnn í verbólguspá sinni. Fram kemur í yfirlýsingu peningastefnunefndar að verðbólga muni aukast lítillega á seinni hluta ársins og hjaðna á ný í átt að markmiði í byrjun næsta árs.

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri sagði að bankinn þyrfti að horfa á verðbólguþróun til lengri tíma og að ekki væri hægt að bregðast við launaþróun fyrir fram.

Ingólfur Bender bendir þó á að aðilar vinnumarkaðarins miði sínar kröfur við verðbólguvæntingar og því þurfi einmitt að bregðast við aukinni verðbólgu áður en gengið er til kjarasamninga. „Ef maður les í orð og aðgerðir bankans virðast þeir ekki vera að bregðast við slæmum horfum.“

lovisa@frettabladid.is

Tryggingamiðstöðin fær viðurkenningu í endurnýtingu á smáraftækum:

# TM endurnýtir rafeindabúnað

Tryggingamiðstöðin hf. (TM) hefur verið valið fyrirmyndarfyrirtæki í endurnýtingu á smáraftækjum.

Græn framtíð, sem sérhæfir sig í endurnýtingu á gömlum og gölluðum smáraftækjum, veitti fyrirtækinu viðurkenningu í gær fyrir umhverfisvæna starfshætti með því að fylgja eftir réttum ferlum við meðhöndlun á búnaði.

„TM fær mikið magn af rafeindabúnaði, eins og farsímum og fartölvum, vegna tjónamála. Allur slíkur búnaður er endurnýttur í samstarfi við Græna framtíð,“ segir Kjartan Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri tjónaþjónustu TM. Kjartan bætir við að mikilvægt sé fyrir umhverfið að gefa raftækjunum nýtt líf.

Bjartmar Alexandersson, framkvæmdastjóri Grænnar framtíðar, segir að viðskiptavinir TM geti verið öruggir um að gögn þeirra séu í traustum höndum. „Því miður getur átt sér stað að raftæki einstaklinga lendi í höndum aðila sem ekki virða reglur um gagnaöryggi. Af þeim sökum er afar mikilvægt að tryggingafélög búi yfir réttum ferlum við meðhöndlun á rafbúnaði vegna tjónamála. Það er okkur því gleðiefni að útnefna TM fyrirmyndarfyrirtæki í endurnýtingu á smáraftækjum árið 2013.“ - le


**GEFA RAFTÆKJUM NÝTT LÍF** Kjartan Vilhjálmsson og Ólafur Haukur Ólafsson taka við viðurkenningu frá Bjartmari Alexanderssyni. MYND/TM

# GEGGJAÐUR SKÓLAHASAR

**Gildir meðan birgðir endast!**



## ÖFLUG VÉL MEÐ CORE i7 ÖRGJÖRVA

acer

### Acer Aspire V3-571-73634G50Makk

- Örgjörvi - 2.20 / 3.20GHz Turbo Intel Core i7-3632QM - Quad core með 6MB flýtiminni
- Minni - 8GB DDR3 1333MHz 204pin
- Harðdiskur - 500GB SATA hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- Skrifari - DVD-RW skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- Skjár - 15.6" WideScreen WXGA TFT LED 16:9 með 1366x768 upplausn
- Skjákort - Intel HD 4000 skjástýring
- Netkort - Gigabit 10/100/1000 netkort
- Þráðlaust - 300Mbps þráðlaust netkort og Bluetooth 4.0
- Myndavél - Innbyggð Acer CrystalEye 1.3MP myndavél í skjá
- Stýrikerfi - Windows 8 64-BIT
- Tengi - 2xUSB 2.0, 1xUSB 3.0, HDMI, VGA, kortalesari o.fl.
- Rafhlaða - Li-ion rafhlaða, ending allt að 4,5 tímar

**Core i7 og 8GB minni**

Verð AÐEINS **129.950**

## HAGKVÆM SKÓLAVÉL



15,6"

TOSHIBA

### Toshiba Satellite C855-2FK

- Intel Pentium B960 Dual core örgjörvi
- 6GB DDR3 minni
- 750GB hljóðlátur harðdiskur
- 15.6" WXGA TFT LED skjár
- 1x USB 3.0, 2x USB 2.0, VGA, HDMI, kortalesari o.fl.
- Intel HD Graphics skjákort
- Windows 8

intel

97.950

Verð AÐEINS **84.950**

## GÓÐ VINNUSTÖÐ

COOLER MASTER · AMD



### AMD TÖLVA 1

- CoolerMaster Elite 342 mini turn
- AMD Richland A4-4000 DualCore
- 4GB DUAL DDR3 minni
- 500GB SATA3 diskur
- Radeon HD7540D 2GB skjákjarni
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

Verð AÐEINS **69.950**

## ÖFLUG HEIMILISTÖLVA

COOLER MASTER · intel



### INTEL TÖLVA HAS1

- CoolerMaster Elite 335 midi turn
- Core i5 4430 Haswell 3,2GHz Turbo, QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Intel HD Graphics skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

Verð AÐEINS **114.950**

## ÖFLUG LEIKJAVÉL

COOLER MASTER · intel



### INTEL TÖLVA HAS2

- CoolerMaster Elite K350 turn
- Core i5 4570 Haswell 3,8GHz Turbo QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Radeon HD7850 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

Verð AÐEINS **159.950**

## KLÁR Í LEIKINA OG SKÓLANN

TOSHIBA

### Toshiba Satellite P50-A-11M

- Turbo Intel Core i7-4700MQ Quad core örgjörvi
- 16GB DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA harðdiskur
- 15.6" TFT-eDP 1920x1080 LED skjár
- nVidia GeForce GT 745M skjákort
- Windows 8 64-BIT



15,6"

**FULL HD SKJÁR**

intel

279.950

Verð AÐEINS **209.950**



SAMSUNG

### Samsung ML-2160

Laserprentari með USB 2.0. Prentar allt að 20 bls. á mín í A4. Allt að 1200x1200 dpi upplausn. Windows, MAC OS X, Linux.

Verð AÐEINS **9.750**



3TB

Seagate

### Seagate Expansion 3TB

Vandaður USB 3.0 flakkari frá Seagate. Stílhrein og flott hönnun.

Verð AÐEINS **24.750**



AOC · 23,6"

### AOC E2450SWDAK

Þunnur 23.6" LCD skjár með Full HD 1920x1080 upplausn, 20.000.000:1 í skerpu og 5ms svartími. VGA og DVI tengi.

Verð AÐEINS **28.750**

## EIN ÖFLUGASTA LEIKJAVÉLIN

TOSHIBA

### Toshiba Qosmio X870-156

- 2.40GHz / 3.40GHz Turbo Intel Core i7-3630QM - Quad Core
- 8GB DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA harðdiskur
- 17.3" TFT LED 1920x1080 LED skjár
- GeForce GTX 670M skjákort
- 4xUSB 3.0, VGA, HDMI, kortalesari o.fl.
- Windows 8 64-BIT



17,3"

**17,3" FULL HD SKJÁR**

intel

279.950

Verð AÐEINS **259.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

## HÁTÍÐIR HELGARINNAR

**Sveitasæla í Skagafirði**
**laugardaginn 24. ágúst 2013**
Sveitasælan, sem er landbúnaðarsýning og bændahátíð, verður haldin í og við reiðhöllina Svaðastaði á Sauðárkróki, laugardaginn 24. ágúst 2013. Þar koma bændur og búalið saman til skrafs og skemmtunar. Handverksfólk og seljendur vinnuvéla munu vissulega nýta tækifærið og sýna það sem upp á er að bjóða í sínu fagi. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mun ekki láta sig vanta. Þegar dagur er að kvöldi kominn verður að sjálfsögðu haldin kvöldvaka að sveitasið. Bændur munu þar reyna með sér í hinu svokallaða Bændafitness sem felst í því að komast yfir þrautabraut á góðum tíma.



## VEÐUR

**Föstudagur**
**10-18°C HLÝJAST FYRIR NORÐAN**
Víða rigning og jafnvel talsverð SA-til. Austlæg átt en snýst í vestan 8-13 S-til og dregur úr rigningu þar um kvöldið.

**Laugardagur**
**6-11°C ALLT AÐ 16 STIGUM A-TIL**
Norðvestan og vestan 8-10 m/s og dálítil væta með köflum, en suðvestan 10-13 og bjartviðri SA-til.

**Sunnudagur**
**8-13°C BREYTILEGAR ÁTTIR**
Vestlæg eða breytileg átt og skúrir eða dálítil rigning.



**HÁLENDIÐ** Kjalvegur er orðinn grófur og laskaður eftir sumarumferðina. Vegagerðin ráðleggur fólki á minni bílum frá því að láta á þá færð reyna. Nánari upplýsingar **vegagerdin.is eða 1777**.

## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI ÁSBYRGI



**SIGURÐUR PÁLSSON**

### Staðurinn skákar sjálfum skáldskapnum

Allir vita af dálætinu sem Sigurður Pálsson rithöfundur hefur af Parísarborg en Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvar hann kynni best við sig hér á landi. Það stóð ekki á svari þegar spurningin var borin undir hann. „Í Ásbyrgi,“ svarar hann að bragði. Það lá því beinast við að spyrja skáldið hvort það hafi ort í eða um Ásbyrgi. „Já og nei,“ svarar hann. „Í rauninni sáralítið. Ásbyrgi er svo ótrúlega magnaður staður að það er erfitt að gera grein fyrir honum í ljóði.“

Mörgum kann að þykja skáldið leiða okkur langt en eflaust er það barnið í honum sem er að færa sig nær æskustöðvum. Sigurður bjó nefnilega til táningsaldurs á Skinnastað sem er steinsnar frá Ásbyrgi. En hvenær fór hann síðast í þennan magnaða stað? „Það var í lok júní en þá var haldið upp á 40 ára afmæli Þjóðgarðsins. Þá fór ég með fríðan hóp í ljóðagöngu innst inn í Ásbyrgi. Hafði ég viðdvöl á þremur stöðum og fór með ljóð. Það var mikill fjöldi barna, ætli það hafi ekki verið hundrað manns í göngunni.“ Það er ekki oft sem slíkur fjöldi hlýðir á ljóðalestur nú til dags.



# Dagsferðir á hjóli í grennd við borgina

Nú þegar skólar eru að hefjast og sumarfrí afstaðin er upplagt að gleyma sér á ferð í fangi náttúrunnar en skila sér svo heim fyrir háttinn. Á hjólinu er hægt að ferðast til staða í grenndinni sem virðast þó framandi þegar grannt er skoðað.

Hjólreiðar eiga sífellt meiri vinsældum að fagna hér á landi. Albert Jakobsson, formaður Hjólreiðafélags Reykjavíkur, hefur séð manna skýrast ummerki þess. „Þegar ég byrjaði fyrir 25 árum var maður feginn ef tókst að fá tíu manns til keppni,“ segir hann. „Nú er nýafstaðin Bláalónsþrautin, sem er mikil hjólreiðakeppni, og keppendur voru 530. Ég hefði aldrei trúað þessu.“

Hjólreiðar eru einnig upplagður ferðamáti þar sem útivist og hreyfing eru með í för. Fréttablaðið ákvað að fá Albert til liðs við sig til að lýsa nokkrum tilvöldum hjólaleiðum í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

**1. Heiðmörk**
Þessi leið hefur þann kost að hægt er að hjóla frá hlaði heima og láta bílinn alveg eiga sig. Þeir sem búa nær vesturbæ Reykjavíkur geta farið frá Ægissíðu, hjólað áleiðis í Fossvog svo eftir Elliðaárdalnum í Norðlingaholt og farið svo eftir stígnum í Heiðmörk. Þeir sem búa austar í borginni geta farið Suðurlandsbrautina og að Knarrarvogi sem er gengt Geirsnefi og farið inn Elliðaárdalinn þar. Þeir sem búa í Garðabæ eða Hafnarfirði geta komist að Heiðmörkinni frá Vífilsstaðahlíð, skammt frá IKEA. Albert segir þessa leið henta öllum hópum hjólreiðafólks. Þeir eru margir staðirnir í Heiðmörk þar sem freistandi er að staldra við og rífa í sig nesti.
**Tími:** 3-4 klukkustundir.

**2. Djúpavatnsleið**
Ekin er Krísuvíkurleið frá Hafnarfjarðarhrauni í áttina til Grindavíkur en bílnum svo lagt við Vatnsskarð áður en komið er að Kleifarvatni. Þar kvíslast vegurinn. Bílnum er lagt og hjóluð Djúpavatnsleið en hún liggur að Djúpavatni. Svo er hjólað áfram að Vigdísarvöllum og aftur til baka. Kosturinn við þessa leið er að þar er engin umferð og Albert segir að útlendingar sem hann fór með þessa leið fyrir nokkru hafi vart haldið vatni af hrifningu. Hægt er að leyfa sér að afvegaleiðast í margar skemmtilegar gönguleiðir á leiðinni.
**Tími:** 2 til 3 klukkustundir.

**3. Hvalfjörður**
Hvalfjörðurinn lætur lítið yfir sér að mati Alberts fyrstu kílómetrana. Því mælir hann með því að farið sé á sjálfrennireiðinni að Félagsheimilinu Dreng. Þar sé upplagt að leggja og bregða sér á hjólið. Kosturinn við þessa leið er sá að víða er hægt að bregða sér af leið og kynnast leyndardómum fjarðarins sem vegfarendur á þjóðveginum fara á mis við. Það er algjör óþarfi að minnast á fegurðina við Glym hafi menn fyrir því að komast að honum. Hvalfjörðurinn er býsna langur svo menn skyldu hafa í huga hvenær þeir vilja snúa við en eins og gefur að skilja er ekki heiglum hent að komast í gegnum göngin á hjóli. Mátulegt væri að fara frá Dreng inn í botn og til baka. Vilji menn hins vegar loka hringnum má taka strætó Akranesmegin yfir fjörðinn. Ekki galin hugmynd.
**Tími:** 3 klukkustundir. Að fara allan fjörðinn tekur hins vegar mun meiri tíma.

**4. Þingvellir**
Ef menn vilja fara á bílnum alla leið að Þingvöllum þá er upplagt að bregða sér á hjólið við þjónustumiðstöðina og hjóla áleiðis að Öxarárfossi og að Valhöll. Síðan er hjólað meðfram vatninu að Vatnskoti, en þar má líta tóftir af síðasta sveitabænum á Þingvöllum. Þegar komið er að Vatnsvík er mátulegt að halda til baka. Það er ekki amalegt að hjóla í þjóðgarði.
**Tími:** 2 til 3 klukkustundir.



**ÞVÍ EKKI AÐ LEGGJA LAND UNDIR HJÓL?** Það eru leyndardómar víða í grenndinni sem fara fram hjá vegfarendum sem þeysast á bílum en fanga augu hjólreiðafólks.






**VIÐ DJÚPAVATN** Hjólað er frá Vatnsskarði.



**VINSÆLDIR HJÓLREIÐA AUKAST** Sífellt fleiri hjóla í frístundum og margar skemmtilegar hjólaleiðir eru í nálægð við höfuðborgina.


LOKADAGAR
TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!
ORMSSON
BT
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK / SKEIFAN 11
VERSLANIR UM LAND ALLT
SPARIDAGA
Komdu og gerðu frábær kaup!
SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
20% afsláttur



NÝ VERSLUN
NETTÓ GRANDA
OPIÐ
DAG&NÓTT
nettó
í sumarskapi
NAUTA PIPARSTEIK
FERSKT
2.659
ÁÐUR 3.799 KR/KG
afsláttur
30%
KJÚKLINGABRINGUR
DANSKAR - 900GR
1.399
ÁÐUR 1.794 KR/PK
KJÚKLINGJALEGGIR
BBQ
699
ÁÐUR 998 KR/KG
afsláttur
30%
ÍSFUGL
KJÖTSEL
NAUTABORGARAR
4X90GR M/BRAUÐI
599
ÁÐUR 798 KR/PK
afsláttur
25%
EKTA HRÁSALAT -
KARTÖFLUSALAT
375
ÁÐUR 469 KR/STK
PETER L. KAFFI
RAUÐUR
479
ÁÐUR 799 KR/STK
afsláttur
40%
Peter Larsen
Kaffe
LAMBAPRIME
KRYDDLEGIÐ
2.299
ÁÐUR 3.284 KR/KG
afsláttur
30%
PEPSI - PEPSI MAX
33CL DÓS
79
ÁÐUR 99 KR/STK
pepsi
MAX
Tilboðin gilda 22. - 25. ágúst
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# SKOÐUN

Á ekki alltaf að tilkynna grun um vanrækslu barna?

## Ekki hugsa bara um annað



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að barnaverndaryfirvöld í Reykjavík gagnrýndu sjúkrahúsið og meðferðarstofnunina Vog fyrir að senda þeim sárafáar tilkynningar um hugsanlega vanrækslu eða ofbeldi gagnvart börnum. Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, sagði að tilkynningar frá Vogi væru „teljandi á fingrum annarrar handar“.

Halldóra benti sömuleiðis á þann mun sem væri á fjölda tilkynninga frá Vogi og sambærilegum stofnunum Landspítalans og slysadeild. „Þar er tilkynnt um minnsta grun um vanrækslu vegna neyslu foreldris. Jafnvel þótt viðkomandi sé að koma þangað í fyrsta skipti. Þetta er mjög greinilega spurning um áherslur,“ sagði Halldóra.

Svör Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, hér í blaðinu voru býsna afdráttarlaus. Hann segir starfsfólk Vogs ekki hafa forsendur til að tilkynna grun um vanrækslu barna. „Við erum ekki að horfa á hegðun fólks heima við og við getum ekki gefið okkur það að fólk með fíkn vanræki börnin sín,“ segir hann.

Þórarinn segir starfsfólk Vogs ekki tilkynna allt sem það heyri, enda sé það ekki í aðstöðu til þess. „Við erum hreinlega að hugsa um annað. Það eru aðrir sem tilkynna um það ef börn eru vanrækt og við höfum ekkert með börn að gera. Við erum að fást við fíkn, ekki ofbeldismál.“

Þetta er að sumu leyti skiljanlegt viðhorf, ekki sízt út frá því að starfsfólk Vogs er vafalítið undir miklu álagi eins og flest annað heilbrigðisstarfsfólk og í mörg horn að líta. Um leið er þetta viðhorf hins vegar stórhættulegt.

Í barnaverndarlögum er kveðið á um skyldu þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna til að tilkynna til barnaverndarnefnda grun um að börn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni sjálf heilsu sinni og þroska í hættu. Ýmsar starfsstéttir eru sérstaklega taldar upp í þessari lagagrein: Leikskólastjórar, leikskólakennarar, dagmæður, skólastjórar, kennarar, prestar, læknar, tannlæknar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafar og þeir sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf. Sömuleiðis er tekið skýrlega fram að tilkynningaskyldan gangi framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Sumt af þessu fólki gæti auðvitað sagt sem svo að það sé að hugsa um annað en barnavernd. Prestarnir gætu til dæmis sagt að þeir væru að fást við andlegu málin, en ekki ofbeldismálin. Og að þeir væru of uppteknir af þeim til að rækja þá skyldu að tilkynna um grun um að barn væri vanrækt eða beitt ofbeldi. En það væri ekki forsvaranleg afstaða.

Svo er það nú einfaldlega svo að áfengis- og fíkniefnaneyzla kemur við sögu í alls konar málum sem varða vanrækslu og ofbeldi gegn börnum og málum þar sem börn fara sér sjálf að voða. Það vita allir.

Stjórnendur á Vogi eiga þess vegna að láta það boð út ganga að starfsmenn þar eigi að sinna þeirri skyldu sem þeim ber til að tilkynna hugsanlega vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum. Og allir aðrir sem bera sérstakar skyldur í þessu efni þurfa að muna að þeir eiga aldrei bara að „hugsa um annað“. Það viðhorf getur orðið til þess að gert sé á hlut barns, sem annars hefði verið hægt að bjarga.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Við geymum vagninn í vetur



Bjóðum upp á góða ferðavagnageymslu yfir veturinn, í upphituðu húsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Svæðið er girt af og vaktað.

Upplýsingar í síma 458 8269 eða á ferdavagnageymsla@gmail.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki svo óvæntar niðurstöður

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, kynnti í gær nýja skýrslu sem unnin var af Félagsvísindastofnun HÍ um traust á Alþingi. Samkvæmt niðurstöðum hennar bera einungis um 14% þjóðarinnar traust til Alþingis. Þetta eru sannarlega sláandi tölur. Telur einn af hverjum sjö Íslendingum virkilega ástæðu til þess að binda traust sitt við Alþingi? Jafnvel í ljósi síðustu fjögurra ára? Burtséð frá allri kerskni er því miður allsendis viðbúið að þrír af hverjum fjórum Íslendingum beri ekki traust til þingsins, en skýrslan sýnir líka fram á hverjir bera ábyrgð á ástandinu; þingmenn sjálfir.



### Ábyrgðin er hjá einstaklingum

Alls segja 79% svarenda að samskiptamáti þingmanna á Alþingi sé ástæða vantraustsins. Þetta er falleinkunn fyrir gífuryrða- og upphrópunarstílinn sem hefur ríkt í þingsal síðustu misseri. Óskandi væri að mikil nýliðun á þingi í þingkosningunum í vor gæfi von um breytingar, en nýliðarnir á síðasta kjörtímabili voru ekki beint barnanna bestir. Þetta liggur því allt hjá fólkinu sem opnar munninn í pontu og fjölmiðlum. Það er ekkert að því að tala tæpitungulaust, en skynugt fólk veit nákvæmlega hvar mörkin liggja.



### Saklaust fórnarlamb

Raunar vekur athygli að „aðeins“ 29% sögðu vantraust sitt á Alþingi beinast að stofnuninni sjálfri. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilega hátt hlutfall, sérstaklega í ljósi framferðis og orðfæris fólksins sem þar er inni. Það skýtur því skökku við að enginn líður fyrir það sem þar fer fram innandyra eins og Alþingishúsið sjálft, sem mátti alloft þola gusur af málningu, eggjum og mjólkurvörum, sem ollu varanlegum skemmdum.

**thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Skoðun á hatri og kærleika

TRÚMÁL



Árni Svanur Daníelsson
prestur og upplýsingafulltrúi Biskupsstofu.

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna ´78 skrifaði um skoðanir og hatursorðræðu í Fréttablaðinu í síðustu viku. Hún sagði þar:

„Svo ég taki dæmi um manneskju sem ber mikla ábyrgð í opinberri umræðu vil ég nefna biskup Íslands. Eftir því sem ég best veit kemur en til greina að hún taki þátt í samkomu þar sem aðalstjarnan er bandarískur predikari sem hefur það að gróðalind að miðla hatursáróðri um hinsegin fólk. Biskup segist sjálf annarrar skoðunar en predikarinn en hefur látið í ljós að hún telji best að nokkurs konar samtal fari fram.

Um leið og ég þakka henni kærlega stuðning við málstað hinsegin fólks vil ég spyrja hvort sá stuðningur mætti ekki vera afdráttarlausari.“

Biskup Íslands hefur ekki notað orðið „skoðun“ til að lýsa orðum Franklins Graham um samkynhneigða, það er komið annars staðar frá. Annars tek ég undir með Önnu Pálu að okkur beri að gera skýran greinarmun á skoðunum sem eru studdar rökum og áróðri sem byggir á hatri. Annað má rökræða. Hitt er ekki til umræðu.

Jesús mætti hatri með kærleika. Í því fólst ekki samþykki á hatrinu. Hann gaf ekkert eftir í baráttunni gegn ofbeldi.

**➜ Jesús mætti hatri með kærleika. Í því fólst ekki samþykki á hatrinu. Hann gaf ekkert eftir í baráttunni gegn ofbeldi. Hann fór ekki fram með yfirgangi heldur friðsemd og ákveðni. Við eigum að taka hann til fyrirmyndar.**

Hann fór ekki fram með yfirgangi heldur friðsemd og ákveðni. Við eigum að taka hann til fyrirmyndar.

Heiðarlegt og einlægt samtal ásamt hugrekki til að orða og afhjúpa ofbeldi er lykill að bætu samfélagi. Við eigum að nýta hvert tækifæri til að tala fyrir hinu góða og berjast gegn því slæma.

Þjóðkirkjan hefur tekið afstöðu með samkynhneigðum, réttindabaráttu þeirra og hjónabandi samkynhneigðra. Umræða undanfarinna daga hefur leitt í ljós að fordómar í garð samkynhneigðra leynast víða í samfélaginu. Við þurfum að taka höndum saman gegn þeim. Ég vona að Samtökin ´78 með Önnu Pálu Sverrisdóttur í forystu og þjóðkirkjan með Agnesi M. Sigurðardóttur í forystu geti átt gott og afdráttarlaust samstarf um það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ljúkum aðildarviðræðum

EVRÓPUMÁL



**Margrét Kristmundsdóttir**
formaður SVP–Samtaka verslunar og þjónustu



**Svana Helen Björnsdóttir**
formaður SI – Samtaka iðnaðarins

Það eru gömul sannindi og ný að hagur heimila og fyrirtækja er samtvinnaður. Það skiptir því miklu máli að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé með þeim hætti að þau standi undir þeim lífskjörum og kaupmætti sem almenningur væntir og telur eðlilegan og sanngjarnan.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé með þeim hætti að fyrirtækin geti blómstrað og staðið sig í alþjóðlegri samkeppni. Aðeins þannig geta fyrirtæki landsins boðið fólki vel launuð og eftirsóknarverð störf. Til að svo megi verða þarf að ríkja stöðugleiki, lágt vaxtastig og frelsi í fjármagnsflutningum. Við þurfum gjaldmiðil sem er gjaldgengur í alþjóðaviðskiptum og ekki má heldur gleyma að fyrirtækin þurfa vel menntað starfsfólk – og er þá fátt eitt talið.

Íslenskt atvinnulíf hefur búið við lítið af þessu undanfarin ár. Öllu alvarlegra er þó að fátt er í spilunum sem styður það að íslenskum fyrirtækjum muni standa til boða það rekstrarumhverfi sem talið er sjálfsagt í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við.

Hér þurfa íslensk stjórnvöld að girða sig í brók því ekki er nóg að segja í hátíðarræðum að koma þurfi hjólum atvinnulífsins af stað, að nauðsynlegt sé að auka fjárfestingu og verðmætasköpun þegar búið er þannig að atvinnulífinu að hvatann og arðsemina skortir. Fyrir okkur sem sinnum hagsmunagæslu fyrir íslensk fyrirtæki er fátt sárgrætilegra en að horfa á eftir öflugum fyrirtækjum úr landi. Fyrirtækjum sem hafa gefist upp á íslenskum aðstæðum, aðstæðum sem íslensk stjórnvöld lofa einatt að snúa til betri vegar en án efnda.

Við Íslendingar stöndum frammi fyrir margvíslegum vandamálum sem mörg eiga upptök sín í hruninu 2008 og samkvæmt mælingum fara lífskjör hér á landi versnandi. Sú staðreynd hlýtur að vera mikið áhyggjuefni fyrir okkur öll.

Margir telja að aðild að ESB sé lausn á mörgum vandamálum sem við stöndum frammi fyrir og aðildarviðræður séu liður í leit að lausn á margháttuðum efnahagsvanda þjóðarinnar. Þeir heittrúuðustu telja aðild lausn á flestum okkar vanda en aðrir sjá djöfla í hverju horni þegar minnst er á Evrópusambandið. Samkvæmt könnunum vill þó meirihluti þjóðarinnar leiða aðildarviðræður til lykta og fá að kjósa um aðildarsamning þegar þar að kemur. Ljóst er að íslensk stjórnvöld geta ekki að óbreyttu, ein og óstudd, aflétt gjaldeyrishöftum og varið hagkerfi okkar og gjaldmiðil. Viðræðurnar við ESB eru því mikilvægur liður í því að tryggja farsæla lausn þessa mikla vanda.

Það er málskilningur flestra Íslendinga sem lesið hafa stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að það sé stefna hennar að spyrja þjóðina af því hvort að halda beri viðræðum við ESB áfram. Að minnsta

**➜ Stjórnvöld verða að hafa heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga í þessu máli, ekki sérhagsmuni fárra. Ljúkum aðildarviðræðum og metum samninginn þegar hann liggur fyrir […].**

kosti var það skýrt loforð Sjálfstæðisflokksins að íslenska þjóðina yrði spurð um framhald viðræðnanna á fyrri hluta þessa kjörtímabils.

Það er mjög vanhugsuð aðgerð hjá ríkisstjórninni að slíta aðildarviðræðum við ESB – ekki síst á meðan hún hefur ekki komið fram með neinar útfærslur á því hvernig hún sjálf ætlar að leysa vandann sem við stöndum frammi fyrir. Hver verður peningastefnan – verður íslenska krónan framtíðargjaldmiðill okkar – í höftum að hluta eða til frambúðar? Hvernig náum við niður vaxtastiginu sem nauðsynlegt er til að örva fjárfestingu og skiptir skuldsett heimili ekki síður máli? Hvernig tryggjum við lægra vöru- og matvælaverð? Aðild ríkja að ESB snýr jú fyrst og fremst að því að tryggja sem best starfsskilyrði fyrirtækja og lífskjör almennings.

Afar óábyrgt er af stjórnvöldum að útiloka fyrir fram einn fárra kosta sem vísa veginn út úr erfiðri stöðu íslensks atvinnulífs og heimila.

Stjórnvöld verða að hafa heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga í þessu máli, ekki sérhagsmuni fárra. Ljúkum aðildarviðræðum og metum samninginn þegar hann liggur fyrir ásamt fullmótuðum lausnum sem ríkisstjórnin hefur þá vonandi lagt á borðið. Við erum einfaldlega ekki í þeirri aðstöðu að fækkun valkosta sé skynsamleg.

# Flugvöll í Vatnsmýri

SAMGÖNGUR



**Sigurjón Arnórsson**
alþjóðlegur viðskiptafræðingur

Árið 1940 hóf breski herinn byggingaframkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll. Afi minn, sem þá var ungur flugáhugamaður, rifjar upp minningar frá þessum tíma: „Allt í einu fylltust göturnar af vörubílum sem fluttu rauðan sand frá Rauðhólum. Það þurfti svo gífurlega mikið magn þar sem þarna eru eingöngu mýrar og svo langt niður á fast. Margir festu kaup á vörubílum og allir ætluðu að verða ríkir.“ Á þessum tíma vann afi hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og tók þátt í að leggja rafmagn á svæðinu. Það var mikil uppbygging, margir fengu vinnu við framkvæmdirnar og síðan við ýmis störf eftir að flugvöllurinn var tekinn í notkun. Menn voru jafnvel sendir upp í Landakotskirkjuturninn til að hlusta eftir og fylgjast með óvinaflugvélum.

Þrátt fyrir að völlurinn væri að mestu lokaður þar til Bretar afhentu Íslendingum hann í júlí 1946, fengu Íslendingar í örfáum tilfellum afnot af honum. Til dæmis stofnuðu afi og félagar flugskóla þar árið 1944.

Þegar Íslendingar tóku við rekstri flugvallarins braust út mikill flugáhugi, ný samgönguæð opnaðist, flugskólar voru stofnaðir og um leið hófst mikið „fluglíf“. Í fyrstu voru sjóflugvélar aðallega notaðar þar sem fáir flugvellir voru til á landinu. Fljótlega byrjaði Flugmálastjórn að senda vinnuflokka út um allt land og flugvellir byggðir á melum. Þessa flugvelli var eingöngu hægt að nota á sumrin.

Þegar Reykjavíkurflugvöllur var tekinn í notkun opnaðist nýr samgöngumáti sem hefur alla tíð síðan verið mikilvægur fyrir Reykvíkinga og alla aðra landsmenn. Reykjavíkurflugvöllur er bæði sögulega og menningarlega mikilvægur. Hann var reistur á mesta umbyltingarskeiði borgarinnar og landsins alls. Eftir standa margar mikilvægar minjar frá þessu tímabili. Þar má nefna flugturninn, braggana í Nauthólsvík og stóru flugskýlin. Þetta eru jafn verðmætar söguminjar og allnokkrir húskofar í miðborginni sem Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að vernda og fest kaup á með skattpeningum borgabúa.

**➜ Höfuðborg landsins verður að vera vel tengd við aðra landshluta og Reykjavíkurflugvöllur er vel staðsettur til að þjóna því hlutverki til framtíðar.**

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030 telur stjórn Reykjavíkurborgar skynsamlegt að láta Reykjavíkurflugvöll víkja fyrir auknum möguleikum á uppbyggingu byggðar í Reykjavík. Eftir þrjú ár er stefnt að því að loka annarri aðalflugbraut Reykjavíkurflugvallar, norður-suðurbrautinni. Þessi lokun gerir Reykjavíkurflugvöll óhæfan fyrir farþegaflug.

Reykjavíkurflugvöllur er enn í dag mikilvæg samgönguæð bæði fyrir borgabúa og aðra landsmenn. Þar hefur þróast margs konar þjónusta og önnur starfsemi. Höfuðborg landsins verður að vera vel tengd við aðra landshluta og Reykjavíkurflugvöllur er vel staðsettur til að þjóna því hlutverki til framtíðar.

FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI
NEUTRAL.IS



Dönsku astma- og ofnæmissamtökin
NORDISK MILJØMÆRKNING
Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral®

# Sigmundur, hvað ætlarðu að gera?

PJÓÐMÁL



Svanur Már Snorrason
þjónustufulltrúi á Bókasafni Hafnarfjarðar og fyrrv. ritstj.

Ég var ekki einn af þeim mörgu sem trúðu loforðum þínum, Sigmundur Davíð, í aðdraganda kosninganna, enda erfitt að trúa og treysta Framsóknarflokknum, flokki sem hampaði mönnum eins og Finni Ingólfssyni og Halldóri Ásgrímssyni – mönnum sem flestir vilja gleyma.

En þrátt fyrir að ég hafi ekki trúað fagurgala þínum, Sigmundur Davíð, gerðu margir Íslendingar það, og með honum vannstu ekki bara stórsigur heldur varð fagurgalinn þess valdandi að þú fórst alla leið í stól forsætisráðherra.

Að loknu leikriti eftir kosningarnar – sem flestir sáu að var bara lélegur farsi – myndaðirðu að sjálfsögðu stjórn með Sjálfstæðisflokknum, enda þægilegt að hafa góðan þingmeirihluta og fólk sem er að mestu leyti sammála þér í flestum málum. Já, kjósendur sögðu sitt og umboðið var þitt.

En hvað ætlarðu að gera, Sigmundur Davíð?

Ætlarðu að fara í sögubækurnar sem mesti svikari kosningaloforða Íslandssögunnar? Þar myndirðu tróna á toppnum í stórum og hræðilegum hópi, og þar mun þér kannski bara líða vel. Líkur sækir jú líkan heim.

Eða ætlarðu raunverulega að standa við loforð þitt um aðstoð við mörg bágstödd heimili landsins? Ertu maður orða þinna? Mér þætti gaman að sjá það, því sjálfur er ég láglaunamaður sem á í erfiðleikum með að ná endum saman um mánaðamót, og berst við að halda minni íbúð. Ætlarðu að gera eitthvað fyrir mig, þótt ég hafi ekki kosið þig?

Byrjun þín sem forsætisráðherra er sú versta og sorglegasta í sögu íslenska lýðveldisins, þrátt fyrir að í þeim efnum sé af nógu að taka. En batnandi mönnum er jú best að lifa, og best að klifa aðeins á frösunum – fall er fararheill, og allt það.

Byrjun þessi fólst í að draga öll kosningaloforðin í land og kenna gömlu stjórninni um hversu slæm staða ríkissjóðs væri; mun verri en þú áttir von á – þrátt fyrir að allar tölur væru uppi á borðinu og í raun öllum aðgengilegar. Nema þér og Bjarna Ben. Og ekki gleyma því að flokkum ykkar er hrunið alfarið að kenna – reyndu ekki einu sinni að þræta fyrir það – yrði þér einungis til minnkunar.

**➔ Byrjun þín sem forsætisráðherra er sú versta og sorglegasta í sögu íslenska lýðveldisins, þrátt fyrir að í þeim efnum sé af nógu að taka.**

En aftur að byrjun þinni: Að sjálfsögðu var keyrt í gegnum þingið á ógnarhraða að gera þá vellauðugu enn vellauðugari, enda verður að passa vel upp á kvótafólkið. Það má auðvitað ekki missa spón úr aski sínum, þótt barmafullur sé.

En lítið hefur heyrst af loforðinu um lækkun skulda heimilanna – bara ekki neitt. Það loforð kom þér, Sigmundur Davíð, til valda, en ef þú stendur ekki við það verðurðu ekki lengi við völd. Almenningur mun sjá til þess.

Það er kannski ekki skrýtið að menn eins og þú og Bjarni Ben eigið erfitt með að samsama ykkur sauðsvörtum almúganum sem heldur uppi samfélaginu og bankakerfinu með hörku og dugnaði þótt lítið sé eftir í buddunni þegar búið er að borga af öllu. Þið tveir eruð moldríkir og hafið aldrei þurft að hafa neitt fyrir lífinu, og þekkið ekki basl né fjárhagsáhyggjur.

En þótt raunin sé sú er staðan engu að síður grafalvarleg fyrir ykkur og ríkisstjórnina. Í margar aldir voru Íslendingar kúgaðir og létu margt yfir sig ganga, og gera því miður enn. Hins vegar breyttist margt eftir hrun og búsáhaldabyltingin og mótmælin í október 2010 eru gott dæmi um það. Ég er hins vegar hræddur um að næsta skref í mótmælum verði töluvert öðruvísi en áður, og að við eigum eftir að horfa upp á mjög harða og jafnvel blóðuga byltingu, ef þú stendur ekki við stóru orðin, Sigmundur Davíð.

# Náttúruminjasafn í Perlunni – Besti kosturinn

MINJAVERND



Árni Hjartarson,
jarðfræðingur, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

Það ríkti gleði í búðum Hins íslenska náttúrufræðifélags í mars síðastliðnum þegar undirritaður var samningur milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um leigu á aðstöðu í Perlunni fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Þarna hillti undir farsæla lausn á málefnum safnsins eftir áratugalanga baráttu. Þessi uppbygging var liður í fjárfestingaáætlun stjórnvalda þar sem 500 m.kr. skyldi varið til hönnunar og uppsetningar á grunnsýningu og mótun aðstöðu fyrir safnið í Perlunni. Í kjölfarið var ráðinn forstöðumaður sem leiða skyldi mótun sýningarinnar og starfsemi safnsins næstu árin.

Málið virtist komið á traustan grunn eftir langt óvissuástand og niðurlægingartímabil. Fundinn hafði verið hagkvæmur og glæsilegur staður fyrir safnið og starfsemi þess, lagður hafði verið fjárhagslegur grunnur að uppbyggingu þess og ráðinn hafði verið öflugur forstöðumaður.

Minna má á að Náttúruminjasafn skal lögum samkvæmt vera eitt af höfuðsöfnum þjóðarinnar við hlið Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands.

Stefnt var að því að grunnsýning Náttúruminjasafnsins yrði opnuð í Perlunni haustið 2014 og hefði farið vel á því á 125 ára afmæli Náttúrufræðifélagsins. Sýningunni var ætlað að auka vitund landsmanna um náttúru Íslands, styðja við náttúrufræðikennslu frá grunnskólastigi til háskólanáms og veita aðgang að því ríkulega fræðsluefni sem til er á vísindastofnunum, náttúruminjasöfnum, náttúrustofum og þjóðgörðum landsins. Auk þess er ljóst að safnið myndi hafa gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað 16. júlí 1889. Megintilgangur þess var „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi". Því var ætlað að vera landssafn með aðsetur í höfuðstað Íslands.

Félagið stofnaði síðan og rak náttúrugripasafn í 58 ár á tímabilinu 1889-1947, en þá var safnið afhent ríkinu til umsjár og rekstrar, ásamt vænum húsbyggingarsjóði, sem félagið hafði safnað í áranna rás.

Sett voru lög um safnið árið 1951 og ríkisstofnunin Náttúrugripasafn Íslands hóf starfsemi. Það bjó þó jafnan við þröngan kost og fram til 2008 var það í litlu og óhentugu bráðabirgðahúsnæði við Hlemm. Þá var safninu lokað og munum komið fyrir í geymslu.

Þannig standa mál í dag og staðan er verri en fyrir 120 árum þegar safnið var í heimahúsi Benedikts Gröndals, fyrsta formanns Náttúrufræðifélagsins og forstöðumanns safnsins á árunum 1889-1900. Hér er ólíku saman að jafna við önnur höfuðsöfn landsmanna sem njóta virðingar og vinsælda.

Gott og öflugt náttúruminjasafn er aðall og stolt hverrar stöndugrar þjóðar og dýrmætur fróðleiksbrunnur fyrir þegna og gesti viðkomandi lands. Í ljósi þess að Íslendingar byggja atvinnu sína og líf í landinu á náttúru þess í ríkum mæli, og ekki síður í ljósi þeirrar staðreyndar, að langflestir ferðamenn, sem sækja landið heim, gera það vegna náttúru þess, er hneisa að geta ekki boðið landsmönnum og ferðalöngum upp á vandað og veglegt höfuðsafn um náttúru landsins.

Náttúra Íslands er einstök í hnattrænu samhengi og okkur ber siðferðisleg skylda til að fræða landsmenn og gesti okkar um hana. Hér er ekki aðeins átt við jarðfræðilega sérstöðu, ungan aldur landsins og fjölbreytileika jarðmyndana, heldur einnig lífríkið, sem hefur mótast af jarðfræði og legu landsins og einkennist af fáum tegundum, en gjarnan stórum og öflugum stofnum með fjölbreytileika í lífsháttum og útliti innan tegunda. Aðstæður sem er að finna á Íslandi – ung náttúra í örri þróun og mótun ásamt myndrænni fegurð í stórbrotnu landslagi elds og ísa – eru óvíða annars staðar á Jörðinni. Þessari náttúrugersemi eigum við að gera viðeigandi skil með kynningu og fræðslu í veglegu Náttúruminjasafni Íslands.

**➔ Nú hafa heyrst raddir um að snúa baki við öllum áformum um Náttúruminjasafn í Perlunni og finna því annan stað, helst utan Reykjavíkur eða jafnvel að reisa ekkert safn. Það eru ekki góðar hugmyndir.**

Nú hafa heyrst raddir um að snúa baki við öllum áformum um Náttúruminjasafn í Perlunni og finna því annan stað, helst utan Reykjavíkur eða jafnvel að reisa ekkert safn. Það eru ekki góðar hugmyndir. Í fyrsta lagi stefnir það öllum uppbyggingaráætlunum Náttúruminjasafns í óvissu og framlengir það niðurlægingartímabil sem safnið gengur nú í gegn um.

Í öðru lagi er vandséð að hagkvæmari kostur finnist en í Perlunni og þá er átt við fjárhag, skipulag og framkvæmdir. Þar fara saman hagsmunir ríkis og borgar.

Í þriðja lagi er öruggt að betri og veglegri staður finnst ekki. Náttúruminjasafn í Perlunni á Öskjuhlíð er miðlægt í höfuðborginni, í námunda við önnur höfuðsöfn þjóðarinnar, í ákjósanlegri nánd við háskólaumhverfið, á besta stað fyrir ferðamannaiðnaðinn og í órofa tengslum við íslenska náttúru með höfuðborgarsvæðið og fjallahring þess allt um kring og jarðhitann og nýtingu hans hið næsta sér.

Ég skora á alla sem bera hag Náttúruminjasafns og íslenskra náttúrurannsókna fyrir brjósti að standa saman um áformaða uppbygginguna í Perlunni. Þegar upp verður staðið frá því verki mun það bera framtíðinni og komandi kynslóðum hróður allra sem að því komu.




Finndu okkur á Facebook – Við erum með skemmtilegan leik í gangi
Bæjarlind 6, Kópavogi Opið: Virka daga kl. 10-18 Laugardaga kl. 12-16


## AF NETINU

### Brottkastið og orðhengilshátturinn

Björn Valur Gíslason er í bankaráði Seðlabankans. Segist ekki vera í stjórn hans, hugsanlega vegna þess að orðin ráð og stjórn hljóma misjafnt. Samt er þetta sami hluturinn. Björn Valur er í stjórn Seðlabankans, þótt hann segi annað. Orðhengilshátturinn er dæmigerður í senn fyrir öngþveitið í umræðu pólitíkusa og fyrir siðblindu þeirra, sem lengst ganga. Skynsamlegt væri af Steingrími Sigfússyni að losa Katrínu Jakobsdóttur við þessa leif af sinni formannstíð. Björn Valdur er bara brottkast. Hann mun valda Vinstri grænum meiri vanda, leiki hann áfram lausum hala í skrifum í umboði flokksins.

http://www.jonas.is

*Jónas Kristjánsson*

### Þurfa að vanda sig

[Sinfónían] hefur átt í dálítilli krísu eftir fyrstu glöðu dagana í Hörpu. Það er annað að spila í Háskólabíói en í 1700 manna sal þar sem heyrist hver nóta. Áhorfendum hefur fjölgað, áhorfendahópurinn er orðinn yngri og fjölbreyttari. Það er mjög gott. En það hefur verið ljóst nokkra hríð að hljómsveitin og aðalstjórnandi hennar, Ilan Volkov, eiga ekki samleið. Hljómsveitinni og stjórnandanum lyndir einfaldlega ekki.

http://eyjan.pressan.is/silfuregils

*Egill Helgason*




# HEIMA ER BEST



Eik

Hornborð **59.900**
80x80 cm

Framlenging **29.900**
45x100 cm

Borðstofuborð
200x100 cm
**169.900**



Stóll Riona
**39.900**

Stóll Cowarts
**39.900**

Stóll Desio
**49.900**



Haag

Sófi **199.900**
Til í svörtu og brúnu

Myndir frá **990**



Kertastjakar - Mikið úrval



Kerti - Mikið úrval

NÝTT



Matar- og kaffistell



Sumarsmávara

**70%** afsláttur



Kerti

NÝTT




| | |
|---|---|
| 1 | **1.790** |
| 2 | **690** |
| 3 | **1.490** |

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

ÍRIS

# Snúum vörn í sókn

NÁTTÚRUVERND



Snorri Sigurjónsson
lögreglufulltrúi

Eins og sést á myndum sem hafa verið birtar að undanförnu af fossinum Dynk í Þjórsá hefur vatnsrennsli verið skert mikið eða um 40% með tilkomu Kvíslaveitu.

Lítið þarf til að gera vegslóð að þessu höfuðdjásni Þjórsárfossa þannig að sem flestir gætu notið og vel mætti hugsa sér gönguleiðir upp og niður með ánni til að skoða aðra fossa á þessu svæði. Sumir segja Dynk með náttúrulegu vatnsrennsli ekki síðri en Gullfoss og í raun furðuleg ákvörðun að hafa leyft þessa skerðingu á fossinum á sínum tíma. Sennilega gert í skjóli þess hvað fáir höfðu séð hann.

Hvort er nú meira virði að slátra þessu alveg eins og nú er áformað, eða að fara að ráðum Ómars Ragnarssonar og snúa til baka með því að auka vatnsrennslið þótt það gæti kostað einhverjar kílóvattstundir?

Í þessu samhengi verður mér hugsað til allra fossanna í Jökulsá í Fljótsdal sem nú eru komnir í lokuð göng. Já, það var sorglegt hlutskipti að horfa upp á það sem gerðist fyrir austan, rétt eins og um náttúruhamfarir hafi verið að ræða en ekki mannanna verk sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir. Hefði fólk verið betur upplýst og fengið tækifæri til að njóta þess sem þarna var fórnað áður en til framkvæmda kom er ég viss um að þetta hefði aldrei orðið.

Um aðgengi lít ég til þess undraheims sem opnaðist við að brúa Jökulsá á Fjöllum og Kreppu á sínum tíma. Það hefði kostað lítið að gera eitthvað svipað fyrir austan, t.d. að lagfæra vegslóðir og brúa Jöklu og Jökulsá í Fljótsdal inni á hálendinu þannig að fólk hefði með eigin augum getað áttað sig á þeim náttúruauðæfum sem nú hefur verið drekkt eða skrúfað fyrir.

Það var svo sannarlega þess virði að ganga nokkrum sinnum með Jökulsá í Fljótsdal þótt sú ganga hafi verið tregafull vitandi hvaða örlög biðu allra fallegu fossanna. Minnisstæðir eru Ufsarfoss, Hrakstrandarfoss, Tungufoss, Kirkjufoss, Faxi, Stóralækjarfoss, Raufarfoss og Stíflufoss, hver með sitt svipmót umvafðir gróðri og fallegum bergmyndunum með Snæfell í baksýn.

Hið sama má segja um Kelduá, sem fáir virðast hafa heyrt nefnda. Þar var fórnað ekki síður fallegum fossum sem ég kann ekki nöfn á nema á hinum einstaka Brúðarfossi. Meðfram ánni var mikið lífríki, fallegar eyrarrósabreiður, birki og fjöldi smáplantna sem ekki þrífast án árinnar. Þessari fegurð sem var við hvert fótmál var því slátrað líka.

Um ýmsar framkvæmdir á landi hér hefur ríkt nokkuð góð sátt, en ömurlegt er til þess að vita að kjörnir fulltrúar

**➜ Sumir segja Dynk með náttúrulegu vatnsrennsli ekki síðri en Gullfoss og í raun furðuleg ákvörðun að hafa leyft þessa skerðingu á fossinum á sínum tíma. Sennilega gert í skjóli þess hvað fáir höfðu séð hann.**

með stóriðjublindu hafi orðið þess valdandi að um einstök náttúrufyrirbæri verði aðeins til sorglegar minningargreinar þegar fram líða stundir. Við sem svo auðveldlega gætum verið sjálfum okkur nóg með rafmagn án svona fórna og haft unað og raunverulegar tekjur til framtíðar af náttúrugæðum. Ekki amalegt fyrir stóriðjusinna að hafa nú fengið til liðs við sig iðnaðar- og umhverfisráðherra, ungt og kraftmikið fólk með gamaldags hugmyndir til að viðhalda vitleysisganginum!

Þetta var um fossa og enn frekari áform um að fækka þeim með aðför að rammaáætlun, en það er svo miklu, miklu meira sem okkur hefur verið trúað fyrir og er í stórhættu fyrir fólki sem misskilur hlutverk sitt. Við höfum vélarnar, tæknina og mennina til að umturna Íslandi. Nýtum þá krafta frekar til góðra verka og gleymum ekki að á umliðnum árum hefur tekist að bjarga ýmsu frá voðaverkum. Betur má þó ef duga skal til að opna augu skammsýnna manna.

# Opið bréf til formanns Sjálfstæðisflokksins

EVRÓPUMÁL



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðahaldari í Viðey

Fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson.

Ég neyddist til að segja mig úr Sjálfstæðisflokknum eftir landsfund hans 2009. Ástæðan var hvernig sá landsfundur afgreiddi Evrópumálin. Og það fóru fleiri en ég, enda fækkaði nokkuð í þingflokknum eftir næstu kosningar.

Þrátt fyrir úrsögn mína hef ég horft mjög til flokksins, því mörg af skoðanasystkinum mínum fylgja honum enn af svo stakri tryggð að ég hef ekki gefið upp vonina um að raunhæf Evrópustefna gæti komið úr þeirri átt.

Íslensk stjórnmál standa nú á vegamótum. Stjórnarsáttmálinn geymir ákveðna ferðaáætlun um hvert skuli halda frá þessum krossgötum. Þar er nefnt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við ESB. Á fundi í aðdraganda kosninganna í vor og í viðtali við Fréttablaðið 24. apríl sl. sagðir þú orðrétt: „Við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það.“

Út á þetta greiddu margir Evrópusinnar flokknum atkvæði sitt, því engum hefur hingað til dottið í hug að Bjarni Benediktsson stæði ekki við orð sín. Fréttir síðustu daga, sem ég hef bæði úr Fréttablaðinu og mbl.is, segja mér að bæði þingflokksformaður þinn og fleiri úr þingliðinu hafa talið þetta vera kosningaloforð og aldrei dottið í hug að ekki yrði staðið við það.

En nú koma framsóknarmenn aftan að ykkur með óvæntar yfirlýsingar og nánast ódrengilegar. Það verður engin þjóðaratkvæðagreiðsla. Menn hafa beðið viðbragða þinna. Samkvæmt fréttamiðlum eru þau svo loðin að vart er hægt að finna þar neitt sem treystandi er á. Þú stendur þar ekki við þín fyrri orð. Í mínum huga hopar þú á hæli og hugsar meira um að verja völd en hugsjónir.

**➜ Út á þetta greiddu margir Evrópusinnar flokknum atkvæði sitt, því engum hefur hingað til dottið í hug að Bjarni Benediktsson stæði ekki við orð sín.**

Þú segir að ekki liggi fyrir nein ákvörðun um hvenær eða hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin. Staðreyndin er þó að utanríkisráðherrann lýsir því skýrlega yfir að það verði ekki gert. Dettur þér virkilega í hug að nokkur maður trúi því að skýrsla, sem þú nefnir og hann lætur taka saman fyrir Alþingi, geti leitt til þess að ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu, sem Framsóknarflokkurinn er á móti, fáist rædd af einhverju viti?

Þú telur orð þín ekki svik við þá sjálfstæðismenn sem styðja áframhaldandi viðræður við ESB. Ég held að margir í þeirra hópi séu ekki sammála því áliti og sjái að þarna ætli Framsókn að ráða og núverandi forysta Sjálfstæðisflokksins sé ekki líkleg til að breyta því.

En hvers vegna þjóðaratkvæðagreiðslu? Enginn okkar getur vitað hvort hann vill að þjóð okkar gangi inn í Evrópusambandið fyrr en hann hefur séð samning um þau mál og þar með sannfært sjálfan sig um að hann sé þjóðinni ávinningur, geri hana sterkari á hálu svelli heimsmála.

Þetta tækifæri virðast framsóknarmenn nú vilja taka af þjóðinni. Það væri aðför að frjálsri hugsun, sem ég hélt að Sjálfstæðisflokkurinn vildi verja. Þú hefur loforð að efna, sem hlýtur að knýja þig til átaka um þetta mál. Það varðar sóma þinn. Við Evrópusinnar væntum þess að þú sýnir í þessu máli, og ætíð, í senn þor hugsjónamannsins og þrótt hins drenglynda og hugumstóra baráttumanns.

## AF NETINU

### Málefni vetrarins

Nú stefnir í að heill vetur, eða fleiri, fari í það að ræða um hvort Ísland eigi í alvörunni að kasta verðtryggingunni í sjóinn. ASÍ, Samfylkingin og Sighvatur munu öskra að hér muni allt hrynja og munu nota sömu aðferðir og LÍÚ notaði á síðasta kjörtímabili – dómsdagsspár. [...] Nú stefnir í að heill vetur, eða fleiri, fari í það að hrækjast á um að tillögur um skuldaleiðréttingar sem þá verða fram komnar séu mjög heimskulegar og verði á endanum greiddar af ríkissjóði, og nýjir brandarar um kattasmölun í þingflokki sjálfstæðismanna munu líta dagsins ljós.

http://einar.eyjan.is

*Einar Ben Þorsteinsson*










LYFTIR TVEIMUR TONNUM
Einhell
Vnr. 74800025
EINHELL hjólatjakkur,
lyftir 2 tonnum.
4.490 kr.
14,4V
Vnr. 74804112
PROWORK rafhlöðu-
borvél, 14,4V.
2.990 kr.
Vnr. 41312250
Þvottakústur, nylon.
4.990 kr.
DAYE
Vnr. 54935115
DAYE garðslanga,
13 mm, 15 m.
1.490 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
facebook.com/BYKO.is
SKIL
Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla,
1400W, 100 bör.
9.990 kr.
Einhell
Vnr. 74807555
EINHELL ryksuga,
1250W, 15 l tankur,
ryksugar bæði þurrt
og blautt.
9.990 kr.
BOSCH
Vnr. 74860500
BOSCH 500-RE borvél,
500W, 13 mm sjálfherðandi
patróna, stiglaus hraðabreyting,
ljós í handfangi. Taska fylgir.
9.990 kr.
Vnr. 58094101/501
Geymslubox með smellu-
loki, 12 l eða 24 l.
Verð frá:
799 kr.
Vnr. 42376196
Bakpoki fyrir
15" tölvu.
4.950 kr.
Vnr. 88012298
Veiðistóll og tjald.
11.990 kr.
EINN KUBBUR DUGAR Í 2,5 KLST.
Vnr. 42308344
Brennikubbar.
590 kr.
Vnr. 88011208
Fjarstýrð þyrla með
myndavél.
5.990 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

## MERKSIATBURÐIR

**1809** Jörundur hundadagakonungur er handtekinn og þar með er valdasetu hans á Íslandi lokið.

**1848** Bandaríkin innlima Nýju-Mexíkó.

**1922** Íslandsmet er sett í 5000 metra hlaupi er Jón Kaldal hleypur vegalengdina á 15 mínútum og 23 sekúndum.

**1981** Minnisvarði um Ara fróða Þorgilsson (1067-1148) er afhjúpaður á Staðastað á Snæfellsnesi en talið er að hann hafi verið prestur þar. Ari var höfundur Íslendingabókar sem er elsta rit um sögu Íslands.

**1992** Vestnorrænu kvennaþingi lýkur á Egilsstöðum með því að hlaðin er varða úr grjóti frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi.

**1993** Kristján Helgason, nítján ára, verður heimsmeistari í snóker í flokki 21 árs og yngri á móti sem haldið er í Reykjavík.

**2007** Íslenska kvikmyndin Astrópía er frumsýnd. Þar leikur Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir stórt hlutverk.

**ÞETTA GERÐIST** 22. ÁGÚST 1858

## Þróunarkenningin kom fyrst fram

Þróunarkenning Darwins var fyrst gefin út þennan mánaðardag árið 1858 í tímaritinu The Journal of the Proceedings of the Linnean Society of London. Þar voru einnig svipaðar kenningar Alfreds Russels Wallace um sama efni.



Kenningar þeirra félaga vöktu litla athygli þegar tímaritið kom út og í uppgjöri yfir árið 1858 kom fram að ekki hefðu verið gerðar neinar markverðar uppgötvanir né rannsóknir á árinu. Darwin vann hart að því að klára bók sína, On the Origin of Species by Means of Natural Selection, or The Preservation of Favoured Races in the Struggle for Life, sem kenningar þær er birtust í tímaritinu voru byggðar á. Þar setur hann fram rök um nýstárlega þróunarkenningu mannsins ásamt nákvæmum athugunum og ályktunum. Bókin kom út í nóvember 1859. Bókin varð metsölubók og fyrsta upplagið seldist upp.


Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi okkar,

**JENS CH. KLEIN**
**kjötiðnaðarmeistari,**
**Stóragerði 38, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 31. júlí. Útförin hefur farið fram.



**Elín Klein**
**Óli Jóhann Klein**
**Anna Margrét Klein** **Björn Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**BJÖRN J. BJÖRNSSON**
**Grenimel 45, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum miðvikudaginn 7. ágúst, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 23. ágúst klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landsbjörg eða önnur líknarfélög.



**Áslaug Halldórsdóttir Kjartansson**
**Elsa María Björnsdóttir** **Rafn Haraldsson**
**Kristján Georg Björnsson** **Guðrún Theódórsdóttir**
**Jón Kjartan Björnsson**
**Ragnar Ingi Björnsson**
**Halldór K. Björnsson** **Magnea Ólöf Guðjónsdóttir**
**Andrés Þór Björnsson** **Eva Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Kolbrún Björnsdóttir**

Elsku maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**SVANBJÖRN SIGURÐSSON**
**fyrrverandi rafveitustjóri,**
**Hringteigi 5, Akureyri,**

lést á heimili sínu 18. ágúst.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 27. ágúst kl. 13.30. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri og starfsfólki Heimahlynningar á Akureyri fyrir ómetanlegan stuðning, hlýju og umönnun.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóði Heimahlynningar og Sjúkrahússins á Akureyri.



**Reine Margareta Sigurðsson**
**Birna María Svanbjörnsdóttir** **Gunnar Þór Gunnarsson**
**Geir Kristján Svanbjörnsson** **Jakobína Guðmundsdóttir**
**Guðrún Nýbjörg Svanbjörnsdóttir**
**Oddný og Sóley Gunnarsdætur**
**Bríet Reine og Karvel Geirsbörn**




**HÁLFUR VESTMANNAEYINGUR** Edda Andrésdóttir segist afar stolt af tengslum sínum við Vestmannaeyjar, en þar fæddist móðir hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eyjarnar skjóta gjarnan rótum í hugum fólks

Rithöfundurinn og fréttamaðurinn Edda Andrésdóttir sendir frá sér sína fjórðu bók, Til Eyja, í haust. Í bókinni vitjar Edda liðinna tíma í Vestmannaeyjum.

„Þessi hugmynd hafði gerjast með mér lengi, en fékk byr undir báða vængi þegar mér var boðið á fundi hjá Vestmannaeyingum í Reykjavík. Þar talaði ég um gömlu Kirkjubæina, sem voru fáein hús austast á Heimaey og fóru fyrst allra undir hraun. Þar hafði móðuramma mín búið ásamt fólki sínu í meira en hálfa öld, þegar jörðin rifnaði næstum við bæjardyr þessara húsa. Ég fékk einhvern kjark til að ráðast til atlögu við skrifin þegar ég kom af þessum fundum,“ segir rithöfundurinn og fréttamaðurinn Edda Andrésdóttir, sem í haust sendir frá sér bókina Til Eyja. Í bókinni vitjar Edda liðinna tíma í Vestmannaeyjum, þegar hún dvaldi þar sem barn á sumrin hjá ömmu sinni og móðurfjölskyldu og einnig sem ungur blaðamaður sem fylgdist með fjölmörgum húsum verða hrauni, ösku eða eldi að bráð í Heimaeyjargosinu 1973.

Edda segir dvölina í Eyjum hafa haft mikil áhrif á líf sitt, en hún eyddi fyrstu sautján sumrum sínum þar og vann meðal annars í fiski, sem mjólkurpóstur og kúasmali. „Ég beið eftir því allan veturinn að komast til Eyja í sveitalífið og fór svo að kvíða fyrir því upp úr Þjóðhátíð að þurfa að fara þaðan,“ útskýrir hún og hlær. „Í huganum voru gömlu Kirkjubæirnir miðja heimsins. Mér fannst að þeir yrðu alltaf þarna og ég gæti alltaf snúið aftur. Það af leiðandi hafði það mjög mikil áhrif að koma þangað, nýorðin blaðamaður, á fyrstu stundum gossins og sjá þá hverfa af yfirborði jarðar ásamt fjöldanum öllum af húsum í Eyjum.“

> **Ég beið eftir því allan veturinn að komast til Eyja í sveitalífið og fór svo að kvíða fyrir því upp úr Þjóðhátíð að þurfa að fara þaðan.**

Edda segist þó ekki þora að fara alla leið þegar uppruni hennar berst í tal. „Mamma er fædd í Eyjum og þar af leiðandi segist ég full af auðmýkt vera hálfur Vestmannaeyingur þegar ég er spurð. Ég er afar stolt af þessum uppruna. Eyjarnar eru svo sérstakar og ég þarf ekki að segja neinum það sem þangað hefur komið. Þær skjóta gjarnan rótum í hugum fólks.“ segir hún.

Til Eyja er fjórða bók Eddu, en áður hafa komið út eftir hana bækurnar Á Gljúfrasteini, sem var viðtalsbók við Auði Sveinsdóttur Laxness, samtalsbókin Auður Eir – Sólin kemur alltaf upp á ný og Í öðru landi. Höfundurinn segir lesendur væntanlegrar Eyjabókar mega búast við frásögn af lífi sem var og hvarf og er nú djúpt undir hrauni. „Ég segi frá sumrum í lífi og fjöri Eyjanna á sjötta og sjöunda áratugnum í bland við áföll, missi og sorg. Ég vef það saman við dvölina í Eyjum veturinn 1973, þegar allt þetta hvarf af yfirborði jarðar,“ segir Edda að lokum. kjartan@frettabladid.is

# Efla frændsemi og önnur tengsl

Þjóðræknisþing verður haldið á Hótel Natura næsta sunnudag, 25. ágúst. Þar verður bæði talað mál og tónar á dagskránni. Halldór Árnason er formaður Þjóðræknisfélagsins.

„Þjóðræknisfélagið hefur það að markmiði að viðhalda og efla með ýmsu móti tengsl milli Íslands og afkomenda þeirra Íslendinga sem fluttu vestur um haf fyrir allt að 140 árum,“ segir Halldór Árnason, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga. „Það sem mest áhersla er lögð á er að koma hinni íslensku menningararfleifð áfram til næstu kynslóðar bæði hér heima og úti,“ segir hann og á þar við Snorraverkefnið sem felst í því að fólk á aldrinum milli tvítugs og þrítugs dvelur í hinu landinu í 4-6 vikur og ferðast um. „Þau sem koma hingað eru í sex vikur, þar af þrjár hjá ættingjum sínum,“ segir Halldór. Þetta verður til þess að þetta unga fólk verður hugfangið af landinu sem formaður og ferfeður þeirra koma frá og kynnast ættingjum og halda þeim tenglsum áfram.“

Meðal þeirra sem taka til máls á þinginu á sunnudag eru sendiherrar Bandaríkjanna og Kanada á Íslandi, Egill Helgason fjölmiðlamaður og David Gislason frá Litla íslenska bókmenntafélaginu í Manitoba. Inn á milli hins talaða máls syngja tvær söngkonur, Sigrún Stella Bessason og Christine Antenbring.

- gun



**VESTUR-ÍSLENDINGAR** Ungt fólk kemur hingað árlega á vegum Snorraverkefnisins, hittir frændfólk og ferðast um. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LEIKRIT UM STÍLISTA

**Blow me heitir nýtt leikrit sem sett verður upp í Bandaríkjunum. Verkið er byggt á síðustu dögum stílistans Isabellu Blow sem meðal annars uppgötvaði Alexander McQueen og Sophie Dahl.**


NÝ SENDING
AF VETRARVÖRUM!

SÍÐUSTU DAGAR AF
RÝMINGASÖLUNNI.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770





TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990



Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR




**BREYTT LÍÐAN** Kristín segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle. MYND/GVA

# HÆTTI Á HORMÓNUM OG VALDI FEMARELLE

**ICELCARE KYNNIR** *Loksins er komin á markað náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er úr jurtaefnum og slær á einkenni tíðahvarfa.*

Kristín Bjarnadóttir fór í aðgerð þar sem þurfti að fjarlægja móðurlíf og báða eggjastokka árið 2000. „Þar sem ég var aðeins 44 ára á þeim tíma var mér ráðlagt af kvensjúkdómalækni mínum að fara á hormónalyf sem ég hef tekið síðan," segir hún.

„Um síðustu áramót fór ég að velta fyrir mér að hætta að taka hormón. Ég var samt í vafa því ég hafði áhyggjur af hvernig mér myndi líða án þeirra og eins hvað ég gæti tekið í staðinn til þess að draga úr einkennum breytingaskeiðs.

Þegar mér var bent á Femarelle ákvað ég að prófa það og sé ekki eftir því. Ég komst að því að ég hafði verið með miklar aukaverkanir af hormónunum. Mér líður miklu betur að öllu leyti eftir að ég byrjaði að taka Femarelle, verkir í stoðkerfi hafa minnkað stórlega og svæsnum og þrálátum höfuðverkjaköstum hefur fækkað en þeir stóðu oft yfir í nokkra daga.

Í dag líður mér miklu betur að öllu leyti, þökk sé Femarelle."

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með rannsóknum á síðustu fjórtán árum.

***Femarelle er selt í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.***

- *Femarelle er öruggur kostur*
- *Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum*
- *Þéttir beinin*
- *Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef*
- *Náttúruleg lausn, inniheldur tofu extrakt og flaxceed-duft.*
- *Inniheldur engin hormón*




Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Fimm stjörnu verslun

Frábært tilboð

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 379.900.-**

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 499.900.-**

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 249.900.-**

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 369.900.-**

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16





Gott snið !

Toppur á 6.990 kr.
Str. S - XXL (36 - 48)

Og enn er hægt að gera góð kaup á útsölunni.

50% afsláttur.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook



Haust 2013

FLOTTIR KJÓLAR



Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


# ÖÐRUVÍSI TEXTÍLL

**MENNINGARNÓTT** *Hópur fólks skreytir bæinn með litríku garni.*

Borgin er yfirleitt grá og köld en þetta fyllir hana einhvers konar kvenlegri mýkt," segir Linda Björk Eiríksdóttir, forsprakki hópsins Reykjavík Underground Yarnstormers. Hópurinn samanstendur af áhugafólki um hekl og prjónaskap og hefur skreytt borgina öðru hvoru í eitt og hálft ár. Gjörninga sína kallar hópurinn „garngraff". Nú er stefnan tekin á Hlemm og verður hann skreyttur garni á menningarnótt. „Við höfum verið með viðburði öðru hvoru og nú datt okkur í hug að poppa Hlemm aðeins upp. Hann hefur verið eins í 40 ár og dálítið niðurdrepandi," segir Linda. „Við fengum styrk úr sjóði menningarnætur svo við keyptum fullt af garni og erum nú að undirbúa á fullu, með því að búa til alls konar búta. Þetta er stór hópur að framleiða, hekla og prjóna

Hópurinn vonast til að gestir og gangandi komi og taki þátt í því að gera Hlemm aðeins fallegri og mýkri á menningarnótt. „Út á það gengur verkefnið," segir Linda. „Ef fólk á eitthvað heima, lopapeysu sem það kláraði aldrei, eða prufur, er upplagt að taka það með. Þá getur það öðlast nýtt líf. Þetta fær að hanga uppi áfram á Hlemmi í einhvern tíma." Hún segir að fólk hafi alveg frjálsar hendur í sköpuninni. „Þú getur gert það sem þú vilt. Margar eldri konum hafa verið með í þessu og finnst þetta mjög frelsandi. Þetta er öðruvísi upplifun á textíl."

Linda stofnaði hópinn að erlendri fyrirmynd fyrir einu og hálfu ári síðan. „Ég var með risastórar garngraffhugmyndir í höfðinu en áttaði mig á því að mér myndi aldrei takast að framleiða þær ein. Svo ég safnaði saman fólki í kringum mig og lét orðið berast.



**HLEMMUR VERÐUR SKREYTTUR** Linda Björk Eiríksdóttir, forsprakki hópsins Underground Yarnstormers. MYND/VILHELM

Hópurinn telur núna næstum 200 manns, þótt meðlimirnir séu misvirkir. Ég reyni að halda utan um viðburðina en svo eru einstaklingar innan hópsins sem eru með eigin verkefni," útskýrir hún.

En hvað býr að baki garngraffsins? „Það er breytilegt. Það er hægt að hafa þetta mjög pólitískt, einhvers konar ádeilu eða til stuðnings einhverju málefni. Til dæmis gerðum við í október brjóst og hengdum þau hingað og þangað um bæinn, til að minna á baráttu gegn brjóstakrabbameini. Við tókum þátt í Gay pride með garngraffi síðustu tvö skipti.

Hún segist búast við að hópurinn telji 20-30 manns á Hlemmi á laugardaginn. „Sumir verða allan daginn að aðstoða fólk en aðrir koma og fara. Við vonumst auðvitað til að sem flestir líti við og taki þátt," segir Linda.

# ÞRJÚ LYKILATRIÐI FYRIR HLAUPIÐ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Frábær tilboð fyrir maraþonhlaupara föstudaginn 23. ágúst á bás 3 í Laugardalshöll.*

## 3 LYKILATRIÐI FYRIR HLAUPIÐ - OG EKKI SÍÐUR EFTIR Á...

***Magnesíum*** spreyið er áhrifaríkt við orkumyndun og endurheimt vöðva. Með því að spreyja magnesíumi beint á húðina skilar það sér hratt og örugglega inn í frumur líkamans og tryggir hámarksupptöku. Gott er að nota spreyið á helstu álagspunkta líkamans fyrir og eftir æfingar/langhlaup og kvölds og morgna þegar ekki er æft til að tryggja sem besta nýtingu og fyrirbyggja álagsmeiðsl.

Okkar fremsti maraþonhlaupari Sigurjón Sigurbjörnsson segir: „Magnesíum spreyið er ástæðan fyrir því að ég get hlaupið 100 km á þeim hraða sem ég geri í dag og er stálsleginn daginn eftir hlaup. Ég get ekki verið án þess!"




***NutriLenk Gold*** er snilldarefni fyrir þá sem þjást af liðverkjum. Það hentar þeim sér í lagi vel sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Í dag nota þúsundir Íslendinga NutriLenk Gold og þar af margir okkar fremstu afreksíþróttamenn. Ef þú finnur fyrir verkjum er góð leið að prófa og upplifa áhrif NutriLenk Gold og viðhalda góðri liðheilsu, sem er lykillinn að góðu dagsformi.

(Aðeins 180 töflu glas á tilboði)

Allar frekari upplýsingar á: www.gengurvel.is

FYRSTU 300 SEM KAUPA FÁ MAGNESÍUM ÚÐA Í KAUPBÆTI!




***Sore No More*** verkjakæligelið er tilvalið fyrir hlaup til að bera á álagspunkta sem eiga það til að vera sárir og til að fyrirbyggja beinhimnubólgu. Ef borið er á strax eftir æfingu dregur það úr mögulegum strengjum og verkjum. Sore No More er mjög áhrifaríkt og eru mörg íþróttafélög og meðferðaraðilar búin að uppgötva Sore No More sem öflugasta verkjagelið. Auðvitað er stór plús að það er eiturefnalaust og laust við kemísk efni.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**TÍSKUSÝNING** Verslanir á Skólavörðustíg taka þátt í menningarnótt og blása til tískusýningar. Sýningin hefst klukkan 16.

# TÍSKAN Á SKÓLAVÖRÐUSTÍGNUM

*Skólavörðustígur mun iða af lífi á menningarnótt en verslunareigendur blása til tískusýningar.*

Stemningin á Skólavörðustígnum er ólýsanleg. Hér ríkir mikil samheldni og vinátta og það er virkilega gaman að vera með þessu skemmtilega fólki,“ segir Gunnhildur Stefánsdóttir, hönnuður og verslunareigandi, en hún hannar undir merkinu Gammur. Verslunareigendur á Skólavörðustíg hafa tekið sig saman og halda tískusýningu í hjarta borgarinnar á menningarnótt.

„Gammur verður með splunkunýja línu til sýnis, sem er bara að fæðast þessa dagana,“ segir Gunnhildur. „Veðrið og andrúmsloftið undanfarið hafa haft mikil áhrif á gamminn svo nýja línan er miklu rokkaðri en áður og ekkert dúllerí,“ bætir hún við og lofar hressilegri stemningu á laugardaginn.

Sýningin hefst klukkan 16 og fer fram á neðri hluta Skólavörðustígs, göngugötu. Fatnaður, skart og fylgihlutir verða til sýnis en þær verslanir sem taka þátt eru; Anna María design, Birna, Boutique Bella, Búðin, Gammur, Huld, húnoghún, IQ og María Lovísa. Fyrirsætur frá Elite sýna vörurnar, Sjoppan sér um hárið og Hanna Sunna um förðun.

# EKKI FREISTAST AF FÖLSUÐUM VÖRUM

**VARASAMT** *Þeir sem falsa merkjavörur stela hugverki annarra. Þeir sem kaupa slíkar vörur geta átt hættu á sektum.*

Margir freistast til að kaupa eftirlíkingar af flottum töskum á sólarströndum eða í suðlægum borgum. Sölumenn slíks varnings eru yfirleitt frá Afríku en þá má sjá víða á götum borga eða við strendur og á tyrknesku mörkuðunum.

Það er vissulega freistandi að kaupa Louis Vuitton-veski á ströndinni. Hins vegar vita kannski ekki allir að til eru lög sem banna fólki að kaupa eftirlíkingar af þekktum merkjum. Það er ástæðan fyrir því að Afríkumennirnir eru fljótir að forða sér sjái þeir lögreglubíl nálgast. Þeir leggja varninginn á hvítt lak sem snæri gengur í gegnum. Þegar þeir flýja kippa þeir í einn spotta og þá lokast lakið eins og poki.

Lög gegn sjóræningjastarfsemi eru orðin strangari en áður og tollar í viðkomandi löndum líta á hana sem glæpastarfsemi. Þarna er verið að stela hugverki frægra hönnuða og sölustarfsemin er án allra leyfa til verslunarreksturs. Þar af leiðandi eru engir skattar eða önnur gjöld greidd af slíkri starfsemi.

Fólk getur því átt á hættu að vera tekið í tollinum sé það með falsaðar merkjavörur og gert að greiða sekt. Á Ítalíu er það til dæmis litið mjög alvarlegum augum ef fólk kaupir sjóræningjavörur.



**FALSAÐ** Þótt töskurnar séu mjög líkar þeim upprunalegu þá eru gæðin ekki þau sömu. Varast ber eftirlíkingar á ferðalögum.

Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

SOHO MARKET
Vinsælu blúndu aðhaldstopparnir komnir aftur.
Blúnda að framan og aftan.
Litir: Svart og húðlitur
Stærðir: S–XXL
Verð aðeins 3.990 kr.
SOHO / MARKET Á FACEBOOK



Grensásvegur 8 - sími 553 7300 - Opið mán-fim 12-18 – fös. 12-19 – lau. 12-17



CHANEL
KYNNING Í HYGEU KRINGLU 22.–24. ÁGÚST
Gréta Boða kynnir haustlitina ásamt spennandi kremlínu.
Pantanir í förðun og ráðgjöf í síma 533-4533.
HYGEA
Snyrtivöruverslun Kringlu
20% afsláttur af öllum kremfarða frá CHANEL

# GISELE TEKJUHÆST



**TEKJUHÁAR** *Gisele Bundchen er tekjuhæsta fyrirsæta heims árið 2013, sjöunda árið í röð, samkvæmt tímaritinu Forbes. Áhugavert er að átta af tíu efstu fyrirsætum listans eru eða hafa verið englar hjá Victoria's Secret.*

## 1 GISELE BUNDCHEN

**42 milljónir dollara**
(um 5 milljarðar króna)

**Bundchen er á toppnum sjöunda árið í röð en auður hennar er metinn á 42 milljónir dollara eða um 5 milljarða króna. Tekjur sínar fær hún af samningum við merki á borð við H&M, Chanel, Pantene og David Yurman. Þá á hún hlut í brasilíska skófyrirtækinu Grendene og eigið undirfatamerki. Bundchen ber höfuð og herðar yfir aðrar fyrirsætur á listanum.**

## 2 MIRANDA KERR

**7.2 milljónir dollara**
(870 milljónir króna)

**Miranda Kerr er næst með 7,2 milljónir dollara í tekjur sem hún fær fyrir samninga við Qantas, David Jones og Mango en hún á einnig eigið merki, Kora Organics.**



## 3 ADRIANA LIMA

**6 milljónir dollara**
(720 milljónir króna)

**Adriana Lima er í þriðja sæti en hún hefur verið engill hjá Victoria's Secret frá árinu 2000.**



## 4 KATE MOSS

**5.7 milljónir dollara**
(690 milljónir króna)

**Ofurfyrirsætan Kate Moss er 39 ára gömul og í fullu fjöri sem fyrirsæta, enda númer fjögur á lista Forbes. Helstu tekjurnar fær hún frá Vogue Eyewear, Versace og Liu-Jo.**





## 5 LIU WEN

**4.3 milljónir dollara**
(330 milljónir króna)

**Liu Wen er ný á listanum en hún varð fyrsta kínverska fyrirsætan til að taka þátt í sýningu Victoria's Secret á síðasta ári. Hún er andlit Calvin Klein, Hugo Boss og Estée Lauder.**


César Ritz COLLEGES SWITZERLAND
Excellence in International Hotel and Tourism Management Education



**YOUR KEY TO A SUCCESSFUL HOSPITALITY CAREER**

**Hotel and Tourism Management Studies in Iceland & Switzerland**

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst
Hótel og Veitingaskóli Íslands
Menntaskólanum í Kópavogi
Umsókn sendist til baldur.saemundsson@mk.is

Fyrsta ár: Joint Certificate programme
Hospitality and Culinary School of Iceland
Annað & Þriðja ár: Bachelor of International Business in Hotel and Tourism Management
César Ritz Colleges Switzerland

Skólinn hefst á eftirfarandi dags.
Fyrsta ár: 22. águst 2013

Nánari upplýsingar eru veittar hjá:
Árni Valur Sólonsson,
Sími: 896-2204 eða
Baldur Sæmundsson,
Sími: 594-4000

EXCELLENCE - SERVICE - LEADERSHIP - CARE - INNOVATION
YOUR PASSPORT

**WWW.RITZ.EDU**

CULINARY ARTS ACADEMY SWITZERLAND



CULINARY PASSION AND EXCELLENCE
WWW.CULINARYARTS.CH

**Choose the Culinary Arts Academy Switzerland.**

Make your dream of becoming a chef a reality and qualify with a Bachelor degree in Culinary Arts.

- The finest culinary traditions
- State-of-the-art training facilities
- Paid internships
- In the heart of Europe

Icelandic chefs are exempt from Year 1 and qualifications are accredited towards the Icelandic Master Chefs Certificate.

Further information please contact Árni Sólonsson
Tel: 896-2204

Member of
SEG Swiss Education Group

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
- Nemendur geta að námi loknu gengið í Leiðsögufélagið -

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni".*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



# MENNINGARNÓTT

FIMMTUDAGUR **22. ÁGÚST 2013**



# MENNINGARNÓTT

24. ágúst 2013



## VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Vinir Vatnajökuls og Vatnajökulsþjóðgarður bjóða til sýningar á nýrri kvikmynd Valdimars Leifssonar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Myndin sem er styrktarverkefni Vina Vatnajökuls og Vatnajökulsþjóðgarðs er um 48 mínútna löng og fjallar hún um fegurð og fjölbreytileika þjóðgarðsins.

Sýnt er á klukkutíma fresti til skiptis með lesnum íslenskum og enskum texta

Fyrsta sýning kl. 12 er á ensku

Síðasta sýning kl. 21 er á íslensku

Myndin er sýnd í THE CINEMA á loftinu í Verbúð nr. 2, Geirsgötu 7b, við gömlu höfnina í Reykjavík.

ALLIR VELKOMNIR MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

VINIR VATNAJÖKULS

PORT hönnun


## MINNINGANÓTT

Sérfræðingar í minningavinnu taka á móti gestum á öllum aldri í minningaherbergi Þjóðminjasafnsins á menningarnótt og spjalla um minningar gesta. Sérfræðingarnir eru þær Sigrún Huld Þorgrímsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og Berglind Indriðadóttir iðjuþjálfi. „Ég lagði reyndar til að við yrðum titlaðar minningavinnukonur," segir Sigrún Huld og brosir. Þær hafa unnið með öldruðum í minningavinnu.

„Maður notar þetta á ýmsan hátt en aðalhugsunin er að kynnast einstaklingnum. Ekki bara því sem maður sér hjá einstaklingi sem er orðinn háaldraður, heldur til að fá mynd af einstaklingnum sem býr í honum, öllum hinum aldursskeiðunum," útskýrir Sigrún. „Þetta verður þó ekki gert á menningarnótt heldur verður einungis litið á stakar minningar."

Minningaherbergið verður opið öllum aldurshópum frá 13.00-15.00 á menningarnótt.




## VINIR VATNAJÖKULS

HOLLVINASAMTÖK VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS

**Vinir Vatnajökuls eru frjáls félagasamtök sem styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir nú eftir styrkumsóknum. Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 30. september 2013. Nánari upplýsingar er að finna vefsíðu Vina Vatnajökuls, www.vinirvatnajokuls.is.**




## SVÆSIÐ OG RÓMANTÍSKT Í REYKJAVÍK

Í gönguferðinni Tilhugalíf í borginni eru þátttakendur leiddir um frumskóg stefnumóta og næturlífs í höfuðborginni.

María Ólafsdóttir leiðsögumaður í göngunni trúir á ástina og hefur að leiðarljósi að þeir sem eru í leit að ást þurfi að halda í vonina þótt leitin geti stundum verið löng og ströng.

Gangan er í anda vinsælla Sex and the City-túra sem María fór í árið 2008. Á göngunni ráðleggur María gestum sínum hvað beri að forðast og í hvað skuli sækjast í makaleitinni, ásamt því að segja svæsnar, rómantískar og skemmtilegar sögur af sjálfri sér og öðrum. Sögurnar eru sannar og úr reykvískum veruleika, þótt lygilegar séu á stundum.

Gangan á Menningarnótt hefst klukkan 18 við veitingastaðinn UNO í Hafnarstræti 1-3, þar sem María kynntist sínum heittelskaða. Gangan tekur um klukkustund.


ELDSTÖÐIN CAFE

**Heimstónlist og hamingja (tónlist)**

Eldstöðin Tryggvagötu fagnar Menningarnótt með kraumandi tónlistardagskrá og litríkum straumum utan úr heimi. Söngur, trumbusláttur, píanó, brass, strengir og fleira funheitt og skemmtilegt kl. 17.00 // 18.00 // 19.00 // 20.00 // 21.00.

**Eldvirkar veitingar og eldfjallabíó á klukkustundarfresti**
**Eldstöðin, Tryggvagötu 11 (Hafnarhvoli).**
**www.eldstodin.is**

OLD HARBOUR souvenirs

Geirsgata 5c | 101 Reykjavík | Tel: 552 7777

**Við leggjum mikla áherslu á fallegar heimaprjónaðar lopapeysur og aðrar prjónavörur.**

Vöruúrvalið er fjölbreytt, allt frá innfluttum minjagripum, bókum um Island, islensku handverki, handgerðu skarti, íslenskri sælkeravöru og íslenskri snyrtivöru.

Af íslenskri hönnun má nefna ullarkragar, skreyttir með fiskroði frá Lindu Húmdísi, listalega útskornir fuglar frá Jóni Ólafssyni, og gjafavörur frá Hugrúnu Ivarsdóttur og Sveinbjörgu frá Svartfugl.




# Menningarnótt

KOPAR

**Sérstakur menningarnætur matseðill**

**„Við á Kopar veljum íslenskt hráefni og leitum jafnt til lands og sjávar. til að skapa ævintýralegan matseðil"**

**Reykjavík Bike & Segway Tours bjóða Segway-ferðir í tilefni Menningarnætur klukkan 11, 13, 15, 17, og 19.**

Kostar aðeins 5000 krónur á mann fyrir eina klukkustund.

**Sími 897 2790.**
**http://www.reykjaviksegwaytours.is**

MAR

**K100 verður í beinni frá 13:00 til 17:00 frá Mar Restaurant.**

Fiat 500 verður til sýnis á staðnum. Mar og K100 ætla að gefa heppnum hlustendum gjafabréf á Mar.

Bílasýning í boði **Fiat 500**, **Diesel.is** og **Bílalíf** þar sem að gestir geta unnið sér inn skemmtilega vinninga

Og að sjálfsögðu skemmtilegt spjall við gesti og gangandi í bland við bestu tónlistina.

SPECIAL TOURS

KOPAR

**Veitingastaðurinn Kopar og afþreyingarfyrirtækið Special Tours bjóða upp á einstaka siglingu á menningarnótt!**

Fordrykkur, 5 rétta matseðill að hætti stelpnanna á Kopar, lifandi tónlist og stórborganlegt útsýni yfir borgina og loks flugeldasýninguna í lokin.
Ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara!

**Bókanir á info@koparrestaurant.is/ info@specialtours.is og í símum 5672700/5608800.**


HLAUPTU MARAÞON
MEÐ NIKE
VERÐUM MEÐ SÖLUBÁS Í LAUGARDALSHÖLL
FÖSTUDAGINN 23. ÁGÚST FRÁ KL. 10-19
30-60% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI OG SKÓM Í EINN DAG!
NIKE
HLAUPARÁÐGJAFAR VERÐA Á SVÆÐINU
KENNSLA OG AFSLÁTTUR Á NIKE+ GPS HLAUPAÚRINU
GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR HLAUP!

# Dagskrá menningarnætur

## Gamla höfnin

**Kl. 11.00-23.00**

**GAMLA HÖFNIN Í FÓKUS**
Fókus, félag áhugaljósmyndara, býður gestum á ljósmyndasýninguna Gamla höfnin í fókus. Sýninguna prýðir fjöldi ljósmynda af hafnarsvæðinu frá sjónarhorni sjófarenda. Old Harbour Souvenirs, Geirsgötu 5c

**Kl. 11.00-20.00**

**ENDURNÝTING – EKKI ÞARF AÐ HENDA ÖLLU**
Myndlistarsýning og sýning á munum sem gerðir hafa verið upp eftir að þeim hefur verið hent eða átt að henda, munir frá síðustu öld. Gömlu verbúðirnar, Grandagarði 45

**Kl. 12.00-22.00**

**SPILHÚSIN**
Spilhúsin í Slippnum lifna við með hljóðinnsetningu eftir Finnboga Pétursson. Spilhúsastígur, á milli Slippsins og Hótel Marina, Mýrargötu 2

**Kl. 14.00-16.00**

**360° UPPLIFUN AF ÍSLANDI**
Í Expo-skálanum er sýnd einstök 360° kvikmynd sem sýnir Ísland í öllum sínum fjölbreytileika og skapar áhrifaríka undraveröld. Brim húsið við höfnina, Geirsgötu 11

## Víkin – Sjóminjasafn

**Kl. 12.00-23.00**

**RAT MANICURE**
Sýning á rýmisverkum eftir Sockface, unga konu á einhverfurófi, sem áhorfandinn gengur inn í og fær að njóta í einrúmi. Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

**Kl. 12.00-22.00**

**HEFUR ÞÚ SKOÐAÐ VARÐSKIP?**
Varðskipið Óðinn verður opið gestum og gangandi. Um borð taka á móti gestum fyrrverandi skipsverjar og segja frá dvöl sinni um borð í skipinu. Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

**Kl. 14.00-16.00**

**RÁÐGÁTA Í VARÐSKIPI**
Ratleikur um borð í Varðskipinu Óðni. Hvað leynist í káetunni? Getur þú fundið vísbendinguna hjá byssunni? Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

**Kl. 14.00-16.00**

**AÐ SMÍÐA SÉR BÁT**
Bátasmiðja við Sjóminjasafnið. Komdu og smíðaðu þinn eigin bát á bátaverkstæðinu okkar! Allt efni á staðnum. Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

**Kl. 15.00-17.00**

**FÖNDURSMIÐJA – FISKABÚR**
Komdu og búðu til þitt eigið fiskabúr! Hver á heima í þínu búri? Eru það krabbar og krossfiskar eða kannski marhnútur? Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

**Kl. 17.00-18.00**

**ERT ÞÚ VEIÐIKLÓ?**
Dorgkeppni við gömlu höfnina. Færi og beita á staðnum. Verðlaun fyrir þann sem mest veiðir! Víkin – Sjóminjasafn, Grandagarði 8

## Víkin

**Dagskrá úti kl. 13.00-23.00**

**Kl. 13.00-13.30**

**SLÁTURFÉLAGIÐ – HEIÐA DÓRA OG JÓI BEN**
Kíktu í kaffi á Sjóminjasafnið. Stórskemmtileg dagskrá á bryggjunni, gítar og söngur, gömul akkeri og alls konar drasl. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 13.30-14.00**

**LE BALLET BARAKAN**
Komdu og upplifðu sjóðheitt og tryllt dans- og trommuatriði frá Gíneu V-Afríku undir stjórn Mamady Sano. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl .14.00-14.30**

**HLJÓMSVEITIN HAUST**
Haust eru skipuð sex ungum drengjum frá Reykjavík. Folk/popptónlist sem fjallar um sveitina, ástina og litlu sjávarþorpin úti á landi. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 14.30-15.00**

**HLJÓMSVEITIN ROBERT THE ROOMMATE**
Hljómsveitin Robert the Roommate gaf út sína fyrstu plötu í apríl og ætlar að flytja efni af henni. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 20.30-21.00**

**HLJÓMSVEITIN TREISÍ**
Orkuboltarnir í Treisí munu skjóta þér upp í háloftin eins og þeim einum er lagið með sínu popp/rokki. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl 21.00-21.30**

**HLJÓMSVEITIN SUNNY SIDE ROAD**
Sunny Side Road er sex manna hljómsveit sem hefur getið sér gott orð fyrir tónlist sína sem flokka mætti sem þjóðlagapopp. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 21.30-22.00**

**LJÚFIR TÓNAR Í BLAND VIÐ ELDHRESST KÁNTRÍ MEÐ FAMINA FUTURA**
Hin frábæra hljómsveit Famina Futura mun spila frumsamda tónlist í ætt við popp/folk/kántrí. Melódísk og áheyrileg tónlist, hnýtt saman með djúpum textum um lífið og tilveruna. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 22.00-22.30**

**MEISTARAR DAUÐANS**
Hljómsveitin Meistarar dauðans samanstendur af kornungum strákum. Þeir unnu Tónabær rokkar og Tónsköpunarverðlaun menningarhátíðar og nú verður Grandi rokkaður í sundur. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 22.45-23.00**

**HLJÓMSVEITIN HR BANDIÐ**
Danshljómsveit HR blæs til síðsumarsdansleiks. Stuð- og gleðitónlist fyrir unga, aldna og alla þá sem vilja dansa og syngja sig inn í ágústnóttina. Víkin, kaffihúsið í Sjóminjasafninu, Grandagarði 8

**Kl. 12.00-21.00**

**TÖFRAHEIMAR VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS**
Kvikmynd sem veitir sýn inn í hinn ótrúlega fjölbreytta heim Vatnajökulsþjóðgarðs, sem nær allt frá suðurhluta Íslands til norðurs. The Cinema, Verbúð nr.1, Gömlu höfninni, Geirsgötu 7b

**Kl. 13.00-22.00**

**STEFNUMÓT VIÐ LIÐNA TÍÐ**
Langar þig í Polaroid-mynd af þér og þínum í glæsilegum búningum frá gömlum tímum? Hin sívinsæla myndataka Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 6. hæð

**Kl. 13.00-15.00**

**GRILL OG GLEÐI**
Skoppa og Skrítla, Sirkus Íslands og fjölbreytt tónlist í boði Lambakjöts. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna grillar ljúfengt lambakjöt fyrir gesti og gangandi. Á Miðbakka á móti Kolaportinu, Geirsgötu



## Harpa

**Kl. 13.00-22.00**

**TILFÆRSLA – RÓM / REYKJAVÍK**
Sýning Rósu Gísladóttur í Hörpu sem samanstendur af skúlptúrum og ljósmyndum. Heimildarmynd Eggerts Gunnarssonar unnin í samvinnu við RÚV um listakonuna verður sýnd í Stemmu 2. Harpa, Flói, Austurbakka 2

**Kl. 13.00-22.00**

**AARU'S AWAKENING – ÍSLENSKUR TÖLVULEIKUR**
Kynning á íslenskum tölvuleik. Komið að skoða og prófa listræna, handteiknaða ævintýraleikinn Aaru's Awakening úr smiðju Lumenox Games! Harpa, K1, Austurbakka 2

**Kl. 13.30-16.00**

**MAXIMÚS MÚSÍKÚS**
Maxímús Músíkús heilsar börnunum og gefur blöðrur. Harpa, Opin rými, Austurbakka 2

**Kl. 14.30-15.00**

**MAXÍMÚS MÚSÍKÚS**
Barna- og unglingakór Íslands syngur nokkur lög úr nýju bókinni um Maxa, Maxímús Músíkús kætist í kór, sem kemur út næsta vor. Harpa, Hörpuhorn, Austurbakka 2

**Kl. 15.00-16.00**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS – ÁLFAR OG RIDDARAR**
Barnatónleikar með færeyska tónlistarævintýrinu „Veiða vind" í íslenskri þýðingu Þórarins Eldjárns þar sem Gói er í hlutverki sögumanns. Ókeypis aðgöngumiðar fást í miðasölu Hörpu samdægurs. Harpa, Eldborg, Austurbakka 2

**Kl. 16.00-16.30**

**MAXÍMÚS MÚSÍKÚS**
Maxímús Músíkús kennir börnunum létt spor undir handleiðslu Hildar Ólafsdóttur listdanskennara. Harpa, Hörpuhorn, Austurbakka 2

**Kl. 17.00-18.00**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS – UPPÁHALDSKLASSÍK**
Síðdegistónleikar með vinsælum klassískum verkum. Ókeypis aðgöngumiðar fást í miðasölu Hörpu samdægurs. Harpa, Eldborg, Austurbakka 2

**Kl. 20.00-21.00**

**ÞJÓÐIN SYNGUR**
Þjóðkórinn syngur í Eldborg. Sönggáhugamönnum á Íslandi er stefnt saman í Eldborg til að hefja upp raust sína undir stjórn Garðars Cortes. Harpa, Eldborg, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-15.30**

**DÁLEIÐANDI INDVERSKUR KATHAK-DANS**
Töfrandi Kathak-dans þar sem glæsileiki, færni og seiðandi túlkun Pragati Sood Anand á þessum fallega indverska dansi heillar áhorfendur. Harpa, Silfurberg, Austurbakka 2

**Kl. 18.30-19.30**

**HÉR ER BRODKA!**
Tónlist Moniku Brodka er blanda af modern electro og alternative poppi með folk ívafi. Hún er ein skærasta stjarna Póllands í dag. Tónleikar hennar eru fullir orku. Harpa, Silfurberg, Austurbakka 2

**Kl. 21.00-21.45**

**BYRTA FRÁ FÆREYJUM**
Tvíeykið í BYRTA flytur blöndu af 80´s tónlist og skandinavísku poppi. Seiðandi straumar söngkonunnar og electrokóngsins úr Bloodgroup. Harpa, Silfurberg, Austurbakka 2

**Kl. 19.00-19.30**

**STANLEY SAMUELSEN FRÁ FÆREYJUM – KASSAGÍTAR OG SÖNGUR**
Stanley spilar hugljúf lög, en hann er einn fremsti kassagítarleikari Færeyja. Harpa, Norðurljós, Austurbakka 2

**Kl. 20.00-21.00**

**FÓSTURLANDSINS FREYJA**
Hin frábæra vesturíslenska sópransöngkona, Christine Antenbring, snýr heim til eldgömlu Ísafoldar, rifjar upp rætur sínar og flytur okkur eftirlætissöngva forfeðranna við undirleik hins þekkta píanóleikara Mikhail Hallak. Harpa, Norðurljós, Austurbakka 2

**Kl. 13.30-13.50 og kl. 16.30-16.50**

**RAX – STUTTMYND UM SÝNINGU RAX**
Fjallaland er fyrsta verk Ragnars Axelssonar sem eingöngu fjallar um Ísland. Niðurstaðan er stórbrotið ljósmyndaverk sem sýnt verður í Hörpu. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 17.00-17.45**

**SÖNGKVARTETTINN SÆTABRAUÐSDRENGIRNIR**
Kvartettinn er skipaður þeim Garðari Thór Cortes, Gissuri Páli Gissurarsyni, Bergþóri Pálssyni og Viðari Gunnarssyni. Jóhann G. Jóhannsson leikur á píanó. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 18.00-19.00 og kl. 19.00-2.000**

**HEIMSPEKI HJARTANS**
Þorvaldur Gylfason hefur samið tónlist við 17 sonnettur eftir Kristján Hreinsson. Tónlistina hefur Þórir Baldursson tónskáld útsett. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 13.00-15.00**

**TÖFRAHORN MEÐ TÖFRAHLJÓÐFÆRI ÁLFANNA**
Töfraflautur álfanna, horn úr tröllheimum og regnbogatromma. Taktu þátt í ævintýri og gerðu þín eigin álfahljóðfæri. Harpa, Vísa, Austurbakka 2

**Kl. 13.00-15.30**

**SÝNDARHVALASKOÐUN FYRIR BÖRN**
Ímyndið ykkur hvalaskoðunarferð, færið síðan ferðina með hugaraflinu frá sjónum og inn í þægindi sýningarrýmis í Hörpu og látið koma ykkur skemmtilega á óvart. Ferðir eru á heila og hálfa tímanum. Harpa, Ríma, Austurbakka 2

**Kl. 13.00-17.00**

**BÍLASÝNING ÍSLENSKA CADILLACKLÚBBSINS**
Íslenski Cadillac-klúbburinn verður á Hörpuplani. Harpa, Hörpuplan, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-17.00**

**STAGE EUROPE NETWORKS**
Harpa í samstarfi við Hitt Húsið býður fimm upprennandi erlendum hljómsveitum á vegum Stage Europe Network að ganga í bæinn og stíga á útisvið. Harpa, Hörputorg, Austurbakka 2

**Kl. 17.00-19.30**

**UNDIRALDAN Á ÚTISVIÐI**
Undiraldan er tónleikaröð Hörpu í samstarfi við 12 Tóna. Boðið verður upp á sérstaka Undiröldudagskrá þar sem gestir og gangandi geta notið ferskra tónlistarstrauma. Harpa, Hörputorg, Austurbakka 2

## Kynning á hátíðum í Reykjavík í Hörpu 2013

**Kl. 13.00-22.00**

**REYKJAVIK FESTIVAL CITY – HEIMILDARMYNDIR**
Reykjavík er kjörinn áfangastaður allan ársins hring. Heimsins nyrsta höfuðborg býður upp á fjölmargar kvikmynda-, sviðslista-, hönnunar- og tónlistarhátíðir auk listsýninga á ýmsum toga. Harpa, Stemma 1, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-22.00**

**REYKJAVIK DANCE FESTIVAL**
Black Yoga Screaming Chamber – Shalala. Öskraðu til að gleyma, slappa af, frelsa hugann, fá orku. Öskraðu án ástæðu. Þessi reynsla gæti breytt lífi þínu. Harpa, Norðurbryggja, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-21.00**

**FOOD AND FUN**
Myndir og vídeó frá Food & Fun hátíðinni frá árinu 2013 gefa fólki sýnishorn af því sem koma skal á næsta ári. Harpa, við 12 Tóna, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-21.00**

**MÝRIN – ALÞJÓÐLEG BARNABÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**
Úti í mýri er alþjóðleg barna- og unglingabókmenntahátíð í Reykjavík. Fjölbreyttir viðburðir fyrir áhugamenn, fagfólk, börn og fullorðna. Harpa, við 12 Tóna, Austurbakka 2

**Kl. 13.00-14.00**

**BLÚSHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR**
Upptaktur verður sleginn fyrir næstu Blúshátíð. Harpa, Hörpuplan, Austurbakka 2

**Kl. 14.00-14.30**

**RIFF**
Kvikmyndahátíðin RIFF býður upp á úrval íslenskra stuttmynda, þar á meðal Child Eater e. Erling Óttar Thoroddsen og Yfir horfinn veg e. Andra Frey Ríkharðsson, sem hlutu sérstaka viðurkenningu á hátíðinni 2012. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 15.00-16.00 og kl. 17.00-18.00**

**BÓKMENNTABORGIN Í REYKJAVÍK – OFURLÍTIL DUGGA**
Bókmenntaborgin Reykjavík býður krökkum og fjölskyldum þeirra í hressilega skáldasiglingu á bátnum Lunda með systkinunum Sigrúnu og Þórarni Eldjárn. Smábátahöfnin við Hörpu, Austurbakka

**Kl. 17.00-18.00 og kl. 19.00-20.00**

**BÓKMENNTABORGIN Í REYKJAVÍK – LJÓÐASIGLING**
Skáldin Sigurbjörg Þrastardóttir og Sigurður Pálsson verða í brúnni á bátnum Lunda á stuttri siglingu um Sundin. Þau munu flytja farþegum eigin ljóð og annarra sem snerta bókmenntaborgina Reykjavík og hafið. Smábátahöfnin við Hörpu, Austurbakka

**Kl. 15.00-16.00**

**MYRKIR MÚSÍKDAGAR**
Hátíðardagskrá Myrkra músíkdaga kynnt. Flytjendur eru Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran. Auk þess eru flutt rafverk eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 16.00-16.30**

**RIFF**
Kvikmyndahátíðin RIFF býður upp á úrval íslenskra stuttmynda, þar á meðal Ástarsaga e. Ásu Helgu Hjörleifsdóttur og Dag eða tvo e. Hlyn Pálmason, sem hlutu sérstaka viðurkenningu á hátíðinni 2012. Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2

**Kl. 16.00-17.00 og kl. 17.00-18.00**

**LÓKAL – ALÞJÓÐLEG LEIKLISTARHÁTÍÐ**
Alþjóðlega leiklistarhátíðin Lókal sýnir brot úr fjórum nýjum verkum sem sýnd verða á hátíðinni í ár sem haldin verður frá 28. ágúst til 1. september. Harpa, Ríma, Austurbakka 2

**Kl. 16.00-18.00**

**AIRWAVES**
Nokkrar hljómsveitir sem komið hafa fram á Airwaves-hátíðinni stíga á svið. Harpa, Silfurberg, Austurbakka 2

## Bakkastígshátíð

**Kl. 14.00-19.00**

**BAKKASTÍGSHÁTÍÐ**
Tónlistaratriði, listasýning, rakvélasafn og eldsmiðjur að störfum þar sem vélsmiðja var áður starfrækt í kringum 1950. Hugljúf gleði á Bakkastíg fram eftir degi. Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 14.00-22.00**

**MEÐ HVERJU RÖKUÐU MENN SIG HÉR Á ÁRUM ÁÐUR?**
Rakspöfur, rafmagnsvélar, rakhnífar og fylgihlutir sem Hörður Þórarinsson hóf að safna fyrir 30 árum verða til sýnis í heild sinni í fyrsta skipti. Beitt rakvélasafn á Vesturgötunni. Rakarastofa Ragnars og Harðar, Vesturgötu 48

**Kl. 14.00-22.00**

**LISTASÝNING Í KOTINU**
Listafólkið Hildur Harðardóttir, Óskar A. Hilmarsson, Kjartan Kjartansson og Davíð Örn Óskarsson sýna þæfð verk og myndir í Kotinu á Bakkastíg. Í Kotinu á Bakkastíg, á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 14.00-22.00**

**TVÆR SARDÍNUR Á PALLI**
Dos Sardinas leikur létt og skemmtileg lög í eldri kantinum á sinn einstaka hátt. Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 15.45-15.05**

**SKÁTAKÓRINN Á GÓÐRI STUND**
Skátakórinn þekkja margir af einskærri gleði og léttleika sem hann einkennir. Kórinn tekur nokkur vel valin lög og hver veit nema þar leynist einhver skátalög. Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 17.15-17.35**

**ÍTRÍÓ Í RÍÓ**
Á meðan meðlimir ÍTRíó eru ekki að sinna öðrum verkum á menningarnótt flytja þeir hér nokkur af sínum best æfðu lögum á Bakkastígshátíð. Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 18.00-18.20**

**BALDURSBANDIÐ**
Baldursbandið er gjarnan þekkt fyrir sína józzuðu tóna. Hér taka þeir nokkra gamla slagara eins og þeir gerast bestir. Fly me to the moon… Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 18.45-19.00**

**DOS SARDINAS**
Dos Sardinas setur skemmtilegan lokahnykk á Bakkastígshátíðina með nokkrum laufléttum tónum. Rakvélasafnið og listasýningin verða þó opin fram eftir kvöldi. Á mótum Bakkastígs og Vesturgötu

**Kl. 14.00-22.00**

**KERTALJÓSASHOW**
Kertastjakar í öllum útfærslum. Háir, lágir, langir, mjóir, samvaxnir, spengilegir, hvítir, bláir, röndóttir og köflóttir eftir ýmsa listamenn. Geirsgötu 5A

**Kl. 14.00-23.00**

**JÁRNBRAUT 2013**
Járnbrautin verður stútfull af tónlist, myndlist, mat og drykk á menningarnótt. Hljómsveitir hússins spila ásamt vel völdum gestum. Allir velkomnir!

Járnbraut – Skapandi Vettvangur, Hólmaslóð 2

**Kl. 14.00-16.00**

**TANGÓ FRÁ HÖFN OG HEIM Í GARÐ**
Tangófélagið dansar tangó í gegnum miðbæ Reykjavíkur. Ferðalagið hefst við höfnina, Slippbarinn og eitt spor eltir annað í gegnum Þingholtin. Slippbarinn, Mýrargötu 2

**Kl. 14.00-19.00**

**LEIRSMIÐJA – SJÁVARDÝR OG FURÐUVERUR**
Allir hjartanlega velkomnir í föndursmiðju á Vinnustofu 31. Gestum og gangandi er boðið að koma og leira sjávardýr og furðuverur. Vinnustofa 31, Grandagarði 31

**Kl. 14.30-15.00**

**MEISTARI JAKOB, SÖNGHÓPUR VALHÚSASKÓLA Á SELTJARNARNESI**
Meistari Jakob flytur nokkur lög af sinni tæru snilld. Vinnustofa Siggu Heimis, Grandagarði

**Kl. 16.00-17.00**

**BLÚS Á CAFÉ HAITÍ**
Blússveit Þollýjar leikur kröftugan ryþmablús í bland við hugljúfari melódíur fyrir gesti og gangandi. Café Haití, Geirsgötu 7b

**Kl. 17.00-21.20**

**HEIMSTÓNLIST OG HAMINGJA**
Eldstöðin Tryggvagötu fagnar menningarnótt með kraumandi tónlistardagskrá og litríkum straumum utan úr heimi. Söngur, trumbusláttur, píanó, brass, strengir og fleira funheitt og skemmtilegt. Eldstöðin, Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11

**Kl. 18.00-22.00**

**IIIF KYNNIR SERIE N°1 REINDEER**
IIIF hönnunarteymið frumsýnir sína fyrstu vörulínu en að þessu sinni vinna þau með hreindýraafurðir og austfirskum framleiðendum. Alliance française, Tryggvagötu 8

**Kl. 20.00-23.00**

**VINNSLAN #6**
Vinnslan er suðupottur grasrótarlistamanna af öllum toga. Komdu og njóttu lista og menningar á gömlu Reykjavíkurbryggjunni, í hvalaskoðunarbát og í gömlu verbúðunum. Grænu verbúðirnar, Geirsgötu 7. Friend in Iceland, Café Haití, Sægreifinn, útiport og hvalaskoðunarbátur við bryggjuna, Grandagarði 8

**23.00-23.10**

**ELDAR – FLUGELDASÝNING**
Hrífandi flugeldasýning í lok kvöldsins. Í sýningunni Eldar gefst gestum tækifæri á að hvíla hugann, njóta dansandi flugelda og finna fegurð og kraft Reykjavíkur umlykja sig sem og aðra gesti menningarnætur. Arnarhóll

## Kvosin

**Kl. 10.00-22.00**

**HANNAÐ Í TRÉ**
Lára Gunnarsdóttir sýnir handgerðar skálar úr birki og lerki. Handverk og hönnun, Aðalstræti 10, 2. hæð

**Kl. 11.00-22.00**

**HAPPDRÆTTI – VINNINGUR: LEYNDARMÁL**
Allir geta lagt símanúmerið sitt í pottinn sem dregið verður úr daginn eftir. Kostar ekkert að vera með. Kogga keramikgallerí & studio, Vesturgötu 5

**Kl. 11.00-20.00**

**HÚLLA HÚLLA FRJÁLS AÐFERÐ**
Kl. 14 og 16 er tónlist og húllamjamasveiflusalsa fyrir þá sem þora. Verðlaun fyrir þann sem getur haldið hringnum lengst á lofti meðan eitt lag er spilað. Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4

**Kl. 11.00-22.00**

**ORB COLLECTION – Á LEIÐ TIL BRETLANDS**
Ella Rósinkrans sýnir veggskúlptúra, stórar ávaxtaskálar. Eldri verk og listaverkaunnendur ákveða verð á verkunum. Léttar veitingar og lifandi tónlist. Center Hotel Plaza, Aðalstræti 4

## Landsbankinn

**HÚSIÐ ER OPIÐ KL. 11.45-18.00**
Felix Bergsson kynnir dagskrá.

**Kl. 12.00, kl. 13.00 og kl. 14.00**

**LISTAVERKAGANGA**
Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur leiðir listaverkagöngu um gamla bankahúsið í Austurstræti og fræðir um listaverk í eigu Landsbankans. Landsbankinn, Austurstræti 11

**Kl. 15.00-15.30**

**LEIKHÓPURINN LOTTA**
Söngvasyrpa með brotum af því besta úr öllum sýningum Leikhópsins Lottu. Landsbankinn, Austurstræti 11

**Kl. 15.30-16.15**

**NÓTAN – TÓNLISTARSKÓLAR GEFA TÓNINN**
Valin atriði frá Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna 2013. Slagverkshópur frá Tónlistarskóla Árnesinga, fiðlu- og píanóleikur frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, samspilshópur frá Tónlistarskóla FÍH og einsöngur frá Söngskólanum í Reykjavík. Landsbankinn, Austurstræti 11

**Kl. 16.15-16.45**

**FREYR EYJÓLFSSON**
Skemmtikrafturinn og útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson verður með uppistand og tekur lagið eins og honum er einum lagið. Landsbankinn, Austurstræti 11

**Kl. 16.45-17.30**

**SIGRÍÐUR THORLACIUS OG HÖGNI EGILSSON ÚR HJALTALÍN**
Sigríður Thorlacius og Högni Egilsson úr hljómsveitinni Hjaltalín flytja hugljúfa tóna fyrir gesti. Landsbankinn, Austurstræti 11

**Kl. 12.00-14.00**

**KAFFIRISTUN**
Te & Kaffi býður gestum og gangandi að koma á kaffihúsið í Aðalstræti að fylgjast með ristun kaffibauna. Tveir brennslumeistarar, Stefán og Dóri, verða á staðnum til að fræða fólk um ferli kaffibaunarinnar frá tínslu til ristunar og þaðan í bollann þinn. Te & Kaffi, Aðalstræti 9

## Iðnó

**Kl. 12.00-17.00**

**SIRKUS ÍSLANDS – SIRKUSFJÖR Í IÐNÓ**
Sirkusskólinn verður á svæðinu og aldrei að vita nema þú hittir fyrir stultufólk.

**16.00 Iðnó, Vonarstræti 3**

**KL. 14.00-16.00**

## Hvað er ósnortin náttúra? – Heimspekikaffihús

Í Heimspekikaffihúsinu er tekist á við stóru spurningarnar. Svör finnast þegar margir koma saman og virða reglur rökræðunnar. Iðnó, Vonarstræti 3, 2. hæð

**Kl. 14.00-16.00**

**TESTOFA Í IÐNÓ**
Tefélagið býður gestum að setjast niður í erli dagsins og smakka oolong-te, hvítt, grænt og svart te. Iðnó 3. hæð, Vonarstræti 3

**Kl. 16.00-21.00**

**BRIDDS GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA**
Bridgesamband Íslands verður með briddsspilamennsku á fjórum til fimm borðum. Allir velkomnir til að taka þátt og grípa í spil, jafnt ungir sem aldnir, byrjendur og lengra komnir. Iðnó, 2. hæð, Vonarstræti 3

**Kl. 18.00-18.45**

**DILLANDI DJARFUR-DJASS OG BLÚS**
Blúsinn og djassinn ráða hér ríkjum og mun tónlistarkonan Brynhildur Oddsdóttir syngja og spila eigið efni í bland við einstaka ábreiður ásamt fullskipaðri hljómsveit. Iðnó, Vonarstræti 3

**Kl. 19.30-20.40**

**FÖGUR ER JÖRÐIN**
Flutt verða 10-15 lög samin af Óskari Guðnasyni við ljóð úr ljóðabókinni Bréf til næturinnar eftir Kristínu Jónsdóttur. Bókin er metsöluljóðabók á Íslandi og eru ljóðin opinská og einlæg með sterk tengsl við íslenska náttúru. Iðnó, Vonarstræti 3

**Kl. 21.00-22.30**

**EDDA BORG MUSIC PROJECT**
Tónlistarkonan Edda Borg sýnir á sér nýja hlið og leikur tónlist af sínum fyrsta sólógeisladiski með framúrskarandi hljómsveit. Iðnó, Vonarstræti 3

## Ráðhús

**Kl 13.00-13.40**

**HLJÓMSVEITIN 4 1/2**
Hljómsveitin 4 1/2 er skipuð fimm ungum drengjum úr Árbænum sem flytja frumsamin lög auk nokkurra erlendra ábreiða. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

**Kl 14.00-14.30**

**MÚFASA MAKEOVER**
Andri Már Magnason og Atli Jasonarson eru eldhressir nýstúdentar og rapparar sem flytja frumsamin lög fyrir alla þá sem vilja ljá þeim eyra. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

**Kl. 14.40-14.47**

**MAGADANS MADNESS**
Magadansarar taka trylltan en fágaðan dans sem allir geta notið og þú mátt hrista rassinn með okkur. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

**Kl 15.00-15.40**

**SNORRI HELGASON**
Tónlistarmaðurinn góðkunni Snorri Helgason tekur nokkur lög. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

**Kl. 16.00-16.40**

**MEISTARAR DAUÐANS**
Hljómsveitin Meistarar dauðans samanstendur af kornungum strákum. Þeir unnu Tónabær rokkar og Tónsköpunarverðlaun menningarhátíðar og nú verður Ráðhúsið rokkað í sundur. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

**Kl 18.00-18.40**

**ALAN JONES**
Brot af því besta úr sýningu sem verður í Hörpu í september, Alan Jones and the MJ Experience. Ráðhúsið, Tjarnargötu 11

## Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

**Kl. 12.00-13.00**

**LUNCH BEAT – HÁDEGISTAKTUR**
Reykjavík Dance Festival býður upp á Lunch Beat í hinu magnaða umhverfi Hafnarhússins. Eina reglan er að dansa! Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagötu 17

**Kl. 12.00-23.00**

**BLACK YOGA SCREAMING CHAMBER**
Kassi sem hægt er að stíga inn í og öskra – eins lengi og þú vilt. Skrifaðu niður netfang og þú getur fengið öskrið sent til þín. Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagötu 17

**Kl. 16.00-20.00**

**LÚÐURHLJÓMUR Í SKÓKASSA – GJÖRNINGAR MAGNÚSAR PÁLSSONAR 1980-2013**
Starfsmenn safnsins ganga um sýninguna og spjalla við gesti og gangandi. Einstakt tækifæri fyrir fjölskylduna að fræðast um listaverk Magnúsar. Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagötu 17

**Kl. 16.00-20.00**

**HUGINN ÞÓR ARASON OG ANDREA MAACK – KAFLASKIPTI**
Starfsmenn safnsins ganga um sýninguna og spjalla við gesti og gangandi. Einstakt tækifæri fyrir fjölskylduna að fræðast um sýningu Hugins og Andreu. Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagötu 17

## Borgarbókasafn

**Kl. 13.00-15.00**

**BROSBÓKIN**
Útgáfu barnabókarinnar Brosbókin verður fagnað og opnuð sýning á myndum og texta úr bókinni eftir Jónu Valborgu Árnadóttur og Elsu Nielsen. Upplestur, föndur og fleira. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15, 1. hæð

**Kl. 13.00-22.00**

**LEITIN AÐ TÝNDA BROSINU**
Brosleit fyrir alla fjölskylduna. Bros eru falin á ýmsum stöðum í Borgarbókasafni. Gestir geta leitað að þeim á milli bóka, á veggjum eða annars staðar. Nokkrir heppnir þátttakendur fá glaðning. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15

**Kl. 17.00-18.00**

**LÁTUM BROSIÐ GANGA. OPINN HLJÓÐNEMI FYRIR 2-100+ ÁRA**
Kanntu brandara, skemmtilega sögu, hefurðu lent í einhverju fyndnu eða langar til að segja eitthvað sem getur kveikt bros eða hlátur? Fólk á aldrinum tveggja til yfir hundrað er hvatt til að láta ljós sitt skína. Hljóðneminn bíður eftir skemmtilegheitunum sem verða að vera örstutt svo allir komist að. María Pálsdóttir leikkona stýrir. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15, 1. hæð

**Kl. 17.30-19.00**

**BROSSMIÐJA**
Búðu til bros til að skella upp við öll tækifæri. Fyrir börn og fjölskyldur. Leiðbeinandi er Kristín Arngrímsdóttir myndlistarmaður. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15, 1. hæð

## Kaffi Gæs

**Kl. 13.00-23.00**

**KOMPUDAGUR**
Komdu og skoðaðu alls konar gamlar og nýjar gersemar, listaverk, handverk, föt, skó og húsgögn svo eitthvað sé nefnt. Kaffi GÆS, Tjarnarbíói, Tjarnargötu 12

**Kl. 13.00-23.00**

**SPÁDÓMSÞRYKK OG BOLLAMYNDIR**
Halla Óskarsdóttir sýnir þrykkmyndir unnar með ætingu. Kaffibollar voru undirbúnir fyrir spádómslestur eftir kúnstarinnar reglum sem að lokum var þrykkt á blað ásamt myndinni af bollanum. Kaffi GÆS, Tjarnarbíói, Tjarnargötu 12

**Kl. 17.00-18.30**

**SÖNGFUGLARNIR**
Edgar Smári og Jana María flytja falleg lög og hugljúfar dægurperlur eins og þeim einum er lagið.

**Kl. 13.00-17.00**

**GÖTUVEISLA**
Gistihúsaeigendur, íbúar og verslunareigendur bjóða upp á götuveislu með vöfflukaffi og tónlist. Ránargötu 1-16

**Kl. 13.00-18.00**

**OPIÐ HÚS Á BORGARSKJALASAFNI**
Að þessu sinni tengist þemað börnum og foreldrum þeirra. Sýning verður um börn í borg, einföld getraun og börnum boðið upp á að föndra og lita, meðal annars að gera grímur. Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 3. hæð

**Kl. 13.00-13.30 og kl. 14.00-14.30**

**SÖNGVASYRPA LEIKHÓPSINS LOTTU**
Leikhópurinn Lotta er þekktur fyrir fjölskylduleiksýningar sínar utandyra. Söngvasyrpan er brot af því besta í gegnum árin og koma margar skemmtilegar persónur í heimsókn. Grjótatorg, Vesturgötu 5b

**Kl. 13.00-20.00**

**TEARS CHILDREN´S CHARITY**
Flutt verður tónlist frá Kenía, trommusláttur og ástarsöngvar þar sem gleðin ræður ríkjum og fagrir listmunir frá Kenía fanga augað. Lækjartorgi

**Kl. 14.00-22.00**

**HAMRAÐ MEÐAN HEITT ER**
Það lifir enn í gömlum glæðum. Eldsmiðir blása nýju lífi í þessa gömlu list og loftið mun sindra þessa nótt. Á horni Vesturgötu og Aðalstrætis 7

**Kl. 14.00-18.00**

**NORÐURHEIMSKAUTIÐ AÐGENGILEGT**
Fallegar myndir sem sýna fjölbreytileikann á hinu einstaka heimskautasvæði Kanada. Hallveigarstaðir, anddyri, Túngötu 14, 1.hæð

## Sendiskrifstofa Færeyja

**Kl. 14.00-18.00**

**SILJA STRØM**
Einstök færeysk listakona sem opnar okkur ævintýraheim í verkum sínum, sannkallaða draumaveröld þar sem menn og dýr eru í fyrirrúmi. Sendiskrifstofa Færeyja, Túngötu 14 (jarðhæð)

**Kl. 14.30-15.00**

**STANLEY SAMUELSEN**
Stanley spilar hugljúf lög, en hann er einn fremsti kassagítarleikari Færeyja. Sendiskrifstofa Færeyja, Túngötu 14 (jarðhæð)

**Kl. 16.00-17.00**

**SLÁIÐ RING**
Hinn hefðbundni færeyski hringdans verður stíginn við söng úr Suðurey í Færeyja. Frábært tækifæri til að sjá færeyska sagnahefð. Sendiskrifstofa Færeyja, Túngötu 14 (jarðhæð)

## Hitt húsið

**Kl. 14.00-17.00**

**RITSVEINNINN RÉTTSÝNI SÝNIR EIGIN RITVERK**
Götulistahópurinn Operation Creed vinnur að tveimur ólíkum krítarverkum fyrir utan Hitt Húsið. Verkin eru byggð á rannsókn hópsins á primitívískri listgerð, en fléttað verður saman stílum úr mismunandi menningarheimum svo úr verður epnískur hrærigrautur. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 14.00-17.00**

**GALLERÍ TUKT**
Sýning á teikningum og málverkum eftir Sockface, unga konu á einhverfurófi. Lög af plötu hennar, Rat Manicure. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 14.00-14.20**

**GÖTULEIKHÚSIÐ**
Götuleikhúsið gefur litunum meira líf! Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 14.20-14.40**

**SPUNAHLJÓMSVEITIN SAGITARIA RAGA**
Spunahljómsveitin Sagitaria Raga leikur frjálsa spunatónlist. Hópurinn hefur í sumar einblínt á kosti og galla spunatónlistar og ferðast um ókortlagðar slóðir í tónlistarsköpun sinni. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 14.45-15.05**

**SVIÐSLISTAHÓPURINN SUS**
Sviðslistahópurinn SUS sýnir ævintýrið Hjartalausi risinn í nýjum búningi með frumsaminni tónlist. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 15.10-15.30**

**TROMMUHRINGUR SLAGVERKS**
Listhópurinn Slagverk trommar í hringi. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 15.35-15.55**

**STRINGOLIN**
Stringolin fiðluleikari leikur þekkt verk frá klassíska tímabilinu ásamt vinsælustu útvarpslögum sumarsins. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 16.00-16.15**

**SVIÐSLISTAHÓPURINN SUS**
Sviðslistahópurinn SUS býður gangandi vegfarendum að velja sér mínútulangan menningarbút af Menningarmatseðli. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 16.20-16.40**

**LISTHÓPURINN TÓMAMENGI**
Listhópurinn Tómamengi frumsýnir myndbandsverk fyrir framan gömlu lögreglustöðina í Pósthússtræti. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 16.40-17.00**

**HLJÓMSVEITIN KASIA**
Hljómsveitin Kasia samanstendur af þremur ungum tónlistarkonum sem hafa í sumar glætt borgina lífi með tónlist eftir konur. Þær flytja eigin útsetningar á fjölbreyttri tónlist eftir hin ýmsu kventónskáld. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5

**Kl. 14.00-20.00**

**MYNDLISTARSÝNING ÁSAMT PRJÓNAVÖRUM**
Nýjung í myndlist eftir Glósu. Myndirnar eru handgerðar úr eggjaskurn frá íslenskum landnámshænum. Einnig verða handprjónaðar lopavörur frá HSS handverk. Gullsmiðja Óla, Veltusund 1 v/ Ingólfstorg í húsi Einars Ben (kjallara)

**Kl. 14.00-16.00**

**MENNINGARSETUR MUCK**
Hljómsveitin Muck býður gestum og gangandi að skyggnast inn í líf og sögu íslenskrar jaðarrokksveitar. Aðalstrætið, Aðalstræti 7

**Kl. 14.00-19.00**

**GARÐPARTÍ HRESSINGARSKÁLANS Á MENNINGARNÓTT**
Hressingarskálinn verður með sex hljómsveitir í garðinum sem spila fagra tóna fyrir gesti. Hljómsveitirnar eru Dorian Gray, Blær, Solar, Scarlet, Sister Sister, Ramses rappari og Dukagjin. Hressingarskálinn, Austurstræti 20

**Kl. 14.00-22.00**

**YFIRGEFIN LIST**
Félagar í Félagi frístundamálara gefa myndlist. Málverk eru falin á ýmsum stöðum í miðbænum og sá á fund sem finnur. Víðs vegar um miðbæinn

**Kl. 14.00-20.00**

**LAME DUDES OG VINIR DJAMMA VIÐ THORVALDSEN BAR**
Hljómsveitin Lame dudes stendur fyrir fjölbreyttri tónlistardagskrá ásamt fjölda annarra listamanna og leika töfrandi tóna sem munu óma yfir Austurvöll. Thorvaldsen, við Austurvöll

**Kl. 14.00-17.00**

**FORNLEIFADAGUR FJÖLSKYLDUNNAR**
Á Landnámssýningunni gefst færi á að kynnast hinum spennandi heimi fornleifafræðinnar, m.a. með fornleifauppgreftri fyrir krakka og dýrabeinarannsóknum. Landnámssýningin, Aðalstræti 16

**Kl. 14.00-16.00**

**SJÓÐHEIT OG SUÐRÆN SALSASVEIFLA**
Dansarar frá Salsa Iceland hita torgið upp með trylltum salsadansi ásamt því að kenna gestum og gangandi byrjendasporin í salsa. Lækjartorg, fyrir framan Héraðsdóm Reykjavíkur

**Kl. 14.00-22.00**

**SJÁVARFANG OG LIFANDI ÞRYKK**
Þrykkjarar á verkstæði félagsins þrykkja með ýmsum aðferðum. Ráfætingar á veggjum og stuð. Í sal er sýning Ástu Guðmundsdóttur, Sjávarfang. Íslensk

grafík - Sýningarsalur og verkstæði, Tryggvagata 17, Hafnarhúsið hafnarmegin

**Kl. 14.00-18.00**

**FJÁRMÁLAGJÖRNINGAR HEIMILANNA**

Hagsmunasamtök heimilanna sviðsetja fjármálagjörninga. Lifandi tónlist, andlitsmálning, töfrabrögð, verðtrygging og afskriftir. Veitingar fullnaðarkvittana og smökkun skuldasúpu fyrir hugrakka. Skráning á staðnum. Biðstöð almenningssamgangna, Lækjartorgi

**Kl. 15.00-20.00**

**PLASTHAFIÐ**

Ungir umhverfissinnar fræða almenning um alvarlega og vaxandi plastmengun í hafinu, leiðir til að sporna við henni og mikilvægi endurvinnslu. Grjótatorg, Vesturgata 5b

**Kl. 15.00-17.00**

**GÓÐGERÐARAKSTUR HOG CHAPTER ICELAND**

HOG býður upp á akstur kringum Tjörnina til heiðurs UMHYGGJU kl. 14.30. Við Alþingishúsið, Austurvelli

**Kl. 16.00-18.00 og kl. 19.00-21.00**

**ANDI SÓKRATESAR SVÍFUR YFIR REYKJAVÍK**

Véfréttin boðar komu gríska heimspekingsins Sophiu sem tjalda mun í hjarta Reykjavíkurborgar og bjóða Íslendingum upp á heimspekilegar samræður í anda Sókratesar. Stéttin við Vesturgötu 5

**Kl. 16.00-21.00**

**MYNDLIST ÚR ÞREMUR HEIMSHORNUM**

Myndlist þriggja listamanna frá þremur löndum bregður birtu á fjölbreytileika og sköpunargleði sem endurspeglar mannlífið og litróf ólíkra en sammannlegra sjónarhorna á lífið og tilveruna. Hafnarloftið/HarbourLoft, Lækjartorg 5, 4. hæð

**Kl. 16.30-18.30**

**PAULINE SYNGUR SWING**

50's Swing & Big Band Pauline McCarthy flytur lög eftir Frank Sinatra, Shirley Bassey, Dean Martin og fleiri. Verslunin Kvosin Café, Aðalstræti 6-8

**Kl. 17.00-17.30**

**RAULAÐ ÚR RÆMUM**

Hinn stórgóði og vinsæli kór Söngfjelagið Góðir grannar mun flytja kvikmyndatónlist og önnur lög í bland, sér og öðrum til yndisauka. Við Grófarhúsið, Tryggvagötu 15

**Kl. 17.00-23.00**

**UPPSKERUHÁTÍÐ F.Í.R. Á MENNINGARNÓTT**

Plötusnúðar F.Í.R. spila undir dansi og kynna sín nýju lög. Einnig mun eldlistamaðurinn Inferno leika listir sínar. Kaffi Zimsen, Hafnarstræti 18

**Kl. 17.00-17.45**

**NORRÆN SÍÐSUMUR**

Söngvar um norræn sumur, um náttúru og fegurð, um ást og rómantík verða fluttir af Ursus Kammarkór frá Stokkhólmi. Dómkirkjan, Lækjargötu 14a

**Kl. 18.00-19.00**

**SVÆSIÐ OG RÓMANTÍSKT**

Gönguferðin Tilhugalíf í borginni, þátttakendur leiddir um stefnumóta- og næturlífsfrumskóg Reykjavíkurborgar. Sannar sögur þótt sumar séu lygilegar! Gangan hefst við veitingastaðinn UNO, Hafnarstræti 1-3

**Kl. 18.15-19.00**

**KÓRGLEÐI Í GARÐI**

Frænkukórinn Fjörðurnar syngur fyrir gesti og hvetur til samsöngs, gleði og gamans. Garðurinn Hólatorgi 4

**Kl. 19.30-20.30**

**TUNGLSKINSNÓTT VIÐ HAFNARBAKKANN**

Tónleikar tileinkaðir Tómasi Guðmundssyni þar sem Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Margrét Hannesdóttir og Sigurður Helgi Oddsson flytja lög við texta skáldsins. Dómkirkjan í Reykjavík, Lækjargötu 14a

**Kl. 20.00-22.30**

**ÚTITÓNLEIKAR BYLGJUNNAR**

Fram koma Dikta, Á móti sól, Björgvin Halldórsson og Stuðmenn. HljóðX sviðið á Ingólfstorgi

# Vatnsmýrin

## Þjóðminjasafn Íslands

**Kl. 11.00-12.00**

**LEIÐSÖGN Á ENSKU**

Leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41

**Kl. 13.00-15.00**

**Á VIT MINNINGANNA**

Sérfræðingar í minningavinnu taka á móti gestum á öllum aldri í minningaherbergi Þjóðminjasafnsins. Spjallað um minningar gesta. Þjóðminjasafn Íslands, Minningarherbergi, Suðurgötu 41

**Kl. 14.00-15.00**

**FURÐUR ÚR FORTÍÐ – BARNALEIÐSÖGN Í ÞJÓÐMINJASAFNINU**

Barnaleiðsögn um Þjóðminjasafnið þar sem skoðaðir verða ýmsir forvitnilegir gripir úr fortíðinni, til dæmis eldgamlar beinagrindur, álfapottur og dularfullar rúnir. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41

**Kl. 14.00-15.00**

**SIGFÚS EYMUNDSSON MYNDASMIÐUR – FRUMKVÖÐULL ÍSLENSKRAR LJÓSMYNDUNAR**

Leiðsögn Ívars Brynjólfssonar um sýningu á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar, frumkvöðuls ljósmyndunar á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands, Myndasalur, Suðurgötu 41

**Kl. 15.00-16.00 og kl. 16.00-17.00**

**RADDIR FORTÍÐAR**

Raddir fortíðar er lifandi leiðsögn á íslensku um Þjóðminjasafnið þar sem landnámsfólk, munkar og fleiri persónur lifna við. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41

**Kl. 18.00-19.00**

**SIGFÚS EYMUNDSSON MYNDASMIÐUR – FRUMKVÖÐULL ÍSLENSKRAR LJÓSMYNDUNAR**

Leiðsögn Ingu Láru Baldvinsdóttur um sýningu á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar, frumkvöðuls ljósmyndunar á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands, Myndasalur, Suðurgötu 41

**Kl. 19.30-20.30**

**AF JÖRÐU – ÍSLENSK TORFHÚS**

Hjörleifur Stefánsson arkitekt fjallar um bók sína Af jörðu – íslensk torfhús. Torfhúsaarfurinn skoðaður út frá nýjum sjónarhornum. Þjóðminjasafn Íslands, Fyrirlestrarsalur, Suðurgötu 41

**Kl. 20.30-21.15**

**LÉTTIR OG LEIKANDI JAZZTÓNAR**

Húsband Þjóðminjasafnsins leikur djass í anddyri Þjóðminjasafnsins. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41

**Kl. 12.00-16.00**

**TRYLLT TALFJÖR**

Tal verður með hoppukastala fyrir börnin á túninu við Hljómskálagarðinn. Á túninu við Hljómskálagarðinn, Sóleyjargata

**Kl. 13.00-19.00**

**ENDURMINNINGAR HLJÓMSKÁLANS – FRÁ LÚÐRUM AÐ LÝÐRÆÐI**

Samstarfsverkefni Berglindar Jónu Hlynsdóttur myndlistarkonu og Guðmundar Steins Gunnarssonar tónskálds. Hljómskálinn fær orðið og tjáir sig um sögu sína og framtíðarhugmyndir. Einnig verður frumflutt nýtt tónverk byggt á Hljómskálanum. Hljómskálinn, Sóleyjargata

**Kl. 13.30-17.00**

**SKÁTAFJÖR Í HLJÓMSKÁLAGARÐI**

Skátar í Reykjavík verða með skátaleiktæki og kynna vetrardagskrá sína. Hljómskálagarður

**Kl. 15.00-19.00**

**C²**

Myndverk og teikningar unnar hver í sínu horninu en sameinast í efnivið sem dregur ólíka heima myndlistar og grafík saman. Hljómskálinn, Sóleyjargata

**Kl. 18.00-19.00**

**ARTWRITE**

Í Artwrite fjalla Andrea Hörður og Guðmundur Pétursson (gítar) af fingrum fram um margfaldleika þeirrar nærveru sem líkaminn býr yfir. Norræna húsið, Sturlugötu 5

# Þingholtin



## Listasafn Íslands

**Kl. 14.00-14.50**

**VINNUSTOFUSPJALL – GUÐFAÐIR ÍSLENSKRAR LANDSLAGSLISTAR**

Rakel Pétursdóttir fjallar um líf og list Ásgríms Jónssonar. Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74

**Kl. 16.00-16.50**

**SEIÐANDI TÓNAR**

Duende í Listasafni Íslands. Flamencotónlist í flutningi gítarleikaranna Símonar Helga Ívarssonar og Ívars Símonarsonar. Listasafn Íslands, salur 3, Fríkirkjuvegi 7

**Kl. 17.00-17.40**

**VINNUSTOFUSPJALL – MEMENTO MORI**

Sara Riel ræðir við gesti. Listasafn Íslands, salur 1, Fríkirkjuvegi 7

**Kl. 18.00-18.50**

**ART LAB**

Listsmiðja fyrir alla fjölskylduna. Listasafn Íslands, vinnustofa barna, Fríkirkjuvegi 7

**Kl. 20.00-20.50**

**SÖNGFJELAGIÐ**

Fjölbreyttur og lifandi kórsöngur. Listasafn Íslands, salur 3, Fríkirkjuvegi 7

**Kl. 21.00-21.50**

**TVÖ LOFTRÖR OG SLAGHARPA**

Jón Guðmundsson og Berglind Stefánsdóttir flautuleikarar, ásamt Arnhildi Valgarðsdóttur píanóleikara, munu fylla Listasafnið af tónum Köhlers, Dopplerbræðra og meistara CPE Bach. Listasafn Íslands, pallur, Fríkirkjuvegi 7

**Kl. 13.30-14.00**

**MEISTARI JAKOB, SÖNGHÓPUR VALHÚSASKÓLA Á SELTJARNARNESI**

Meistari Jakob flytur nokkur lög af sinni tæru snilld. Ella, Ingólfsstræti 5

**Kl. 13:00-15.00**

**SENDIHERRA BANDARÍKJANNA OPNAR HEIMILI SITT**

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Luis E. Arreaga, opnar á ný vistarverur sínar á menningarnótt. Sérstök sýning til að minnast þess að 50 ár eru liðin frá I have a dream ræðu Martins Luthers King ásamt Art in Embassies sýningu sendiherrans. Sendiherrabústaðurinn, Laufásvegi 23

**Kl. 14.00-16.00**

**VÖFFLUKAFFI**

Íbúar Þingholtanna bjóða gestum og gangandi í vöfflur og kaffi á eftirtöldum stöðum:
Ingólfsstræti 21a, Bjargarstíg 17, Freyjugötu 28, Grettisgötu 35b, Grundarstíg 4, 2h., Njarðargötu 9, Óðinsgötu 8b, Þingholtsstræti 27, 3h, Hellusund 2, Ránargötu 1-16 og Laufásvegi 10.

**Kl. 14.00-16.00**

**GARÐVEISLA**

Boðið verður upp á nýbakaðar vöfflur og kaffi í garðinum. Einnig verður flutt lifandi tónlist innan um verk Þorbjargar Pálsdóttur myndhöggvara. Ýmsir flytjendur, m.a. hljómsveitin Útidúr. Í garðinum á Ingólfsstræti 21a (bakhús)

**Kl. 14.00-23.00**

**ELSKUM FÓLK TIL LÍFS**

Líknarfélagið Spörvar Reykjavík (UNITEDS REYKJAVÍK) kynnir starfsemi sína sem fyrst og fremst beinir kröftum sínum til þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Við leggjum áherslu á gleði, kærleika og vináttu á þessum degi. Tónlistin er allt frá danstónlist til gospels. Svið á horni Skólavörðustígs og Laugavegs

## Loft Hostel

**Kl. 13.30-15.30**

**Í TÓN OG MYND**

Í Tón og mynd er lifandi viðburður þar sem hægt er að upplifa samspil tónlistar og kvikmynda. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 16.00-16.30**

**EINAR LÖVDAHL OG HJÖRÐIN**

Einar Lövdahl leikur lög af nýútgefinni plötu sinni, Tímar án ráða, ásamt tónklíku sinni sem ber nafnið Hjörðin. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 16.45-17.20**

**ÞAÐ SÉST TIL SOLAR Á LOFT HOSTEL**

Hljómsveitin Solar leikur frumsamda popptónlist. Lög sveitarinnar eru melódísk og grípandi, búa yfir drungalegum keim en eru afslöppuð á sama tíma. Hljómsveitameðlimir hafa mikla reynslu af hljóðfæraleik en þeir eru allir nemendur við tónlistarskóla FÍH. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 17.30-18.00**

**HELGA RAGNARSDÓTTIR**

Helga Ragnarsdóttir hefur starfað í ýmsum kimum listalífsins í Reykjavík og lagt stund á nám í tónlist og japönsku. Hún flytur okkur nokkur vel valin íslensk og japönsk lög. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 18.15-18.45**

**BABIES**

Babies skipa átta manneskjur sem hafa það sjálfskipaða markmið að kveikja í lendum og hjörtum dansþyrsta einstaklinga í leit að hjartaró og hamingju. Hljómsveitin hefur hingað til verið þekkt fyrir einstaklega vandaðar ábreiður af hinum ýmsu slögurum en hefur undanfarið verið að sækja í sig veðrið með frumsamin sálarskotin lög sem gefa tökulögunum ekkert eftir. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 19.00-20.00**

**GULL FUNK OG BLEISER**

Húsband Loft Hostel, Gull funk og bleiser troða upp með einstaka blöndu af djass, fönk og afrobeat með smá dass af hipphoppi. Hljómsveitin er skipuð einvalaliði tónlistarmanna og þykir fullvíst að hún muni koma gestum og gangandi í spariskapið. Loft Hostel, Bankastræti 7

**Kl. 14.00-15.30 og kl. 16.00-17.30**

**KÁNTRÍSKOTIN ALÞÝÐUTÓNLIST**

Sveitasynir spila heimagerða lífrænt ræktaða hljómbæra gleðitónlist og kynna um leið disk sinn, Þá áttu líf. Lækjarbrekka, Bankastræti 2 (portið)

**Kl. 14.00-19.00**

**GANGIÐ Í BÆINN**

Gamla bíó er opið og gestum boðið að ganga um húsið og kynna sér sögu þess ásamt því að skoða tillögur að breytingu á húsinu fyrir framtíðar áform. Gamla bíó, Ingólfstræti 2

**Kl. 14.00-20.00**

**ÞRENGIR ÞÆGINDAHRINGURINN AÐ ÞÉR?**

JCI opnar húsið og kynnir starfsemina. Boðið er upp á fjölbreytt tónlistar- og skemmtiefni eins og hljómsveitina Fox train safari, ýmiss konar örfyrirlestra og aðrar uppákomur. JCI Ísland, Hellusundi 3

**Kl. 14.00-18.00**

**GUÐS BARNIÐ EITT ÉG ER**

Meðlimir og trúboðar Kirkju Jesú Krists hinna síðari daga heilögu kynna kirkjuna, svara spurningum og leyfa börnum að föndra. Við Fríkirkjuveg 7

**Kl. 15.00-17.00**

**ORKUSPRENGJA – BRASILÍSKA BARDAGALISTIN CAPOEIRA**

Capoeira-félagið á Íslandi kynnir Capoeira. Brasilísk orkusprengja af tónlist, dansi, bardagalist og mikilli gleði. Allir geta tekið þátt. Hallargarðurinn, Fríkirkjuvegi 11

**Kl. 15.00-17.00**

**HARPA ÁRNADÓTTIR – MILT REGN**

Harpa Árnadóttir opnar myndlistarsýningu sína í Slippnum. Harpa flytur gjörning á opnun og Sigríður Thorlacius söngkona flytur djassstandarda. Slippurinn, hárgreiðslustofa, Skólavörðustíg 25a

**Kl. 15.00-18.00**

**JAM SESSION MEÐ DANS BRYNJU PÉTURS**

Dans Brynju Péturs heldur danspartý. Komdu og kynntu þér street-dans á Íslandi en vetrarönnin hefst 9. september. Taflborðið, Lækjarbrekku, Bernhöftstorfa

**Kl. 16.00-17.00**

**TÍSKUSÝNING Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG**

Fögur fljóð frá Elite flæða um strætin íklædd fallegum klæðum og bera glæsilegt skart og fylgihluti. Sjoppan sér um að þessi fögru fljóð eru vel greidd og strokin. Göngugata Skólavörðustígs (neðri hluti)

**Kl. 16.00-18.00**

**ÞRASIÐ 2013**

Hér mætast stálin stinn í úrslitum Þrassins, ræðukeppni í anda MORFÍS. Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu keppninnar. Mæðragarðurinn, á horni Lækjargötu og Bókhlöðustígs

**Kl. 17.00-19.00**

**FRJÁLSLEGUR LJÓÐLESTUR FRÍYRKJUNNAR Í FRÍKIRKJUNNI**

Fríyrkjan er skáldskaparhópur ungs fólks á Íslandi. Fyrsta ljóðabók Fríyrkjunnar kemur út samhliða ljóðalestri sem þér er boðið til í Fríkirkjunni. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5

**Kl. 17.00-22.00**

**JARÐHÆÐ**

Ljósmyndasýning þar sem Reykjavík er skoðuð frá óvenjulegu sjónarhorni, hvað er undir fótum þér. Íslenskur ferðamarkaður ehf, upplýsingamiðstöð, Bankastræti 2

**Kl. 17.17-17.30**

**ÖÐRUVÍSI TÍSKUSÝNING**

Vetrarlína GuSt verður kynnt á óhefðbundinn hátt, dansandi, brosandi gleði í Bankastrætinu. Fyrir utan verslun GuSt, Bankastræti 11

**Kl. 17.30-20.00**

**ATALA ÚTIJÓGA**

Endurnærandi kundalini-jóga fyrir alla fjölskylduna undir berum himni. Komdu og finndu orkuna sem býr innra með þér. Hallargarðurinn, Fríkirkjuvegi 11

**Kl. 20.30-21.30**

**KSS FUNDUR**

KSS – Kristileg skólasamtök, félagsskapur ungs fólks á aldrinum 15-20 ára heldur opna samverustund fyrir alla aldurshópa. Tónlist, skemmtiatriði og hugleiðing. Menntaskólinn í Reykjavík (hátíðarsal), Lækjargata 7

**Kl. 22.00-22.45**

**STEFNUMÓT Í FRÍKIRKJUNNI**

Gunnar Gunnarsson og Ellen Kristjánsdóttir flytja lög um ástina. Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson les texta um kærleika og samskipti. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5

## Goðahverfið

**Kl. 12.00-18.00**

**VÍKINGAR Í VÍGAHUG**

Víkingafélagið Einherjar slær upp tjaldi og verður með ýmiss konar víkingasprell. Kynning á félaginu og starfsemi þess. Hallgrímstorg 1

**Kl. 12.00-18.00**

**MARGBREYTILEIKI Á ÓÐINSTORGI**

Dans og tónlistaratriði, sýning Heimilisiðnaðarsambandsins, föndursmiðja fyrir börnin og nágrannarnir Frú Lauga og Snaps verða á svæðinu. Óðinstorg

## Listasafn ASÍ

**Kl. 13.00-17.00**

**TILFÆRSLUR – LISTSÝNING DIDDU HJARTARDÓTTUR LEAMAN**

Didda Hjartardóttur Leaman sýnir málverk og myndband sem skrásetur ákveðna gönguleið. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

**Kl. 13.00-17.00**

**MÁLVERKASÝNING HÖDDU FJÓLU REYKDAL**

Hadda Fjóla Reykdal sýnir olíumálverk og vatnslitamyndir sem miðla litbrigðum, veðrabrigðum og stemningum landslags og veðurs. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

**Kl. 15.00-15.30**

**LISTAMANNASPJALL HÖDDU FJÓLU REYKDAL**

Hadda Fjóla Reykdal leiðir gesti um málverkasýningu sína og segir frá listsköpun sinni. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

**Kl. 15.30-16.00**

**LISTAMANNASPJALL DIDDU HJARTARDÓTTUR LEAMAN**

Didda Hjartardóttur Leaman leiðir gesti um sýningu sína Tilfærslur og segir frá listsköpun sinni. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

**Kl. 13.00-14.30**

**HOLTIÐ OG HAFIÐ**

Birna Þórðardóttir hjá Menningarfylgd Birnu og Jón Proppé listfræðingur leiða gesti frá Skólavörðuholti í átt til hafs. Æðar borgarinnar hríslast frá holti til hafs og hafi til holts. Upphaf og endir og upphaf ... með tónlistarívafi. Skólavörðuholt hjá Leifi Eiríkssyni

**Kl. 13.00-18.00**

**PÖNNUKÖKUGARÐVEISLA**

Boðið verður upp á dásamlegar pönnukökur, kaffi og ýmislegt fleira í garðinum. Bakgarður, Þórsgötu 5

**Kl. 13.00-18.00**

**SKAPANDI OG SKEMMTILEGT**

Listakonur taka á móti gestum. Kl. 13.00 sýnir Svafa útskurð í postulín. Kl. 13.30 sýnir Harpa hreiðurgerð úr vír. Kl. 14.30 málar Þóra með vatnslitum. Kl. 15.30 þrykkir Elva grafíkverk. Kl. 16.30 vinnur Helena úr roði og kl. 17.30 Ólöf mótar leir. Listaselið, Skólavörðurstíg 17

**Kl. 13.00-13.20**

**TANYA OG ZUMBA-DÍVURNAR**

TANYA og zumba-dívurnar frá HRESS dansa eldheitt salsa, swing og cumbia. Óðinstorg

**Kl. 13.00-17.00**

**REYKJAVÍK – MANNLÍF OG INNKAUPAKERRUR**

Gunnar Marel Hinriksson sýnir ólíkar myndir með aðferðum tveggja tíma – svarthvítar filmumyndir af mannlífi í miðbænum og instagrammaðar innkaupakerrur. Garðurinn við Skólavörðu-

stíg 38 (við hliðina á Eggert feldskera)

**Kl. 14.00-17.00**

**DJÚP SLÖKUN MEÐ GONGI**
Ljósheimar, miðstöð fyrir huga, líkama og sál, bjóða hugleiðslu, slökun og gong-næringu innan um listaverk Einars Jónssonar. Kosmísk upplifun! Listasafn Einars Jónssonar, Hallgrímstorgi 3

**Kl. 14.00-22.00**

**TÖLUM SAMAN UM STYTTURNAR Í GARÐINUM**
Nýtt safnafræðsluefni. Viðfangsefnið er þrjár valdar höggmyndir í styttugarði Listasafns Einars Jónssonar: Vernd, Konungur Atlantis og Heimir. Listasafn Einars Jónssonar, Hallgrímstorgi 3

**Kl. 14.00-15.45**

**JÓN SVAVAR SYNGUR CHET BAKER**
Tónleikar til heiðurs bandaríska djass-söngvaranum og trompetleikaranum Chet Baker. Jón Svavar Jósefsson í cool sveiflu ásamt djasskvartett Jóns Ómars Árnasonar. Á horni Skólavörðustígs og Klapparstígs, Skólavörðustíg 19

**Kl. 14.00**

**REGGAE SUNSPLASH**
Skinny T og afródansararnir, bræðingur af reggítónlist og afrískum dönsum. Komdu og njóttu afrískrar menningar. Óðinstorgi

**Kl. 14.00-17.00**

**HARMONIKKUTÓNLIST – ILMANDI KAKÓ OG KLEINUR Í BOÐI ATLANTSOLÍU**
Félagar á vegum Félags harmonikuunnenda Reykjavík laða fram ljúfa og létta tóna. Fjölbreytt tónlist, m.a. swing, djass og gömlu dansarnir. Atlantsolía býður upp á nýbakaðar kleinur og ilmandi kaffi og kakó. Við Handprjónasambandið, Skólavörðustígur 19

**Kl. 14.00-21.00**

**BIRTUSTEMNINGAR NORÐAN OG SUNNAN HEIÐA**
Vignir Hallgrímsson frá Dalvík sýnir olíumálverk á Loka þar sem birtustemningar fanga athygli gesta. Listamaðurinn kynnir sína list frá kl. 14-16. Café Loki, Lokastíg 28, beint á móti Hallgrímskirkju

**Kl. 14.00-15.30**

**POLE ART & POLE FIT**
Nemendur og þjálfarar Pole Sport sýna listir sínar. Sýndir verða flottir snúningar og erfiðari samsetningar á æfingum. Skólavörðustíg 9

**Kl. 14.00-18.00**

**AMMA HVAÐ ER NÚ ÞETTA?**
Gamlir hlutir, verkfæri, búsáhöld, myndir, bækur, barmmerki, föt, skartgripir, veiðafæri – hver er saga þeirra? Hvaðan komu þeir? Baldursgata 37, hornhús gengið inn frá Lokastíg

**Kl. 14.30-14.45**

**LES BALLET BARAKAN**
Komdu og upplifðu sjóðheitt og tryllt dans- og trommuatriði frá Gíneu V-Afríku, undir stjórn Mamady Sano. Óðinstorg

**Kl. 15.00-21.00**

**SÁLMAFOSS Á MENNINGARNÓTT**
Frumflutningur sex nýrra barnasálma, spunatónleikar Mattias Wager frá Stokkhólmi, tvær trompetkynslóðir, Stephen Burns og ungstjarnan Baldvin Oddsson, Mótettukór Hallgrímskirkju, kór og hljómsveit frá Stokkhólmi o.fl. Hallgrímskirkju, Hallgrímstorgi 1

**Kl. 15.00-18.00**

**GÖTUTÓNLIST TIL GÓÐS**
Götuspilarinn knái, Ágústa Dómhildur, leikur af fingrum fram til heiðurs börnum í Afríku fyrir vegfarendur. Við Skólavörðustíg 11-13

**Kl. 16.30-17.00**

**HLJÓMSVEITIN TREISÍ**
Orkuboltarnir í Treisí munu skjóta þér upp í háloftin eins og þeim einum er lagið með sínu popp/rokki. Óðinstorg

**Kl. 20.00-20.40 og kl. 21.00-21.40**

**SKÁLDHÚS VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG**
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, skáld og tónlistarmaður, flytur blandaða dagskrá ljóða og söngva á heimavelli og óvæntum gestum bregður fyrir. Efnið sniðið að áhorfendum hverju sinni, en húsrúm takmarkast við 30 manns í senn. Aðalsteinn Ásberg var upphafsmaður stofutónleika og húslestra sem hafa átt vaxandi vinsældum að fagna, en þá fyrstu hélt hann einmitt á menningarnótt fyrir rúmum áratug. Skólavörðustíg 27

**Kl. 20.00-22.00**

**VOCAL INNVOLS**
Ungskáld ljá götunni orð, þenja raddir sínar og hvísla ýmist upp við eyru vegfarenda eða hátt yfir höfðum. Frá Hallgrímskirkju áleiðis niður Skólavörðustíg og Skólavörðustíg 35, kjallari, gengið inn að aftan

**Kl. 20.30-22.00**

**UM HÖF OG LÖND Á SLÓÐ KRÍUNNAR Í LEIT AÐ EILÍFU SUMRI**
Vox feminae og söngsystur Domus Vox flytja lög frá hjartanu. Söngslóðin nær frá Hallgrímskirkju, Kaffi Mokka, Arnarhóli og niður að Ingólfstorgi. Hallgrímskirkja, Göngum og syngjum Skólavörðuholtið að Grófinni

# Austurbærinn

## Around Iceland

**ÍSLAND ER MEÐ´ETTA Á MENNINGARNÓTT**

**Kl. 11.00-11.30, kl. 13.00-13.30 og kl. 14.30-15.00**

**JÓLASVEINN ÚR DIMMUBORGUM HEIMSÆKIR REYKJAVÍK**
Jólasveinn að norðan tekur vel á móti börnum með leik og skemmtun og óskalistum fyrir komandi jól. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 12.00-13.00**

**TÁLGAÐ ÚR VIÐ**
Sigurður Petersen sýnir hvernig hægt er að gera álf og jólasvein úr trébút. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 13.00-18.00**

**BRAGÐGÓÐ UPPLIFUN AF AUSTURLANDI**
Austfirskar krásir – framleiðendur töfra fram kræsingar úr skóginum, af fjörðunum, ökrunum og heiðinni . Kíktu við og smakkaðu. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 13.00-14.45**

**ÆVINTÝRAFERÐ MEÐ SÖGU OG JÖKLI**
Kynnist ævintýrum Sögu og Jökuls um heim víkinganna og goðafræðinnar á Vesturlandi með skemmtilegum ratleik í snjallsíma, skemmtun fyrir börn og fullorðna. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 13.30-14.00**

**TÓNLISTARFLUTNINGUR SKÚLA MENNSKA**
Ísfirðingurinn Skúli mennski flytur frumsamda tónlist að hætti Vestfirðinga. Kjörorð Skúla eru frelsi, virðing og góð skemmtun. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 14.00-14.30**

**BÖÐVAR VÍKINGUR**
Böðvar Gunnarsson, víkingur frá Víkingaheimum í Reykjanesbæ, verður með skemmtilega uppákomu sem þið viljið ekki missa af. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 15.00-15.30**

**SUNNLENSKUR SÖNGUR**
Hlýðið á tónlistaratriði úr sunnlensku héraði, heimagert og hjartnæmt. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 16.00-16.30**

**AÐFERÐIR VIÐ SÁPUGERÐ**
Sápan frá Reykjanesbæ útskýrir hvernig hægt er að búa til heimagerða náttúrulega sápu og deilir leynilegri uppskrift frá tímum víkinganna. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 16.00-17.00**

**BORGFIRSKT ROKK OG RÓL**
Magni mætir og tekur nokkur vel valin lög. Hver veit nema það bresti á með borgfirsku rokki og róli. Upplýsingamiðstöðin Around Iceland, Laugavegi 18b

**Kl. 13.00-14.00**

**MÚSÍK OG MYNDLIST – GÍMALDIN OG EMMALYN BEE**
Fjöllistamennirnir Gímaldin og Emmalyn Bee leiða saman hesta sína. Emmalyn sýnir myndlist og Gímaldin leikur músík fyrir unga sem aldna. Húfur sem hlæja, Laugavegi 97

**Kl. 14.00-23.00**

**LAGAFFE TALES OG BORG**
Hústónlistarútgáfan Lagaffe Tales og BORG-teymið snúa bökum saman og blása til allsherjar hústónlistarveislu með rjómanum af íslenskum plötusnúðum. Hjartagarðurinn, Laugavegi 19

**Kl. 14.00-22.30**

**TÓNLIST Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM**
Eins og síðustu tíu ár verða tónleikar á Hársnyrtistofunni Amadeus. Að þessu sinni verður boðið upp á tónlist allan daginn. Söngleikjafélagið, Alexandra, hljómsveitin Thin Jim og fleiri gestir taka lagið. Amadeus, Laugavegi 62

**Kl. 14.30-15.00**

**FINNSK TANGÓSTEMNING**
Finnskur tangó, tónlistamaðurinn Matti Kallio leikur á harmónikku. Suomi PRKL! Design, Laugavegi 27, bakhús

**Kl. 14.00-15.00**

**KNÚS Í BOÐI**
Vegfarendum á Laugaveginum er boðið upp á knús og faðmlög í boði Hlutverkasetur. Það bætir, hressir og kætir. Laugavegi 25

**Kl. 15.00-17.00**

**SÖNGVIN SKÁLDA MENNINGU**
Söngvaskáldin segja sögur sínar. Fram koma Brylli, Heiða Dóra, María Viktoría, Hjalti Þorkels, Hermann og Jón Hallur Stefánssynir, Gímaldin og HeK. Bravó, Laugavegi 22

**Kl. 16.00-16.30**

**RAULAÐ ÚR RÆMUM**
Hinn stórgóði og vinsæli kór Söngfjelagið Góðir grannar mun flytja kvikmyndatónlist og önnur lög í bland, sér og öðrum til yndisauka. Vínberið, Laugavegi 43

**Kl. 19.00-21.00**

**LIFANDI TÍSKUBLOGG**
Adulescentulus tekur yfir glugga Kiosk og við bjóðum þér að koma og þiggja léttar veitingar og innblástur í boði íslenskra fatahönnuða. Kiosk, Laugavegi 65

**Kl. 19.00-23.00**

**ÓSÍAÐIR ÚTITÓNLEIKAR**
Ósíaðir tónleikar á Kaldabar á menningarnótt, heitir tónar. Sísí Ey, Sometime, DJ DelaRosa og fleiri óvæntir gestir. Kaldibar, Laugavegi 20b

**Kl. 20.00-23.00**

**SJÚDDÍRARÍGAY**
Samtökin ´78 bjóða heim í hinsegin menningarveisluna Sjúddírarígay, margvíslegar hinsegin uppákomur, fræðsla og fjör allt kvöldið. Allir velkomnir, heteró sem hinsegin. Laugavegi 3, 4. hæð

**Kl. 20.30-22.30**

**KÓKOS SPILAR Á GAMLA/OLD ISLAND**
Tríóið spilar innlend og erlend vinsæl ábreiðulög við öll tækifæri. Á dagskrá eru lögin sem allir þekkja og geta sungið með. Bandið skipa Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, Örnólfur Örnólfsson og Ágúst Bernhardsson Linn. Gamla/Old Island, Laugavegi 72

## Skuggahverfi

**Kl. 11.00-15.30**

**DANS ÆÐI**
DANS ÆÐI hertekur Dansverkstæðið og býður upp á skapandi þrautabraut fyrir börnin og tækifæri til að skapa eigið dansverk með atvinnudansara þér til aðstoðar. Dansverkstæðið, Skúlagötu 30

**Kl. 12.00-18.00**

**PORTRETT AF ÍSLENSKUM TÓNLISTARMÖNNUM**
Magnús Andersen og Daníel Starrason sýna ljósmyndir af þjóðþekktum íslenskum tónlistarmönnum. Gym & tonic á KEX Hostel, Skúlagötu 28

**Kl. 12.00-22.00**

**FESTISVALL**
Festisvall listahátíðin býður upp á fjölbreytta myndlistar- og tónlistardagskrá og afrakstur vinnustofu ungra íslenskra og erlendra listamanna. Artíma Gallerí, Skúlagötu 28

**Kl. 13.00-22.00**

**ÁTTUNDA MYNDLISTARSÝNING SIGURÐAR SÆVARS 15 ÁRA**
Myndlistarmaðurinn Sigurður Sævar Magnússon hefur á síðustu mánuðum vakið mikla athygli fyrir viðamiklar sýningar og fjölbreytt verk. Gym og tonic á Kex Hostel, Skúlagötu 28

**Kl. 13.00-22.00**

**BYLTING – ÓJARÐBUNDIN LISTAVERK EFTIR DAGBJÖRTU JÓHANNESDÓTTUR**
Þegar undirmeðvitundin tjáir sig með sköpun er margt sem hægt er að uppgötva um sjálfan sig í tengingu við óraunveruleikann. Skúlptúrar og málverk sem abstrakt birtingarmynd af sjónarhorni Dagbjartar verða til sýnis. Opnaðu hugann og gakktu í bæinn! Gym og tonic á Kex Hostel, Skúlagötu 28

**Kl. 14.00-22.00**

**LJÓSMYNDASÝNINGIN FÓLKIÐ & SAMFÉLAGIÐ**
Ljósmyndasýningin Fólkið & Samfélagið tekur púlsinn á samfélaginu tvö til þrjú síðustu ár. Helgi Halldórsson sækir innblástur til fólksins sem lifir og hrærist í íslensku samfélagi. Gym og tonic KEX Hostel, Skúlagötu 28

**Kl. 14.00-16.00**

**BÓHEMAR, BÓKAGERÐARMENN, BÆJARFÓGETI OG KÓNGUR**
Bókagerðarmönnum, skáldum, bæjarfógeta og Danakonungi bregður fyrir á sögusýningu í aldargömlu húsi sem hefur fengið nýtt hlutverk. Leiðsögn: Guðjón Friðriksson. Reykjavík Residence Hótel, Hverfisgötu 21

**Kl. 17.00-22.00**

**6. BINDIÐ**
Samtal við gesti og dagskrá þar sem lista- og fræðimenn koma fram, gera gjörninga og lesa upp úr verkum sínum. Nýlistasafnið, Skúlagötu 28

**Kl. 19.00-20.00**

**JAZZTRÍÓIÐ SKARKALI**
Framsækinn, frumsaminn djass spilaður af tríói sem stundar nám í Hollandi. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15

**Kl. 20.00-22.55**

**TÓNAFLÓÐ RÁSAR 2**
Það verður mikið um dýrðir á Arnarhóli en þar fagnar Tónaflóð Rásar 2 tíu ára afmæli sínu. Þar stíga á stokk Kaleo, Ásgeir Trausti, Hjaltalín og Sálin hans Jóns míns. Arnarhóll

# Norðurmýrin

## Gallerí Fold

**Kl. 11.00-19.00**

**OPNUN Á MINNINGARSÝNINGU UM KRISTJÁN DAVÍÐSSON**
Sýning á verkum þessa stórbrotna listamanns í Forsalnum. Myndirnar eru flestar máláðar á fimmta áratug síðustu aldar og hafa aldrei verið sýndar áður. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 11.00-19.00**

**TVEIR AF ÞEIM BESTU SÝNA GRAFÍKVERK**
Bragi Ásgeirsson sýnir í Baksalnum og Tryggvi Ólafsson í Hliðarsalnum. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 11.00-19.00**

**SAFNARINN – LEIÐIN TIL AÐ EIGNAST LISTAVERK Á AUÐVELDAN HÁTT**
Við kynnum safnarann. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 11.00-19.00**

**RATLEIKUR FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA**
Leikurinn felst í að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er lítil frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út. Dregið er úr réttum lausnum og heppinn þátttakandi fær listaverkabók í verðlaun. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 11.00-14.00**

**HVAÐA SAGA ER Í MYNDINNI?**
Leikur fyrir alla. Verk eftir Braga Ásgeirsson hangir uppi í galleríinu. Finndu myndina og skrifaðu niður titil eða hvaða sögu þér finnst myndin segja. Listamaðurinn velur úr eina sögu sem honum finnst best. Í verðlaun er lítil bók um myndlist. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl 12.00-19.00**

**LISTAHAPP**
Dregið í fyrsta skipti í ókeypis listaverkahappdrætti. Allir gestir fá happdrættismiða. Dregið verður á 30 mínútna fresti, alls 15 sinnum. Dregið verður þangað til vinningar ganga út. Vinningar eru eftirprentun íslenskra listaverka og listaverkabækur. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 12.00-14.00**

**LISTAMAÐUR AÐ STÖRFUM**
Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir vinnur að verkum sínum og spjallar við gesti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 13.30 og 16.00**

**HÁDEGISTÓNLEIKAR**
Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari syngur létt lög við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 14.00-15.00**

**MEISTARARNIR SPJALLA**
Tryggvi Ólafsson og Bragi Ásgeirsson spjalla við gesti um sýningar sínar. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 14.00-16.00**

**HVAÐA SAGA ER Í MYNDINNI?**
Leikur fyrir alla. Verk eftir Tryggva Ólafsson hangir uppi í galleríinu. Finndu myndina og skrifaðu niður titil eða hvaða sögu þér finnst myndin segja. Listamaðurinn velur úr eina sögu sem honum finnst best. Í verðlaun er lítil bók um myndlist. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 14.00-16.00**

**LISTAMAÐUR AÐ STÖRFUM**
Soffía Sæmundsdóttir vinnur að verkum sínum og spjallar við gesti. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 16.00-18.00**

**LISTAMAÐUR AÐ STÖRFUM**
Hallur Karl Hinriksson spjallar við gesti um verk sín. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 16.00-19.00**

**HVAÐA SAGA ER Í MYNDINNI?**
Leikur fyrir alla. Verk eftir Harald Bilson hangir uppi í galleríinu. Finndu myndina og skrifaðu niður titil eða hvaða sögu þér finnst myndin segja. Listamaðurinn velur úr eina sögu sem honum finnst best. Í verðlaun er lítil bók um myndlist. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14

**Kl. 13.00, 15.00 og kl. 17.00**

**HALALEIKHÓPURINN – Á GÓÐUM DEGI**
Halaleikhópurinn sýnir leikþátt eftir Jón Benjamín Einarsson á Hlemmi um tvo skólafélaga sem hittast í fyrsta skipti eftir tuttugu ár. Hlemmur, Laugavegi 105

**Kl. 13.00-18.00**

**MÁLVERK MARÍU**
María Sigríður Jónsdóttir sýnir olíumálverk í gluggum Gullkúnst Helgu. Gullkúnst Helgu, Laugavegi 13

**Kl. 13.00-19.00**

**GARNGRAFF Á HLEMMI**
Handóðir handavinnugraffarar mæta á Hlemm og skreyta hann með aðstoð gesta menningarnætur, kíktu við! Hlemmur, Laugavegi 105

**Kl. 14.00-22.00**

**SKIPULAGSHLEMMUR**
Hlemmur verður suðupunktur skipulagsmála. Ein sýning með tvenns konar skipulagi: Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur og hverfisskipulag. Gerðu gott í þínu hverfi! Hlemmur, Laugavegi 105

**Kl. 14.00-16.00**

**SÖGUGANGA LÚÐRASVEITAR VERKALÝÐSINS**
Hlemmur – Tjarnargata. Nokkrir merkisstaðir í sögu LV heimsóttir. Flutt stutt erindi og leikin lög. Tilvalinn viðburður fyrir alla fjölskylduna. Hlemmur, Laugavegi 105

**Kl. 14.00-16.00**

**SJÁUM-K EG MEIR UM MUNIN**
Huginn og Muninn / fljúga hverjan dag / jörmungrund yfir. / Óum-k eg Hugin / að hann aftr né komi, / þó sjáum-k eg meir um Munin. Þessi orð Óðins eiga erindi við okkur í dag þegar miðillinn virðist orðinn merkingin. Það er ekki bara minnið sem hverfur þegar við erum á netinu og því bjóðum við ykkur upp á að fagna mætti orðsins og ímyndunaraflsins – með flugdrekaflugi! Á Klambratúni, ef veður leyfir, annars á Kjarvalsstöðum



## Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

**Kl. 16.00-20.00**

**ÍSLENSK MYNDLIST 1900-1950 FRÁ LANDSLAGI TIL ABSTRAKTLISTAR**
Starfsmenn safnsins ganga um sýninguna og spjalla við gesti og gangandi. Einstakt tækifæri fyrir fjölskylduna að fræðast um listaverk sýningarinnar. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Klambratún við Flókagötu

**Kl. 20.00-21.00**

**Í AUSTURVEGI – TRÍÓIÐ KALINKA**
Gerður Bolladóttir sópran, Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir harmonikuleikari og Marina Shulmina á rússneska hljóðfærið domra flétta saman íslenskum og rússneskum söngheföum. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Klambratún við Flókagötu


HARPA
Húsfyllir af menningu
Fjölbreytt dagskrá
á Menningarnótt
Það verður sannkallað menningarhlaðborð í Hörpu á Menningarnótt. Tónlist, heimildamyndir, ljósmyndir, bókmenntir, dans, leikur og ótalmargt fleira verður í boði fyrir gesti og gangandi frá klukkan 13 og fram eftir kvöldi.
Harpa er rétti staðurinn á ferð þinni um borgina.
Kynntu þér alla dagskrána á harpa.is/menningarnott

## 250-499 þús.



Mjög lítið ekinn Nissan Almera ,01 til sölu. 118 þ. km. Sjálfsk. 1,8L vél, 5 dyra. Þarf að laga púst og olíupönnu. Verð 390 þ. Guðjón 698-5181.



**SSK HONDA CR-V TILBOÐ 390 ÞÚS!**

HONDA CR-V 2000 árg.'98 ek.175 þús, sjálfskiptur, skipt um tímareim 168 þús, ný skoðaður 14, DVD spilari og skjár aftaní, dráttarkrókur, armpúðar þægilegur og góður bíll verð 490 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á allt að 100% visa raðgreiðslur í 36 mán s.841 8955.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**VANTAR JEPPA 50-300ÞÚS**

Vantar jeppa bensín- Dísel. Skoða allt. Einnig picup, má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar




## Bílaþjónusta



Bjóðum rútur í leigu með bílstjóra/ leiðsögumanni eða án bílstjóra á góðu verði. sími 647 4755 landferdir.is landferdir@landferdir.is




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.**

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**TOPPPRIF EHF. S. 773 4020**

Ræstingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gerum verðtilboð. toppthrif@toppthrif.is

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.







**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**HIMNAMÁLUN**

Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 861 1242 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða

málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888




Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tek að mér háþrýstiþvott og laga ryðbletti á þökkum. Uppl. í s, 847 8704, manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**JARÐVINNA**

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu, malbikssögun, hellulagnir, endurnýjun dren og klóaklagnir. Vélaleiga, Efnissala. Uppl. s. 869 1700/868 4043. Jarðlausnir ehf.

## Nudd

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-24. Rvk 101, s: 841 6795 Júlía.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@ gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Iðnaðarþurrkur**

Margar gerðir af pappírsþurrkum fyrir stórnotendur.

VNR. 14991



**HANDÞURRKUR,** Maxi Wypal 190m. **Verð 4.649 kr.**

VNR. 32043



**BLAUTKLÚTAR,** 50 stk. í hylki, 27x27cm, 6 hylki í pakka. **Verð 2.739 kr.**

REKSTRARLAND

www.rekstrarland.is

Skeifunni 11 | Sími 515 1100






**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR 20-70% AFSLÁTTUR**

Munstraður Kjóll á mynd 3.495, Leðurleggings á mynd 2.995, Taska 2.995, Mussa og men saman 3.396, Peysa 3.830, Hliðartaska 1.500. Öll verð með afslætti. Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook.

**GOLFBÍLAR, CLUB CAR PRECEDENT, HAUSTVERÐ**

Eigum til á lager notaða Precedent Club Car rafbíla. Verð kr. 850.000.- m/ vsk. ( án húss). Uppl. í s. 564 1864 milli 9-17:00.

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara, uppþvottavélar, Ford Explorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, eldavélar, hjólastóll, video, reiðhjól, þríhjól, hlaupahjól, mikið af ódýrum dekkjum og felgum S. 896 8568.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til sölu 42" United flatskjár. 3 ára gamalt. Uppl. í S. 864 5290.

## Til byggingа

Til sölu harðviðar gluggar og hurðir með gleri. Upplýsingar í síma 894 7902.

## Verslun




## Heilsuvörur



**GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE**

Lífrænt vottaðar húð, hár og snyrtivörur, í dömu, herra, unglinga og barnalínu. Fást í „grænni" verslunum. Erum á Facebook: Green People Islandi. Sala og dreifing: Ditto ehf.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## til sölu

**LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN TIL SÖLU**



**Af sérstökum ástæðum er til sölu verslunarrekstur með heimilisvörur á mjög góðu verði. Verslunin þarf að flytja og finna sér húsnæði. Húsnæðisþörf ca 350-400 fm Býðst á aðeins 10 milj og ýmis skipti eru skoðuð (útsöluverð lagers yfir 60 millj)**

**Uppl. gefur Fyrirtækjasala Ísl. S: 773-4700**

## atvinna

# Tónlistarskóli Austur - Húnvetninga

Auglýsir eftir tónlistarkennara fyrir næsta skólaár, kennslugreinar: píanó og blásturshljóðfæri.

Ennfremur er laus organistastaða við Blönduóskirkju og undirleikur fyrir kóra í héraðinu.
Umsóknafrestur er til 1. september nk.

Nánari uppl. gefur Skarphéðinn H Einarsson í síma 861 8850 eða tonhun@centrum.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Nýtt og ónotað rúm, 150*200 til sölu. Selst á hálfvirði, 50 þúsund. S. 699 3159.

## Fyrir veiðimenn

Til sölu nýtýndir stórir feitir og sprækir laxa og silunga maðkar. Margra ára þjónusta. Geymið auglýsinguna. S: 864 5290.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

40 fm stúdíó íbúð í Hlíðunum til leigu frá 1. sept nk. Íbúðin leigist aðeins reglusömum og reyklausum á sanngjörnu verði. Sérinngangur, fullbúið eldhús, baðherbergi með sturtu og þvottvél, ljósleiðarasamband. Íbúðin er sem ný, hlý og björt í kyrrlátu umhverfi. Áhugasamir sendi upplýsingar um sjálfan sig á netfangið skurinni@gmail.com

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Vinakot

**VINAKOT AUGLÝSIR LAUS STÖRF TIL UMSÓKNAR.**
Við leitum af einstaklingum sem hafa eldmóð, áhuga, er sveigjanlegt, með hlýtt viðmót og geta unnið eftir viðurkenndum aðferðum í umönnun barna og unglinga með fjölþættan hegðunarvanda. Fyrirtækið Vinakot er úrræði ætlað börnum á aldrinum 12-18 ára sem eru að glíma við fjölþættan hegðunarvanda og þurfa m.a. búsetu, umönnun, stuðning og ráðgjöf til að ná tökum á sínu lífi. Rík áhersla er lögð á að vera í góðum tengslum við heimili og aðstandendur þjónustunotenda. Við erum að leita eftir einstaklingum sem hafa menntun og/eða reynslu af vímuefnaráðgjöf, þroskaþjálfun, tómstundarfræðum, sálfræði eða félagsráðgjöf. Umsóknarfrestur er til 28. ágúst.
**Áhugasamir eru hvattir til að senda ferilskrá sína á adalheidur@vinakot.is**

**2 HERB ÍBÚÐ Í ÁRTÚNI EÐA BREIÐHOLTI**
Karlmaður um sextugt óskar eftir langtímaleigu, fyrirmyndaleigjandi. Fæ greitt frá lífeyris- og tryggingast. Uppl. 777-5066.

Reglusamur maður óskar eftir einstaklingsíbúð eða góðu herbergi. Uppl. í S: 690 9018.

Kona í námi óskar að taka á leigu bjarta 2 hrb. íbúð, með geymslu, einka inngangi og aðgang að garði. (Helst nálægt HÍ, en ekki skilirði). Uppl. í síma 6637569.

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 499 3070, www.solbakki.com

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

STAY APARTMENTS

**HOTEL MAIDS.**
**FULL TIME / PART TIME.**
We are looking for maids to work full time and also part time at Stay Apartments. We are offering much work and good salary. Honest and good workers that show up on time can apply. Please send CV to halldor@stay.is.

**MARTA JONSSON - SKÓR OG TÖSKUR**
Marta Jónsson er designer merki sem er með starfsemi í Bretlandi og þekkt fyrir framúrskarandi hönnun og framleiðslu á hágæða leðurskóm og töskum. Marta Jónsson er nú að opna búð í Reykjavík og við leitum að framúrskarandi sölufólki í búðina, bæði í fullt og hlutastarf.

Starfslýsing Þjónusta við viðskiptavini, vörumóttaka og áfyllingar, uppgjör á dagsölu og önnur störf við rekstur búðar. Hæfniskröfur Áhugi og vilji til að þjónusta viðskipavini, góð framkoma og útsjónasemi í að leiðbeina viðskiptavinum um kaup á vöru, geta sýnt fram á reynslu í sölu og þjónustu. Enska kunnátta er æskileg.
**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og eru beðnir um að senda ferilskrá og stutt kynningar bréf til hr@martajonsson.com**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**RÚMFATALAGERINN Í SMÁRATORGI**
Óskum eftir að ráða metnaðarfullan og heilsuhraustan starfskraft í fullt starf í vefnaðarvörudeild okkar í Smáratorgi. Reynsla í hannyrðum og íslenskukunnátta skilyrði. Aldurstakmark 20 ár. Áhugasamir mæti með þessa auglýsingu og fylli út umsókn á staðnum.
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi**

Skólabrú
VEITINGAHÚS - RESTAURANT

**ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA ÞJÓNA OG AÐSTOÐARFÓLK Í SAL.**
Vegna aukinna umsvifa vantar okkur bæði þjóna og aðstoðarfólk í sal. Nauðsynlegt að viðkomandi hafi reynslu af þjónustustörfum, eigi gott með að umgangast fólk og geti unnið sjálfstætt, hafi meðmæli og ferilskrá (CV).

Við erum virðulegt veitingahús í miðborginni með aðlaðandi umhverfi.
**Hafir þú áhuga sendu okkur þá tölvupóst á: manager@skolabru.is með ofangreindum upplýsingum ásamt símanúmeri og við munum hafa samband.**

**HÁRSNYRTIR**

**HÁRRÉTT HÁRSTOFA/ RAKARASTOFA**
Óskar eftir hársnyrtum til starfa.
**Uppl. Linda Rós S. 690-5647 linda@harrett.is**

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is

Starfsfólk vantar í uppvask á Næsta Bar. Uppl. í s. 691 4590

Óska eftir starfskrafti í afgreiðslustarf frá 15.30-20.30 mánud. til fimmtud. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma:6915976.

Óska eftir vönum mótasmiðum sem fyrst, framtíðarvinna. Uppl. í S:771 8141 Arnar.

Heitar myndir. Sexy Iceland vill kaupa heitar myndir ísl. kvenna, 18+. SexyIceland.com

## Atvinna óskast

Byggingartæknifræðingur óskar eftir hlutastarfi. gudjonr2@internet.is S. 777-5066.

Sjóntækjafræðingur óskar eftir vinnu. Hefur tæplega 20 ára starfsreynslu. Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: sjontaekja@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SPJALLDÖMUR 908 5500**
Ertu einmanna?
Langar þig til þess að tala við símadömu.
Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyra í þér.



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Vinsælu læknahaldararnir frá
Vanity Fair
komnir í hvítu & svörtu.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**SPARAÐU BENSÍN!**
**Metan uppfærðu bílinn þinn**
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
VélRás bigas
Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Rafstilling ehf
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## SMIÐIR
## VERKAMENN
## MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARA SEM
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**



BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is • GSM 897 0047

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
*Petur@berg.is*

**Opið hús**

**Dalatangi 11. Mosfellsbæ**

***í dag . kl. 17.30 til 18.00***



Mjög vel staðsett 86,6 fm. raðhús í grónu og skjólsælu hverfi í Mosfellsbæ. Anddyri með flísum. Gangur með parketi. Tvö herbergi með parketi og skápum. Baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum. Sturtuklefi. Geymsla með hillum. Björt og rúmgóð stofa gengið út á pall. Allt parket á eigninni er úr hlyn. Tré og runnar í garði. Eldhúsið er með flísum, innréttingu. Þvottahús. Geymsluloft yfir. Útidyrahurðir eru nýjar.

**Sölumaður Berg, Pétur tekur á móti gestum.**


Sveitarfélagið
ÁRBORG

## Auglýsing
## Um tillögu að deiliskipulagi Sundhallar- og Sandvíkursetursreits á Selfossi

Samkvæmt 1.mgr.41.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Sundhallar- og Sandvíkursetursreits á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillagan tekur til 5.7 ha svæðis innan þéttbýliskjarna Selfoss. Reiturinn er L-laga og nær frá Austurvegi niður að Engjavegi og milli gatnanna Tryggvagötu, Bankavegar, Sólvalla og Reynivalla. Innan reitsins eru 6 stofnanalóðir, auk Tryggvagarðs nyrst á reitnum. Stofnanalóðirnar eru Sandvíkursetur, Sundhöll Selfoss, Valhöll, Bifröst, Vallaskóli-Sólvellir og leikskólinn Álfheimar.Áform um stækkun Sundhallarinnar og breytt starfsemi Sandvíkurskóla, er megin ástæða þess að nú er unnið deiliskipulag fyrir reitinn.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulag – og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 22. ágúst 2013 til og með fimmtudeginum 3. október 2013.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 3. október 2013 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og – byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingafulltrúi

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

**1. Breyting á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 á Holtamannaafrétti ásamt matslýsingu.**
Sprengisandsvegur, háspennulínur, virkjanir o.fl.Um er að ræða endurskoðun á aðalskipulagi Ásahrepps á Holtamannaafrétti sem felst í breytingu á stefnumörkun varðandi legu háspennulínu yfir Sprengisand og tengingu nýrra virkjana, legu Sprengisandsvegar auk hugmynda um nýjar virkjanir og aðkomu að þeim og breytinga á afmörkun friðlands í Þjórsárverum.

**2. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 á spildu úr landi Kjarnolts, Bláskógabyggð.**
Landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar. Um er að ræða breyting á aðalskipulag sem felst í að um 14 ha svæði úr landi Kjarnholts sem er í dag skilgreint sem frístundabyggð breytist í landbúnaðarsvæði. Á svæðinu er einnig í gildi deiliskipulag fyrir stórar frístundahúsalóðir. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á hluta svæðisins sem nýtt verður til hrossaræktar auk mögulegrar ferðaþjónustu í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**3. Deiliskipulag fyrir minkahús á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst til kynningar lýsing sem unnin hefur verið skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna deiliskipulags fyrir minkahús á spildu sem kallast Steinkerstún athafnasvæði úr landi Ása. Skipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð og Liggur upp að Stóra-Núpsvegi nr. 328 suðaustan við minkabúið Mön. Gert er ráð fyrir að á spildunni megi reisa tæplega 9 þúsund fermetra mannvirki fyrir minkarækt.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**4. Tillaga að deiliskipulagi fyrir lögbýlið Yrpuholt í Flóahreppi. Íbúðarhús, gestahús, hesthús og skemma.**
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir lögbýlið Yrpuholt lnr. 166352 sem liggur upp að Villingaholtsvegi (nr. 305). Tillagan gerir ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að reisa 400 fm íbúðarhús, 200 fm gestahús, 300 fm hesthús og 600 fm skemmu.

**5. Deiliskipulag alifuglabús í landi Miklaholtshelli, Flóahreppi. Landbúnaðarsvæði**
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi í landi Miklholtshelli lnr. 166267. Á jörðinni er í dag rekið alifuglabú og er markmið deiliskipulagsins að undirbyggja þá starfsemi með því að gera ráð fyrir byggingu nýs alifuglahúss fyrir um 15 þúsund varphænur á svæði suðaustan af bæjarhlaði, handan Ölvisholtsvegar.

**6. Deiliskipulag nýs lögbýlis (Reyrhagi) úr landi Gafls í Flóahreppi.**
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á spildunum Gafl lóð 1 lnr. 218942 og Gafl lóð 2 lnr. 218943. Á spildu 1, sem er 15 ha og er vestan Hamarsvegar, eru tveir byggingarreitir, á reit B1 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, bílgeymslu og gestahús og á reit B2 er gert ráð fyrir hesthúsi, reiðhöll og tækjaskemmu. Á spildu 2, austan Hamarsvegar, er einnig byggingarreitur (B3) þar sem gert er ráð fyrir hesthúsi, reiðhöll og tækjaskemmu. Þegar lýsing deiliskipulags var kynnt fyrr á árinu var gert ráð fyrir byggingu alifuglahúsa á landinu en nú hefur verið hætt við þær áætlanir og í staðinn gert ráð fyrir hestaaðstöðu..

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**7. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku við Þingvallavatn í Bláskógabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi 36 ha svæðis úr landi Skálabrekku sem liggur á milli Þingvallavatns og gamla þjóðvegarins til Þingvalla, suðvestan skipulagðrar frístundabyggðar við Skálabrekkugötu. Á svæðinu er gert ráð fyrir 21 frístundahúsalóð á bilinu 0,65 til 1,2 ha að stærð.

**8. Deiliskipulag fyrir 12,5 ha spildu úr landi Hnaus í Flóahreppi. Íbúðarhús og skemma.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir 12, 5 ha spildu, Hnaus land 2 lnr. 213873, þar sem fyrirhugað er að byggja allt að 200 fm íbúðarhús, hæð og ris, ásamt bílgeymslu og allt að 300 fm skemmu. Aðkoma að spildunni er frá Þjóðvegi nr. 1 um Hnausveg nr. 3111 sem liggur að hluta í gegnum landið. Hámarksbyggingarmagn er um 500 fm.

**9. Deiliskipulag frístundabyggðarinnar *Grófarhöfði úr landi Stærri-Bæjar í Grímsnes- og Grafningshreppi.***
Tillaga að deiliskipulagi 90 ha svæðis úr landi Stærri-Bæjar, norðvestan Biskupstungnabrautar. Tillagan gerir ráð fyrir 58 á frístundahúsalóðum með aðkomu frá Biskupstungnavegi. Byggingarmagn lóða miðast við nýtingarhlutfallið 0.03, (u.þ.b. 150 fm á lóð sem er 0,5 ha að stærð). Á hverri lóð er gert ráð fyrir frístundahúsi og aukahús sem að hámarki má vera 40 fm að stærð.

**10. Deiliskipulag fyrir 7 frístundahúsalóðir í landi Heiðarbæjar í Flóahreppi.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar í fyrrum Villingaholtshreppi þar sem gert er ráð fyrir 7 frístundahúsalóðum á landi umhverfis Dælarétt en eitt sumarhús hefur þegar verið byggt á einni lóðinni. Skipulagss væðið er um 32 ha að stærð en lóðirnar sjö eru allar 2,4 ha að stærð þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 fm frístundahús. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi nr. 1 um veg að Dælarétt.

**11. Deiliskipulag 4,2 ha spildu úr landi Skógaráss lnr 204645 í Ásahreppi. Íbúðarhús, skemma/hesthús og gestahús.**
Tillaga að deiliskipulagi 4,2 ha spildu úr landi Skógaráss lnr. 204645 (37,5 ha í heild) þar sem gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús, skemmu/hesthús og gestahús.Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem íbúðarsvæði og er aðkoma að landinu frá Suðurlandsvegi um Ásveg nr. 275.

**12. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, svæði 1 og 2, úr landi Búrfells 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Afmörkun og lega lóða.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar á svæði 1 og 2 úr landi Búrfells 1. Í breytingunni felst að verið er að lagfæra afmörkun og legu lóða, vega og sameiginlegra svæða til samræmis við þinglýsta skráningu þeirra og hnitsetningu. Skilmálar haldast óbreyttir.

**13. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selhól úr landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á skilmálum til samræmis við ákvæði aðalskipulags.**
Tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggðar við Selhól úr landi Hæðarenda til samræmis við stefnumörkun sem fram kemur í greinargerð gildandi aðalskipulags. Samkvæmt gildandi skilmálum er heimilt að reisa allt að 120 fm frístundahús á hverri lóð en breytingin felur í sér að byggingarmagn lóða miðast við hámarksnýtingarhlutfall upp á 0.03, eða 3% af stærð lóðar. Á hverri lóð verður heimilt að reisa frístundahús auk aukhúss sem að hámarki má vera 40 fm.

**14. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þakhalli.**
Tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggðar í landi Ásgarðs sem nær yfir Freyju-, Herjólfs-, Óðins- og hluta Þórsstígs, hluta Ásabrautar og Ferju-, Mána-, Suður- og Sunnubakka. Í breytingunni felst að þakhalli frístundahúsa má vera á bilinu 0- 45 gráður í stað 15- 45 gráður.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórna og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar sjálfar á http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm. Skipulagstillögur nr. 1 til 6 eru í kynningu frá 22. ágúst til 6.september 2013 en tillögur nr. 7 til 14 eru í kynningu frá 22. ágúst til 4. október 2013. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 til 6 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. september 2013 en 4. október fyrir tillögur nr. 7 - Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@sudurland.is***

Miklaborg hefur til sölu:

# Einstaklega falleg sérbýli







## Sefgarðar

Fallegt og vel staðsett einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr.

Húsið er sérlega vandað og vel skipulagt með fjórum svefnherbergjum. Húsið er á einni hæð með tvöföldum bílskúr og hefur verið vel við haldið alla tíð. Garðurinn er í góðri rækt með steyptri verönd út af stofu og skjólveggjum. Klæðning á þaki ný-lega endurnýjuð, gluggar yfirfarnir og skipt um gler.

Lóðin umhverfis húsið er öll í góðri rækt og með skjólgirðingum, hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Bílskúrinn er tvöfaldur með hita og rafmagni.

Um er að ræða vel við haldna framtíðareign á frábærum stað á Seltjarnarnesi.

Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson,** Sölufulltrúi
hilmar@miklaborg.is **sími:** 695 9500

Verð **66,0 millj.**







Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

## Úlfarsbraut

Glæsilegt reisulegt tvílyft parhús á pöllum, á besta stað í Úlfarsárdal.

Samtals heildar stærð 210,5 fm þar af er bílskúr 27,5 fm.

Tveggja herbergja íbúð með sérinngangi fylgir eigninni að stærð ca. 61,8 fm samkvæmt skrá frá FMR.

Útsýni yfir dalinn.

Verð **53,5 millj.**







## Miðhús

Fallegt tvílyft einbýlishús við Miðhús í Grafarvogi.

Skráð stærð er 197,5 fm þar af er bílskúr 31,8 fm.

Í húsinu eru fimm svefnherbergi, tvær snyrtingar, rúmgott eldhús, stofa og garðstofa.

Tvöfaldur bílskúr, sem hefur verið innréttaður að hluta.

Einstakt útsýni.

Verð **52,9 millj.**

**OPIÐ HÚS**
**Miðvikud. 28. ágúst 17:30 - 18:00**

Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

F A S T E I G N A S A L A N
# MIKLABORG
**www.miklaborg.is**

Við erum við símann
# 569 7000
Síðumúla 13 108 Reykjavík
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar










## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 1 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | | | | | 6 | 7 | | |
| | | | 2 | | 9 | | | |
| | | 2 | 8 | | 3 | | | |
| | 7 | | | 6 | | | 4 | |
| 8 | 3 | | | | 5 | 9 | 7 | |
| | | | 3 | 1 | | 5 | | 8 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 5 | 3 | | 2 | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | | | 1 | | | | |
| | | 9 | 3 | | 2 | | | 1 |
| | | | | | 8 | | | |
| | 9 | 5 | 4 | | | | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| 6 | | | 7 | | | 5 | 8 | 9 |
| 9 | | | 6 | 5 | | 2 | | |
| | | 2 | | | | 1 | | |
| 5 | | 1 | | | 9 | 8 | 4 | 6 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | |
| | | 9 | | 5 | | 3 | | |
| | | 4 | | | | 7 | | 6 |
| | | | | 7 | 8 | | | |
| 6 | 2 | | | 1 | 5 | | | |
| 3 | 5 | | | 2 | | 8 | | 9 |
| | | 5 | 8 | | | | 3 | |
| | | | | | | | | 5 |
| 9 | 1 | | | | 6 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 4 | 3 | 2 | 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 7 | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 9 | 4 |
| 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

**Á gleðistundu á ekki að gefa loforð – í reiðikasti á ekki að svara bréfi.**

*Kínverskur málsháttur*

### KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi, **6.** pot, **8.** tala, **9.** gæfa, **11.** hæð, **12.** frumefni, **14.** krakka, **16.** í röð, **17.** þrot, **18.** pota, **20.** skóli, **21.** horfðu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** mannþyrping, **4.** lögtak, **5.** nasaop, **7.** agn, **10.** nugga, **13.** slöngu, **15.** málhelti, **16.** gap, **19.** strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höfn, **6.** ot, **8.** sjö, **9.** lán, **11.** ás, **12.** flúor, **14.** barns, **16.** hi, **17.** mát, **18.** ota, **20.** ma, **21.** litu.

**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** ös, **4.** fjárnám, **5.** nös, **7.** tálbiti, **10.** núa, **13.** orm, **15.** stam, **16.** hol, **19.** at.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ítalinn Fabiano Caruana (2796) mætti Perúmanninum Granda Zuniga (2679) í sextán manna úrslitum heimsbikarmótsins í skák**

**Svartur á leik**



33...f3! (einfaldast) 34. Hxd4 Dg3! 35. Rxf3 Hfe8 36. Hd1 He2. Hvítur gafst upp þar sem ræður ekki við hótunina 37...Hf2. Caruna er kominn áfram í átta manna úrslit ásamt t.d. Kramnik, Nakamura og Kamsky.

**www.skak.is.** Teflt er til þrautar í 16 manna úrslitum í dag.



ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
SKOÐAÐU NÝJUSTU BÆKLINGANA Á WWW.TOLVUTEK.IS
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM
8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SPENNANDI TILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**Á ÆFINGU** Óskar, Þórdís og Sigríður Sif fara vel með ljóð Kristínar á Hlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Syngja í Iðnó

Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Sigríður Sif og Þórdís Sævarsdætur flytja lög Óskars Guðnasonar við ljóð Kristínar á Hlíð í Iðnó á menningarnótt frá 19-20.30.

„Það sem við flytjum er efni disksins Fögur er jörðin. Ljóðin eru úr bókinni Bréf til næturinnar eftir hana Kristínu á Hlíð í Lóni en lögin eftir mig,“ segir Óskar Guðnason tónlistarmaður um tónleika í Iðnó á menningarnótt milli sjö og hálf níu. Sjálfur spilar Óskar undir söng, ásamt fleiri valinkunnum tónlistarmönnum. Um sönginn sjá Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og systurnar Sigríður Sif og Þórdís Sævarsdætur. „Þær skipta honum nokkuð á milli sín, taka svona fjögur lög hver,“ lýsir Óskar.

Á diskinum Fögur er jörðin eru fimm ný lög og auk þess endurútgefin og endurútsett lög af fyrri diski Óskars, Til næturinnar. Var hann ekki ánægður með fyrri diskinn? „Jú, ég var ánægður með hann sem slíkan. En ljóðin hennar Kristínar verðskulda bara það besta. Mér fannst fyrri diskurinn kannski svolítið falla inn í popp-útsetningar og ákvað að gera lögin mýkri og aðeins hugljúfari. Ég hugsa að þau höfði til fleiri þannig.“

- gun



**PÍANÓLEIKARINN** „Sjö er happatalan mín og þetta er sjöundi diskurinn minn,“ segir Edda Erlendsdóttir.

# Efnisskrá sem er mér kær

Edda Erlingsdóttir píanóleikari gefur út nýjan disk á menningarnótt með verkum eftir Schubert, Liszt, Schönberg og Berg. Það er sjöundi diskur hennar.

„Þetta er efnisskrá sem er mér mjög kær,“ segir Edda Erlingsdóttir píanóleikari um innihald nýs geisladisks sem kemur út á menningarnótt. Þar leikur hún verk eftir Schubert, Liszt, Schoenberg og Berg. „Það er dálítið ögrandi að stefna saman fyrri og seinni Vínarskólum,“ segir hún og útskýrir nánar. „Það er talað um fyrri Vínarskólann sem háklassík frá 18. og 19. öld, og þá sérstaklega Schubert. Seinni Vínarskólinn tengist alfarið expressjónisma, sem var sterk hreyfing í byrjun síðustu aldar, bæði í málverkum til dæmis Munks og Kandinskys og svo í tónlistinni hjá Schoenberg og hans lærisveinum, eins og Alban Berg og Anton Webern. Þeir voru stjórnur í þessari stefnu.“

Edda er með aðalmenn úr báðum þessum Vínarskólum á nýja diskinum og tengiliðurinn er Frans Liszt. „Liszt þróaði smátt og smátt sínar tónsmíðar fyrir píanóið frá því að vera erfið og krefjandi verk út í mínimalísk verk undir lok ævinnar sem eru mjög einföld en merkileg því þau eru að boða nýja tíma. Segja má að hann hafi vísað inn í 20. öldina því hans tónmál var alger bylting á sínum tíma.“

Edda er búsett í París og starfar sem prófessor í píanóleik við Tónlistarskólann í Versölum en í tilefni útgáfunnar mun hún halda tónleika í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 5. september og í Salnum sunnudaginn 8. september. Þetta er sjöundi diskurinn sem Edda gefur út á 15 árum. Hann er hljóðritaður á Stokkalæk og 12 Tónar sjá um dreifingu hans hér á landi.

gun@frettabladid.is



**Á ÆFINGU** Benedikt og Ingvar E. fara yfir textann á sviði Borgarleikhússins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jeppi gæti alveg verið sósaður rokkari

Borgarleikhúsið kynnir verkefni nýs leikárs í dag í litríku blaði. Jeppi á Fjalli verður fyrsta frumsýning haustsins. Þar er leikrit frá átjándu öld fært í nýjan búning eins og Benedikt Erlingsson leikstjóri lýsir.

*Jeppi er drykkjumaður en hann hefur líka góðar ástæður til að drekka! Hann er kúgaður kotbóndi, arðrændur og smáður, auk þess sem konan hans heldur fram hjá honum.* Þannig hefst kynningin á Jeppa á Fjalli í nýjum bæklingi Borgarleikhússins. Jeppi er sem sagt maður en ekki bíll, enda var leikritið skrifað löngu áður en bílar komu til sögunnar og fyrst sett upp árið 1722. Höfundurinn er hinn danski Ludvig Holberg (1684-1754).

### Frumsýningar í Borgarleikhúsinu leikárið 2013-2014

Á stóra sviðinu: Hamlet (jólasýning), Furðulegt háttalag hunds um nótt, Skálmöld og Der Klang der Offenbarung des Göttlichen, myndlistarverk fyrir svið eftir Ragnar Kjartansson.

Á Nýja sviðinu: Jeppi á Fjalli, Skoppa og Skrítla eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur, Óskasteinn eftir Ragnar Bragason og Dagbók djasssöngvarans eftir Val Frey Einarsson.

Á Litla sviðinu: Refurinn, Bláskjár eftir Tyrfing Tyrfingsson og Ferja eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.

**Bragarháttur á þýðingunni**

Jeppi á Fjalli verður fyrsta frumsýning Borgarleikhússins á nýju leikári, áformuð í byrjun október, að sögn Benedikts Erlingssonar. Hann er leikstjóri og segir um alveg nýja útgáfu á leikritinu að ræða, með tónlist og textum eftir Megas og Braga Valdimar Skúlason. „Þannig hefur orðið til ansi skemmtilegt leikrit með söngvum. Eða kannski frekar tónleikar með leiknum atriðum,“ segir hann. Bragi Valdimar hefur gert nýja þýðingu á verkinu. „Það er svona Braga(r)háttur á því,“ segir Benedikt og tekur líka fram að listamaðurinn Grétar Reynisson geri leikmyndina.

Er þetta þá allt annað verk en hér var sett upp á 6. áratugunum í Þjóðleikhúsinu og síðar hjá ýmsum áhugaleikfélögum? „Gamli Jeppi fær að lifa góðu lífi,“ fullyrðir Benedikt. „En Jeppi gæti alveg verið svolítið sósaður rokkari. Hann er náttúrlega stjórnlaus fíkill og svo býr hann í ranglátum heimi og syngur um það, eins og rokkarar gera.“

**Fyrsti alki bókmenntanna**

Verk Holbergs er að sjálfsögðu grunnurinn, að sögn Benedikts. „Holberg er að meika það í Kaupmannahöfn sem rithöfundur og leikskáld um það bil á þeim tíma sem kviknar í Kaupmannahöfn og handritin okkar brenna. Það er stundum sagt að verk hans séu upphaf danskra bókmennta og þau verða til um það leyti sem okkar bókmenntir eru að brenna í safninu hans Árna. Þannig að ég tek upp þráðinn þar sem ég skildi við hann í Íslandsklukkunni.“

Benedikt segir fíkn alkóhólistans hvergi betur lýst í bókmenntasögunni en í Jeppa á Fjalli. „Jeppi er fyrsti frægi alki bókmenntasögunnar en hann er líka að berjast við óréttlætið. Hann verður fórnarlamb barónsins sem snýr upp á veröld hans og dómskerfið verður að leikriti. Þarna er ótrúlega margt sem á sér samsvörun í nútímanum,“ segir hann. „Það er svo gaman að láta gömul leikrit segja sér eitthvað nýtt og satt um eigin tíma.“

> **Það er svo gaman að láta gömul leikrit segja sér eitthvað nýtt og satt um eigin tíma.**

**Ingvar með nikkuna**

Ingvar E. Sigurðsson er í titilhlutverkinu. Hann syngur og spilar á harmóníku, að sögn Benedikts. „Það er eins og ég segi, þetta eru tónleikar. Bergþór Pálsson söngvari er baróninn og hún Ilmur Kristjánsdóttir er þarna kasólétt meðvirk eiginkona, aðstandandi alkóhólista og engin Al-Anon-samtök komin til sögunnar. Hún lemur Jeppa sinn áfram, brjáluð með vöndinn.“

Margir fleiri listamenn koma við sögu sýningarinnar sem verður spennandi að sjá. „Við setjum þetta á 3. október þótt annað standi í bæklingnum,“ segir Benedikt. „Þetta verk er leikið á hverju ári einhvers staðar á Norðurlöndunum en okkar uppsetning er íslensk 2013 útgáfa.“

gun@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




AÐEINS
**1598**
KR. PR. KG.

# Íslenskar grísalundir
## 2.200 lundir í boði




AÐEINS
**698.-**
KR. PR. KG.

**Hátíðarmatur á tilboðsverði.**
# Ferskur grísabógur
**af nýslátruðu**




GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

# Íslenskir myndlistarmenn á Chart

Ragnar Kjartansson og Ólafur Elíasson sýna á nýrri listamessu í Danmörku.

„Það er heiður fyrir Gallerí i8 að vera valið inn á Chart,“ segir Þorlákur Einarsson, starfsmaður í Galleríi i8 við Tryggvagötu.

Gallerí i8 valdi tvo listamenn á sínum vegum til þess að sýna verk sín á listamessunni Chart, sem haldin verður í fyrsta sinn í lok ágústmánaðar í Kaupmannahöfn.

„Við ákváðum að láta Ragnar Kjartansson sýna. Hans verk verða til sýnis á okkar bás á messunni en svo fáum við sýningarpláss á öðru svæði þar sem við ætlum að setja upp stóra innsetningu á verki Ólafs Elíassonar frá árinu 2009 í samstarfi við Andersen‘s Contemporary í Kaupmannahöfn,“ bætir Þorlákur við.

Hingað til hefur fókus i8 á Norðurlöndum verið á listamessunni Market í Stokkhólmi.

„Chart er dálítil tilraun, eðli málsins samkvæmt, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem listamessa, sem leggur áherslu á nútímalist, er haldin í Kaupmannahöfn. Það er skemmtilegt í ljósi þess að myndlistarsenan þar í borg er mjög sterk,“ segir Þorlákur. „Þótt hún sé það reyndar líka í Stokkhólmi,“ bætir hann við.

„Það er von margra að Chart sé upphafið að einhverju meiru og stærra,“ segir Þorlákur að lokum. **- ósk**

➜ Ragnar er yngsti listamaður sem Íslendingar hafa valið á Feyneyjatvíæringinn.



**RAGNAR KJARTANSSON** Hefur átt mikilli velgengni að fagna undanfarin misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**DAVÍÐ ROACH OG ÓLI DÓRI** eru ritstjórar veftímaritsins straum.is . MYND/NANNADÍS

# Tónlistarveisla í kvöld

Straum.is heldur upp á afmæli sitt á Harlem í kvöld.

Tónlistarvefritið straum.is er eins árs, eins mánaðar og eins dags í dag. Í tilefni af því verður efnt til veislu á skemmtistaðnum Harlem í kvöld.

Kammerpoppsveitin Útidúr og tilraunabandið Just Another Snake Cult munu koma fram en báðar komu við sögu á árslista vefritsins fyrir síðasta ár. Ritstjórnarfulltrúar straum.is munu þeyta skífum eftir tónleikana. Hátíðarhöldin hefjast klukkan níu.

Undanfarið ár hefur straum.is haldið úti reglulegri umfjöllun um nýja og ferska tónlist, íslenska sem erlenda, og hefur í því skyni birt yfir fjögur hundruð fréttir á vefnum. **- ósk**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 22. ÁGÚST 2013**

### Fræðsla

**20.00** Fyrirlestur um sýningu Hugins Arasonar og Andreu Maack, Kaflaskipti, fer fram í kvöld. Innsetningin er í formi sýningarsalar sem á að varpa ljósi á ákveðið tímabil. Sýningin hverfist um ilm sem ætlað er að fanga kjarna listasafns fjarlægrar framtíðar.

**20.00** Grasagarðurinn, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Borgargarðar í Laugardal standa fyrir göngu þar sem ræktunarsaga Laugardalsins verður kynnt og trén og annar gróður skoðaður. Um leiðsögn



sjá þeir Gústaf Jarl Viðarsson, skógfræðingur, og Hannes Þór Hafsteinsson, náttúrufræðingur. Gangan hefst við aðalinnganginn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Ekki kynnst slíkri stemningu fyrr

Svar við bréfi Helgu, eftir Bergsvein Birgisson, kemur út í þrettán þúsund eintökum í Frakklandi í dag og útgefendur þar í landi huga þegar að endurprentun.

Svar við bréfi Helgu, eftir Bergsvein Birgisson, kemur út í Frakklandi í dag.

Franskir útgefendur dreifa bókinni til bóksala, gagnrýnenda og annarra bókmenntarýna mánuðum fyrir útgáfu. Viðbrögðin við bók Bergsveins hafa ekki látið á sér standa, en útgefendur eru þegar farnir að huga að endurprentun.

„Þetta fyrsta upplag af bókinni, sem kom út í dag, er þrettán þúsund eintök,“ segir Guðrún Vilmundardóttir, hjá bókaforlaginu Bjarti sem gefur Bergsvein út á Íslandi.

„Það er gífurlega stórt upplag á þýddri skáldsögu, sem ekki er reyfari,“ segir Guðrún jafnframt.

„Þetta er vonum framar,“ bætir hún við.

Bók Bergsveins hefur þegar vakið mikla athygli, þótt útgáfudagurinn sé í dag, og að sögn Guðrúnar hafa tilboð frá bókaklúbbum, hljóðbókaklúbbum og kiljuútgefendum þegar borist.

„Forleggjararnir hjá Zulma segjast ekki hafa kynnst slíkri stemningu í kringum væntanlega bók,“ segir Guðrún.

Útgefandi bókarinnar er bókaforlagið Zulma, sem er einnig útgefandi Auðar Övu sem hefur vegnað vel í Frakklandi með Afleggjarann og nú síðast Rigningu í nóvember. Undantekningin eftir Auði Övu er væntanleg síðar á árinu. **- ósk**

➜ Bergsveinn var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir bókina.



**VINSÆLL Í FRAKKLANDI** Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson hefur þegar fengið góðar móttökur í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




ÍSLENSKUR

# GÓÐOSTUR

– GÓÐUR Á BRAUÐ –





## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Hvaða saur er þetta?

„What is this shit?“. Með þessari áleitnu spurningu hófst plötudómur Greil Marcus hjá Rolling Stone um Self Portrait, tíundu og þá nýjustu afurð Bobs Dylan í júnímánuði árið 1970. Á þeim tíma voru flestir sammála spekúlantinum. Jafnvel hörðustu Dylan-aðdáendur supu hveljur af hneykslun yfir innihaldi þessarar kolómögulegu plötu sem þótti marga kílómetra undir sjávarmáli hvað gæði texta og lagasmíða varðaði, innihélt fjölda ábreiðna (sem ekki höfðu sést á Dylan-plötum frá því meistarinn sendi frá sér frumraun sína næstum áratug fyrr), skartaði kæruleysislegri „sjálfsmynd“ af goðinu á umslaginu og var svo tvöföld ofan á allt annað, rétt eins og til að bíta höfuðið af skömminni.




Sjálfur hélt Dylan því síðar fram að platan hefði í og með verið grín. Þá hefði tilgangurinn öðrum þræði verið að fæla áhangendur, sem margir voru þaulsetnir um heimili hans og fóru jafnvel gaumgæfilega í gegnum heimilissorpið eins og frægt er orðið, í burtu. Í sem stystu máli var Dylan orðinn dauðleiður á að vera álitinn talsmaður heillar kynslóðar. Spurður hvers vegna tvöföld plata hefði orðið fyrir valinu svaraði hann: „Ef þú ætlar að setja drasl á plötu er eins og gott að hafa nóg af því,“ enda hefur Self Portrait í tímanna rás orðið að eins konar samnefnara yfir allsherjar klúður í hugum músíknörda.

Nú ber svo við að stór hluti téðra tónlistarlúða, yngri jafnt sem eldri og sérstaklega þeirra óteljandi sem eru vilhallir Dylan, eru upp til hópa við það að pissa á sig af spenningi yfir endurútgáfu þessarar alræmdu skífu í næstu viku. Ekki er þó um hefðbundna endurútgáfu að ræða því útgáfan, sem ber heitið Another Self Portrait 1969-1971, er í raun tíundi hluti Bootleg Series-bálksins vinsæla sem hóf göngu sína árið 1991 og hefur að geyma gnótt af góðgæti fyrir tónlistaráhugafólk, meðal annars áður óútgefin lög (nokkur sem Dylan tók upp með George Harrison), demó, fjórutíu ára gamlar tónleikaupptökur og ýmislegt fleira.

Hvort sem þakka má póstmódernismanum sem tekur samblandi mismunandi stíla, sem Self Portrait var gagnrýnd fyrir á sínum tíma, fagnandi, auknu almennu umburðarlyndi eða hreinlega þeim systrum eftirhyggju og nostalgíu, er ljóst að platan hefur hlotið uppreisn æru í áranna rás og þykir nú í versta falli forvitnilegur kafli í Dylan-katalógnum, í besta falli gróflega vanmetið meistaraverk. Í öllu falli verður gaman að sjá hver útkoman verður.

## Í spilaranum







**Halli Reynis -** Skuggar
**1860 -** Articifial Daylight
**Einar Lövdahl -** Tímar án ráða



**FYRSTA PLATAN** Hinn nítján ára gamli Archie Marchall, betur þekktur sem King Krule, gefur út sína fyrstu plötu á laugardaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nítján ára undrabarn

**Fyrsta plata King Krule kemur út á nítján ára afmælisdegi hans á laugardaginn. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann náð ótrúlegum þroska sem tónlistarmaður.**

King Krule gefur út sína fyrstu sólóplötu, 6 Feet Beneath the Moon, á nítján ára afmælisdegi sínum á laugardaginn í samstarfi við XL Recordings og True Panther Sounds frá New York.

Ekki er venjan að plötur séu gefnar út á laugardögum en Krule, öðru nafni Archie Marshall, er svo sem enginn venjulegur tónlistarmaður.

Marshall kemur frá suðausturhluta Lundúna. Hann gekk í Brit School, sama listaskóla og söngkonurnar Adele og Amy Winehouse, og virðist hafa lært ýmislegt gagnlegt þar.

Marshall braust fram á sjónarsviðið árið 2011, þá aðeins sextán ára, með samnefndri EP-plötu sinni sem True Panther Sounds gaf út. Áður hafði hann tekið upp efni undir nafninu Zoo Kid og vakti athygli árið 2010 fyrir fyrstu smáskífuna sína Out Getting Ribs.

Þrátt fyrir ungan aldur þykir Krule hafa yfir að ráða ótrúlegum þroska á tónlistarsviðinu og mörgum þykir útlit hans ekki vera í neinu samræmi við röddina. Flestir segja hann vera undrabarn. Tónlistin er eins konar blanda af hipphoppi, dub, djassi og gítarpoppi og hefur honum verið líkt við kappa á borð við Morrissey, Skotann Edwyn Collins og Fela Kuti. Tónlistaráhugamenn hafa í nokkur ár haft augastað á King Krule. Bjuggust flestir við því að þessi fyrsta plata hans kæmi út fyrir ári en hann ákvað að leggja meiri vinnu í hana, sem virðist hafa skilað sér.

Í byrjun ársins var hann nefndur af breska ríkisútvarpinu, BBC, sem einn þeirra tónlistarmanna sem ætti að gefa gaum á þessu ári og miðað við fyrstu dómana sem platan fær á King Krule fyllilega skilið að fá sem mesta athygli. The Guardian og vefsíðan MusicOMH gefa henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum, Clashmusic gefur henni átta af tíu og Timeout London fullt hús stiga, eða fimm stjörnur.

> ➜ Archie Marchall hefur einnig búið til tónlist undir nöfnunum DJ JD Sports og Edgar the Beatmaker.

King Krule ætlar að fylgja 6 Feet Beneath the Moon eftir með tónleikum í heimaborginni London í kvöld. Í september spilar hann svo á fernum tónleikum í Bandaríkjunum og Kanada. Hann hefur annars verið duglegur við spilamennsku í sumar og kom til að mynda fram á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku.

freyr@frettabladid.is




## 15.8.2013 ➜ 21.8.2013






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Avicii / Aloe Blacc | Wake Me Up |
| ▲ | 2 | Dikta | Talking |
| ▲ | 3 | Dr. Gunni og Friðrik Dór | Glaðasti hundur í heimi |
| ▲ | 4 | Naughty Boy / Sam Smith | La La La |
| ▲ | 5 | Áhöfnin á Húna | Sumardagur |
| ▼ | 6 | Olly Murs | Dear Darlin' |
| ▲ | 7 | Pink / Lily Allen | True Love |
| ▼ | 8 | John Newman | Love Me Again |
| ▼ | 9 | Tom Odell | Another Love |
| ▲ | 10 | Hjaltalín | Halo |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ýmsir | This Is Icelandic Indie Music |
| ▲ | 2 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 3 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 4 | Samaris | Samaris |
| ▼ | 5 | Sigur Rós | Kveikur |
| ▲ | 6 | Ýmsir | Tíminn flýgur áfram |
| ▼ | 7 | Ýmsir | Inspired by Harpa |
| ▲ | 8 | Ýmsir | Acoustic Iceland |
| ▲ | 9 | Ýmsir | Yndislega eyjan mín |
| ▲ | 10 | Björk | Gling gló |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



Helgi syngur Hauk
ásamt
THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA
frá Berlin
Eldborg í Hörpu 11.október
THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA
Miðasala hefst í dag!
Sérstakir gestir:
Sigriður Thorclacius
Björgvin Halldórsson
Bogomil font
Þú getur nálgast þinn miða á:
harpa.is og midi.is

# Sylvester Stallone snýr aftur með látum

Tökur standa nú yfir á The Expendables 3 í Búlgaríu.

Tökur standa nú yfir í Búlgaríu á kvikmyndinni The Expendables 3. Það ríkir mikil leynd yfir myndinni en kvikmyndafyrirtækið Lionsgate, sem framleiðir myndina, hefur staðfest að Sylvester Stallone, Jason Statham, Jet Li, Terry Crews og Arnold Schwarzenegger leiki í myndinni. Líklegt þykir að stórleikararnir Wesley Snipes, Antonio Banderas, Mel Gibson og Harrison Ford komi einnig við sögu í myndinni. Leikstjóri The Expendables 3 er Patrick Hughes sem leikstýrði meðal annars myndinni Western Red Hill sem kom út árið 2010. Handritshöfundar eru þau Katrin Benedikt, Creighton Rothenberger og Stallone sjálfur. Kvikmyndafyrirtækið Lionsgate vill að svo stöddu ekki segja of mikið um söguþráð myndarinnar en í stuttu máli fjallar hún um svik og hefndir milli Barney Ross (Stallone), Lee Christmas (Statham) og annarra í genginu við illmennið Conrad Stonebanks (Gibson) sem endar með blóðbaði og miklum hasar. Myndin verður frumsýnd vestanhafs 15. ágúst 2014.



**HARÐUR** Sylvester Stallone snýr aftur í The Expendables 3. NORDICPHOTOS/GETTY




Gorenje W6423 • LED-skjár • Sjálfhreinsibúnaður • Sparnaðarkerfi
17 mínútna hraðþvottur • „My favorite“-kerfi • Stórt hurðarop, 34 cm
Einstaklega hljóðlát • Orkunýtni A+++ • 5 ára ábyrgð

Reykjavík Skútuvogur 1 Sími 562 4011 | Akureyri Draupnisgata 2 Sími 460 0800 | Reyðarfjörður Nesbraut 9 Sími 470 2020

RÖNNING



**SANNSÖGULEGT** Söguþráður kvikmyndarinnar The Bling Ring er byggður á raunverulegum atburðum.

# Bandarískir táningar rændu og rupluðu

Kvikmyndin The Bling Ring verður frumsýnd annað kvöld. Myndin er í leikstjórn Sofiu Coppola og er byggð á sannsögulegum atburðum.

Kvikmyndin The Bling Ring verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi annað kvöld. Myndin er byggð á raunverulegum atburðum og segir frá hópi táninga sem brýst inn á heimili frægra einstaklinga.

Söguþráður myndarinnar er á þann veg að táningurinn Marc Hall hefur nám í nýjum skóla í Kaliforníu. Hann kynnist fljótlega Rebeccu Ahn, sem er afar upptekin af lífi frægra og ríka fólksins og er leikkonan Lindsay Lohan í sérstöku dálæti hjá henni. Eitt kvöld tekur parið upp á því að brjótast inn á heimili hótelerfingjans Paris Hilton og ræna ýmsum fatnaði og skartgripum. Tvíeykinu þykir ránið svo vel lukkað að það heldur innbrotunum áfram og nú í slagtogi við fleiri vini sína: Nicki Moore, Chloe Tayner og Sam Moore.

Leikstjóri myndarinnar er Sofia Coppola, sem hefur áður leikstýrt myndum á borð við Somewhere, Lost in Translation og The Virgin Suicides. Coppola skrifar jafnframt handrit myndarinnar og bróðir hennar, Roman Coppola, framleiðir hana. Hvatinn að gerð myndarinnar var grein sem birtist í tímaritinu Vanity Fair og fjallaði um ránin. „Þegar ég las greinina fannst mér sagan hljóma nánast eins og söguþráður kvikmyndar. Ég kom mér í samband við blaðamanninn og því meira sem ég fékk að vita, því áhugaverðara fannst mér efnið. Mér fannst sagan segja svo mikið um samtíma okkar og samtímamenningu,“ sagði Coppola.

Tökur á The Bling Ring hófust í mars í fyrra og var heimili Hilton á meðal tökustaða. Með helstu hlutverk myndarinnar fara Katie Chang, Israel Broussard, Emma Watson, Claire Julien, Taissa Farmiga og Leslie Mann. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes nú í ár og hlaut fínar viðtökur. Watson, Broussard og Chang þykja þá sýna frábæran leik.

The Bling Ring hlýtur sextíu prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes og 66 prósent á vefsíðunni Metacritic.

- sm

## Fjarstæðukenndur söguþráður

The Bling Ring er byggð á sögu hóps ungs fólks sem gekk undir nöfnunum Hollywood Hills Burglar Bunch og The Burglar Bunch í fjölmiðlum. Hópurinn samanstóð aðallega af sjö táningum sem brutust inn á heimili ríkra og frægra á tímabilinu frá október 2008 og fram í ágúst 2009. Hópurinn rændi skartgripum, fatnaði og peningum að andvirði 360 milljóna króna. Athygli vakti að táningarnir voru flestir vel efnaðir.

Hópurinn braust meðal annars ítrekað inn á heimili Paris Hilton, en einnig inn til leikkvennanna Megan Fox, Rachel Bilson og Lindsay Lohan, raunveruleikastjörnunnar Audrinu Patridge og á heimili Orlandos Bloom og Miröndu Kerr.

Forsprakki hópsins var Rachel Lee, sem skipulagði flest innbrotin, en aðrir meðlimir hópsins voru Nick Prugo, Diana Tamayo og systurnar Alexis Neiers, Gabrielle Neiers og Tess Taylor. Systurnar fengu í kjölfarið eigin raunveruleikaþátt sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni E!. Táningarnir fengu flestir tveggja ára fangelsisdóm fyrir innbrotin og hafa flestir afplánað dóminn.

Leikkonan Emma Watson leikur Nicki í The Bling Ring, en persónan er byggð á Alexis Neiers. Watson lét þau orð eitt sinn falla að hún hefði átt í stökustu vandræðum með að samsama sig persónu sinni. „Sumt sem hún segir er svo brjálað og fjarstæðukennt að mér þótti það hrein áskorun að fá það til að hljóma sannfærandi,“ sagði leikkonan.



**SMÁSTIRNI** Tess og Alexis Neiers við frumsýningu myndarinnar Hot Tub Time Machine árið 2010. Þær fengu einnig eigin raunveruleikaþátt.

# Hross í oss frumsýnd á miðvikudag

Myndir við allra hæfi frumsýndar í vikunni í kvikmyndahúsum um land allt.

Hross í oss er kvikmynd í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, en hún verður frumsýnd miðvikudaginn 28. ágúst næstkomandi. Myndin er grimm sveitarómantík um hið mennska í hrossinu og hrossið í manninum. Ást, kynlíf, hross og dauði fléttast saman með skelfilegum afleiðingum.

Sama dag er kvikmyndin Elysium frumsýnd, en hún skartar Matt Damon í aðalhlutverki. Árið 2154 eru til tvær stéttir manna; mjög auðugt fólk sem býr í geimstöðinni Elysium og svo hinir sem búa á yfirfullri Jörðinni, sem er öll í rúst.

Percy Jackson: Sea of Monsters er heitið á annarri myndinni sem gerð er um ævintýri sonar gríska sjávarguðsins Póseidons, en hún er sjálfstætt framhald myndarinnar The Lightning Thief frá árinu 2010. Myndin var frumsýnd í gær.

Kick-Ass 2 er framhald á fyrri mynd leikstjórans Jeff Wadlow. Eftir að hafa sýnt klikkað hugrekki sem sjálfskipaða ofurhetjan Kick-Ass hrindir Dave Lizewski af stað nýrri bylgju sjálfskipaðra grímuklæddra ofurhetja. Myndin var frumsýnd í gær.

Á morgun, þann 23. ágúst, eru tvær myndir frumsýndar. Annars vegar teiknimyndin Turbo, sem fjallar um snigil sem dreymir stórt, og kvikmyndin World's End, sem fjallar um æskuvini sem fara á pöbbarölt á barinn World's End.

- ósk



**HROSS Í OSS** Ingvar E. Sigurðsson, Steinn Ármann Magnússon, Helgi Björnsson og Kristbjörg Kjeld eru meðal leikenda.

# GRIFFILL SVARAR SAMKEPPNI!

## HEILDARLISTI NÝRRA NÁMSBÓKA ÓDÝRASTUR Í GRIFFLI

SAMKVÆMT VERÐKÖNNUN ASÍ*




| Skiptibækur | Verð: |
|---|---|
| *Dansk er mange ting - lestrarbók m. CD.* | *2.570.-* |
| *Ghetto. Danskar smásögur* | *494.-* |
| *Kemur félagsfræðin mér við* | *2.490.-* |
| *Almenn sálfræði - Hugur, heili, hátterni.* | *2.625.-* |
| *In line for reading.* | *770.-* |
| *Tungutak.* | *1.280.-* |
| *Íslensk málsaga* | *1.590.-* |
| *Uppspuni: Nýjar íslenskar smásögur* | *650,-* |
| *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur* | *2.135.-* |
| *Stærðfræði 3000 - Grunnbók fyrir framhaldsskóla* | *2.035.-* |
| *Upp á punkt - Upprifjun grunnþátta í stærðfræði* | *1.390.-* |
| *Tölfræði og líkindareikningur* | *980.-* |
| *Þýska fyrir þig 1, lesbók m. CD* | *2.290.-* |
| *Þýska fyrir þig 1, vinnubók* | *1.690.-* |
| *Þýska fyrir þig, málfræðibók* | *1.335,-* |




SKEIFUNNI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 5331010

GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR

**Opnunartímar**

*Alla virka daga og laugardaga*
*Kl. 10-22*

*Sunnudagar*
*Kl. 13-22*

*Samkvæmt verðkönnun ASÍ, gerðri 20.8.2013 um hádegisbil - Á þeim bókum sem voru til í öllum verslunum

# Umræða um opin sambönd að aukast

**?** Sæl Sigga Dögg. Mig langar að byrja á því að segja þér að ég les alltaf greinarnar þínar og finnst þær mjög skemmtilegar. Ég hef verið að velta fyrir mér swing-hugtakinu og opnum samböndum. Er þetta mikið stundað hér á Íslandi og hefur þetta reynst fólki vel sem er kannski í sambandi þar sem kynlíf er ekki lengur stundað jafn oft og áður?

•••

**SVAR** Ég þakka kærlega hólið, gott að vita að lesendur hafi gagn og gaman af. Það er ekki til neitt eitt svar við þessari spurningu því hún er margþætt og felur í sér ólíka hluti, swing og opin sambönd. Þá ber að nefna að þessir hópar eru ekki einsleitir og því skilgreining aðeins til viðmiðunar. Algengur skilningur á swing er að það sé eitthvað sem pör stunda saman, eiginleg makaskipti. Oftar en ekki fer par saman á sérstakan swing-stað, það getur verið heimahús eða klúbbur. Margir slíkir staðir hleypa einungis pörum inn. Makaskiptin snúa frekar að kynlífi með einhverjum öðrum en maka, en ekki því að stofna til sambands við þann einstakling. Pör sem stunda makaskipti setja sér eigin ramma um hvað sé leyfilegt og hvað ekki, líkt og pör í opnum samböndum. Það sem greinir þessa tvo hópa að eru þessi makaskipti. Í opnu sambandi ríkir sá skilningur að annar aðili, eða báðir, megi vera í samböndum með öðrum einstaklingum eða stunda kynlíf með öðrum einstaklingum. Í opnum samböndum geta því margir einstaklingar verið saman í sambandi en ekki endilega allir hver við annan.

Að mér vitandi hafa þessir hópar ekki verið rannsakaðir á Íslandi. Oftar en ekki er talað um „lyklateiti“ í tengslum við makaskipti og var þetta töluvert vinsælt í kringum áttunda áratuginn. Byggt á erlendum gögnum eru makaskipti stunduð af eldri einstaklingum sem hafa jafnvel verið giftir í mörg ár. Makaskipti geta átt sér stað einu sinni eða reglulega.



**HENTAR SUMUM** Sigga Dögg segir opin sambönd og swing henta sumum pörum. NORDICPHOTOS/GETTY

Opin sambönd (polyamory) ganga út á tilfinningar og kynlíf og þeir sem eru í opnum samböndum segja þetta sinn „lífsstíl“. Umræðan um opin sambönd er að aukast og eru þó nokkrir fræðimenn sem telja það manninum eðlislægara en einkvæni. Vissulega getur afbrýðisemi skotið upp kollinum og því er þetta ekki eitthvað sem hentar öllum.

Samskipti eru lykilinn, hvort sem um ræðir opið samband eða makaskipti. Báðir aðilar þurfa að vera sáttir, viðurkenna tilfinningarnar og tala um þær. Þegar kynlíf er stundað með mörgum einstaklingum má alls ekki gleyma að nota smokkinn. Hann, ásamt opnum samskiptum, er alger grundvöllur fyrir því að þetta geti gengið upp.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**FLOTTUR HÓPUR** Gyða Dröfn, Margrét Alice og Albert standa fyrir heilsuhelgi á Sólheimum. MYND/ÁRNI SÆBERG

# Bætt líðan og betri heilsa á Sólheimum

Margrét Alice Birgisdóttir er ein þriggja sem standa fyrir heilsuhelgi á Sólheimum í september.

„Þetta verður heil helgi af lífrænum og ljúffengum mat, hugleiðslu, jóga og hreyfingu,“ segir Margrét Alice Birgisdóttir, NLP heilsumarkþjálfi, sem stendur fyrir heilsuhelgi ásamt Gyðu Dröfn Tryggvadóttir lýðheilsufræðingi og jógakennara og Alberti Eiríkssyni ástríðukokki. Á heildina litið er heitið á heilsuhelgi sem fer fram á Sólheimum í Grímsnesi. „Við reynum að varpa ljósi á hvar einstaklingurinn er staddur í dag og hvert hann stefnir. Við vinnum út frá markþjálfun og viljum fá fólk til þess að setja sér markmið og vinna í verðgildum sínum. Það er mjög algengt að fólk eyði of miklum tíma í það sem skiptir ekki máli og þar með er lítill tími fyrir jákvæða og heilbrigða hluti í lífi fólks. Við vorum með námskeið í júní sem heppnaðist það vel að við ætlum að gera þetta aftur í haust,“ segir Margrét að lokum. Boðið er upp á tvær helgar í september, helgina 12.-15 og 26.-29. september.



**NÓG Í BOÐI** Á meðal þess sem verður í boði á menningarnótt er vöfflukaffi, tískusýning á Skólavörðustíg, heimildarmynd um Rax, sigling með Sigrúnu Eldjárn og tónleikar með Unnsteini Manuel og félögum í Retro Stefson, Ásgeiri Trausta og Sigríði Thorlacius og félögum í Hjaltalín. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# ÞÉTT DAGSKRÁ Á MENNINGARNÓTT

Það verður úr nægu að moða fyrir gesti menningarnætur á laugardag. Blaðamaður skoðaði viðburðina í boði og raðaði saman eigin dagskrá.

**Kl. 12.00-13.00**
**HAFNARHÚSIÐ**
Reykjavík Dance Festival býður upp á Lunch Beat í Hafnarhúsinu. Eina reglan er að dansa.



**Kl. 14.00-16.00**
**ÞINGHOLT**
**Vöfflukaffið** í Þingholtunum hefur fest sig í sessi í dagskrá menningarnætur og núna er það haldið í sjötta sinn. Íbúar Þingholtanna bjóða gestum og gangandi á heimili sín eða garða þar sem vöfflur og kaffi verða á boðstólum. Þrettán heimili taka þátt í ár.

**Kl. 16.00**
**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR**
Verslunareigendur á Skólavörðustíg halda tískusýningu á neðri hluta götunnar, göngugötunni. Fögur fljóð frá Elite feta stíginn og sýna íslenska fata-, skart- og fylgihlutahönnun, sem og vandaðar innfluttar vörur.

**Kl. 16.30-16.50**
**HARPA, KALDALÓN**
Stutt heimildarmynd sýnd um ljósmyndarann **Ragnar Axelsson**, RAX. Fjallaland er fyrsta verk Ragnars Axelssonar sem eingöngu fjallar um Ísland. Niðurstaðan er þetta ljósmyndaverk sem sýnt verður í Kaldalónssalnum.

**Kl. 17.00**
**HARPA**
Skáldleg sigling um Sundin með systkinunum **Sigrúnu og Þórarni Eldjárn**. Sigrún les úr óútkominni sögu sinni sem hefst einmitt á æsilegri siglingu og Þórarinn fer með sín ástsælu ljóð. Siglt verður frá smábátahöfninni við Hörpu kl. 15 annars vegar og 17 hins vegar.

**Kl. 18.00-21.00**
**VITAGARÐURINN**
Kextónleikar með Megasi og UXI, sem er skipuð meðlimum úr Júpíters. Einnig koma fram **Retro Stefson** og Borko og má búast við mikilli stemningu í garðinum sem er á horni Vitastígs og Hverfisgötu.

**Kl. 20.00-22.55**
**ARNARHÓLL**
Kaleo, **Ásgeir Trausti, Hjaltalín** og Sálin koma fram á Tónaflóði 2013, hinum árlegu tónleikum Rásar 2. Tónleikarnir standa yfir fram að flugeldasýningu menningarnætur en listrænn stjórnandi hennar er danshöfundurinn Sigríður Soffía Karlsdóttir.



# nettó
Kræsingar & kostakjör

## CampinGaz Adelaide grill

Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki.
Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni,
sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður.
Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.

### CampinGaz Adelaide 3ja brennara

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg



Gasgrill 3ja brennara
**NÚ 39.998 kr**

**FRÁBÆR TILBOÐSVERÐ! 10.000KR. LÆKKUN!**

Gasgrill 4ja brennara
**NÚ 49.998 kr**





CampinGaz Grilláhöld 4stk
verð 3.998kr

Yfirbreiðslur fyrir grillin
einnig fáanlegar, verð 4.998kr.

### CampinGaz Adelaide 4ja brennara

- Mjög öflugt 18,7 KW = 63.807 BTU
- 4x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x77 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 144,5x59x109cm
- Þyngd 54kg

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Vill ekki mæta Vinnie Jones í húsasundi

Evgeniy Mironov og Anya Chupovskaya leika aðalhlutverk við hlið Vinnie Jones í kvikmyndinni Calculator, en tökur á kvikmyndinni standa nú yfir á Íslandi.

Evgeniy Mironov leikur aðalhlutverkið í Calculator. Hann á sitt eigið leikhús í Rússlandi og er góðvinur Pútíns.

„Rússneskar myndir fara ekki mikið út fyrir landsteinana, en ég á dyggan og stóran aðdáendahóp í Rússlandi sem ég reyni að vera í góðum tengslum við. Það vita ósköp fáir hver ég er utan Rússlands,“ segir Evgeniy Mironov, sem tökuliðið vísar til sem hins rússneska Tom Cruise.

„En mér finnst dásamlegt að vera í tökum á Íslandi, þessir tökustaðir eru frábærir. Ég hef aldrei áður leikið í mynd þar sem tökustaðirnir eru svona fullkomnir, ég þarf varla að hafa fyrir því að leika,“ segir Egveniy kíminn.

„Ég fæ tvo frídaga til að skoða landið og ætla að nýta þá út í ystu æsar,“ segir hann jafnframt.

Evgeniy Mironov leikur snilling í Calculator sem rís upp gegn kerfinu.

„Það er ekki erfitt,“ segir hann og hlær. „Ég sakna líka stúlkunnar sem ég verð ástfanginn af en hún breytir viðhorfi mínu til heimsins,“ útskýrir hann.

„Karakterinn minn sér nefnilega ekki fólk heldur bara tölur og reiknar allt út. Þannig kom nafn myndarinnar til: Calculator,“ bætir Evgeniy við.

„En myndin fjallar um ást og frelsi, á annarri plánetu“ segir hann.

„Ég hef aldrei leikið í geimmynd áður. Ég sérhæfi mig í klassískum verkum í Rússlandi eins og Fávitanum eftir Dostojevskí,“ segir Egveniy og er augljóslega ekki hræddur við áskoranir.

„Sem leikari þarf ég alltaf að vera trúr stílnum og leika alla stíla mjög alvarlega – meira að segja kómedíu. Leikari á að trúa öllu sem hann gerir og það er aldrei auðvelt,“ heldur hann áfram.

Aðspurður sagði Evgeniy það hafa komið sér á óvart hversu mikill fagmaður Vinnie Jones væri, fram í fingurgóma.

„Þótt hann sé ekki lærður leikari, þá er mjög gott að vinna með honum,“ segir Evgeniy að lokum.

Anya Chipovskaya leikur hitt aðalhlutverkið í myndinni – stúlkuna sem Evgeniy verður ástfanginn af.

Hún var aðeins fimmtán ára gömul þegar hún hóf feril sinn sem leikkona í kvikmyndum.

„Ég er búin að vera að leika í ellefu ár, en nú til dags leik ég meira í leikhúsum í Rússlandi,“ segir Anya.

„Það er mikill heiður fyrir mig að leika á móti Evgeniy. Hann er frábær leikari og mjög gott að leika á móti honum. Hann er mjög virtur í Rússlandi og Calculator er sannkölluð stórmynd á okkar mælikvarða,“ útskýrir Anya.

„Karakterinn minn er pínulítið brjálaður. Mig hefur alltaf dreymt um að vera með stutt hár og ég fékk þann draum uppfylltan í þessari mynd sem er persónulegur sigur fyrir mig,“ segir Anya, létt í bragði.

Aðspurð segist Anya hafa verið pínulítið stressuð yfir að hitta meðleikara sinn, Vinnie Jones, í fyrsta sinn.

„Mér skilst að hann sé kallaður beinabrjóturinn. En hann er almennilegur og kurteis. Ég myndi samt ekki vilja mæta honum í dimmu húsasundi,“ segir Anya.

Þetta er í fyrsta sinn sem Anya kemur til Íslands.

„Þetta er ótrúlega fallegt land. Ég fór til dæmis að Seljalandsfossi og gekk bak við fossinn. Tíminn stoppaði. Ég trúði ekki hvað þetta var fallegt,“ segir Anya að lokum.

olof@frettabladid.is



**EVGENIY MIRONOV OG ANYA CHUPOVSKAYA** Leikarnir sem leika aðalhlutverkin í rússnesku kvikmyndinni Calculator, en tökur standa yfir á myndinni um þessar mundir á Íslandi. MYND/SAGA FILM







**AF TÖKUSTAÐ** Hér má sjá tökulið og leikara á sólríkum tökudegi. MYND/SAGAFILM




# Ný lína frá Marchesa

Fatalínan Marchesa Voyage er fyrir breiðari hóp kvenna. Flíkurnar sagðar henta við öll tækifæri.

Konurnar á bak við hátískumerkið Marchesa, þær Georgina Chapman og Keren Craig, kynntu nýja fatalínu fyrirtækisins, sem nefnist Marchesa Voyage, fyrir stuttu.

Voyage-línan er frábrugðin Marchesa að því leytinu til að hún höfðar til stærri og breiðari hóps kvenna. Marchesa er þekkt fyrir glamúr og fágaðar flíkur og sjást þær ósjaldan prýða stjörnur á rauða dreglinum í Hollywood. Fastakúnnar Marchesa eru stjörnur á borð við Halle Berry, Blake Lively og Naomi Watts.

Aðdáendur Marchesa eru að vonum ánægðir með Voygaelínuna þar sem hún inniheldur flíkur sem henta við fleiri tækifæri. „Við viljum að konur noti fötin okkar í vinnunni eða í ferðalaginu, þetta eru föt sem henta við öll tækifæri“, segir Chapman.

Fatalína Marchesa Voyage verður seld vestanhafs í stórverslunum eins Saks og Bloomingdales.



**NÝ FATALÍNA VÆNTANLEG** Hönnuðir Marchesa, þær Keren Craig og Georgina Chapman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í hverju verður Cher?

Söngkonan undirbýr tónleikaferðlag til þess að kynna plötu sína „Closer To The Truth“

Söngkonan Cher býr sig þessa dagana undir tónleikaferðalag á næsta ári sem gæti vel orðið hennar síðasta sökum aldurs, en hún er 67 ára gömul. Dívan hefur fengið búningahönnuðinn og vin sinn til margra ára, Bob Mackie til þess að sjá alfarið um útlit hennar á tónleikunum. Mackie á heiðurinn af mörgum af eftirminnilegustu búningum söngkonunnar, eins og þegar hún kom fram með Michael Jackson á MTV Music Awards árið 1975 í silfurlituðum samfestingi sem sýndi mikið hold og vakti gríðarlega athygli. Búningahönnuðurinn sagði nýlega í viðtali að hann væri ótrúlega spenntur yfir að fá að hanna á Cher á ný. „Það er ekki eins og þetta sé venjuleg manneskja, þetta er gyðjan Cher,“ sagði Mackie.



**GLÆSILEG** Cher lítur ótrúlega vel út. Hér er hún að syngja á tónleikum í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

# HIN EINA SANNA
# SKÓSPRENGJA
# Í FULLUM GANGI
## 50-90% afsláttur
## FULLT AF NÝJUM VÖRUM




**Toppskórinn Outlet**

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

**Toppskórinn Markaður**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

# Auglýsa eftir hönnuðum

## Leita eftir fólki til að hanna einkenni HönnunarMars.

„HönnunarMars er hátíð í borginni en er líka hátíð íslenskrar hönnunar," segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars.

Það má segja að einkenni HönnunarMars síðastliðið vor hafi einmitt endurspeglað þetta.

„Þar sem þessi leið, að auglýsa eftir áhugasömum hönnuðum og hönnunarhópum og velja svo þrjá til að koma með tillögur, heppnaðist svona vel síðast endurtökum við nú leikinn," segir Greipur Gíslason og auglýsir eftir hönnuðum til þess að hanna einkenni næsta Hönnunarmars. Umsóknarfrestur rennur út þann 6. september næstkomandi. „Við erum í raun opin fyrir öllu, grafík, myndum, ljósmyndum – öllu. Bara að það virki sterkt og sé skemmtilegt," segir Greipur. - ósk



**EINKENNI HÖNNUNARMARS 2012** Ármann Agnarsson og Jónas Valtýsson hönnuðu einkennið í fyrra. MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

# Einstök vefsíða

## Lionsgate hefur hvergi slakað á í kynningarstarfi sínu fyrir kvikmyndina Catching Fire.

The Hunger Games: Catching Fire, framhaldsmyndar Hungurleikanna, er beðið með mikilli eftirvæntingu enda sló fyrsta mynd þríleiksins eftirminnilega í gegn. Lionsgate framleiðir myndirnar og hafa þeir unnið mikið og óvenjulegt kynningarstarf fyrir Catching Fire. Nú síðast var vefsíðunni Capitolcouture.pn komið á laggirnar, en þar geta aðdáendur myndanna skoðað tískuna í Höfuðborginni og kynnst keppendum Hungurleikanna.

Vefsíðan þykir minna á vefsíðu tískuritsins fræga, Vogue, og þykir sérlega smekkleg. Búningahönnuður Hungurleikanna er Judianna Makovsky, en sú hefur einnig unnið við Harry Potter-myndirnar, X-Men og A Little Princess frá árinu 1995.

Áætlaður frumsýningardagur Hunger Games: Catching Fire er 22. nóvember.



**FLOTT TÍSKA** Hér má sjá keppanda frá svæði átta með fagurrauðan prjónatrefil.






**SKEMMTI SÉR** Charlie Sheen heimsótti Ísland á dögunum og mátaði meðal annars húfur hjá Eggerti Feldskera. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verslaði hjá Eggerti feldskera

Partíkóngurinn og leikarinn Charlie Sheen, sem þekktur er fyrir leik sinn í Two and a half men, er staddur hér á landi. Ekki er vitað hvert tilefni heimsóknarinnar er en honum leiddist ekki þegar hann mátaði loðfeldi í búð Eggerts feldskera á Skólavörðustíg. Slúðurbloggarinn Perez Hilton fjallaði meðal annars um heimsókn Sheen í verslunina og hafði orð á því að dýraverndunarsamtökin PETA yrðu líklega ekki ánægð með leikarann og hrifningu hans á feldum.



**ELMORE LEONARD** NORDICPHOTOS/GETTY

# Elmore Leonard látinn

Rit- og handritshöfundurinn Elmore Leonard lést í vikunni, 87 ára að aldri. Hann lést á heimili sínu í Michigan-fylki í Bandaríkjunum. Dánarorsök er ekki þekkt, en Leonard hafði fengið hjartaáfall um það bil hálfum mánuði áður en hann lést.

Elmore Leonard var þekktur glæpa- og spennusagnahöfundur. Hann skrifaði meðal annars handritin að verkunum „Get Shorty," „Hombre," „Fifty-Two Pickup," „Out of Sight," „3:10 to Yuma," og „Jackie Brown." Hann vann til fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín, en hann var sérstaklega afkastamikill höfundur. Hann var byrjaður á sinni 46. skáldsögu þegar hann féll frá. - ósk


**HLJÓMSVEITIN 'N SYNC** Ætli þeir komi og geri allt vitlaust á sunnudaginn? NORDICPHOTOS/GETTY

## N Sync á svið í New York

Aðdáendur strákahljómsveitarinnar ´N Sync ættu að vera viðbúnir því það stefnir allt í það að hljómsveitin muni koma saman á ný eftir tíu ára fjarveru. Sögusagnir eru á kreiki þess efnis að kapparnir komi til með að spila á MTV Video Music Awards næstkomandi sunnudag. Samkvæmt blaðinu The New York Post er hjartaknúsarinn Justin Timberlake nú í óða önn að undirbúa sig fyrir endurkomuna ásamt hinum meðlimum sveitarinnar, þeim JC Chasez, Lance Bass, Joey Fatone and Chris Kirkpatrick. Tónlistarhátíðin fer fram í Brooklyn's Barclay's Center í New York og er það engin önnur en söngkonan Lady Gaga sem stígur fyrst á svið.


**ACT ALONE FER EKKI NEITT** Elfar Logi er ánægður með Act Alone eins og hún er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fara ekki frá Suðureyri

„Act Alone verður áfram á Suðureyri," segir Elfar Logi Hannesson, einn skipuleggjenda einleikshátíðarinnar Act Alone. Hátíðin var haldin í tíunda sinn fyrr í mánuðinum.

Fjöldi listamanna lagði leið sína vestur á firði til þess að vera viðstatt og taka þátt í hátíðinni. Aldrei hafa verið fleiri gestir á hátíðinni þar sem gestafjöldi fór yfir 2.000 manns. Einhverjar raddir voru á lofti um að hátíðin hefði sprengt utan af sér og því þyrfti jafnvel að færa hátíðina til þess að geta rúmað fleira fólk.

„Alls ekki. Við kunnum vel við okkur hér á Suðureyri og hlökkum til að sjá alla að ári," segir Elfar Logi, léttur í bragði. - ósk

## Nýtur forréttinda í tónlist

Rapparinn Macklemore prýðir forsíðu næsta heftis Rolling Stone. Í viðtali við tímaritið kveðst hann meðvitaður um þau forréttindi sem hann nýtur sem hvítur tónlistarmaður.

„Ég veit hvernig samfélagið virkar. Ég blóta frá mér allt vit í laginu Thrift Shop en þrátt fyrir það finnst foreldrum í lagi að börn sín hlusti á lagið, af því að ég er hvítur. Hefði ég notið þessarar velgengni hefði ég verið svartur? Ég held að svarið sé nei," sagði Macklemore um tónlist sína og velgengni plötunnar The Heist.



# Mamma bjargaði Denzel Washington

Móðir leikarans Denzels Washington bjargaði honum frá slæmum félagsskap og grimmum örlögum.

Denzel Washington telur að móðir sín hafi bjargað sér frá því að leiðast út í fíkniefnaneyslu og glæpi þegar hann var að alast upp.

„Ég ólst upp í Bronx í New York og var í slæmum félagsskap. Þrír af strákunum sem ég var í slagtogi með fóru í fangelsi," sagði 2-Guns-leikarinn við The Sun. „Ég mætti ekki heldur í skóla og var smám saman á leiðinni í götuglæpina. Kennari í skólanum mínum sagði við móður mína: „Hann er gáfaður strákur, komdu honum í burtu frá þessu"."

Að sögn hins 58 ára Washington fór einn vina hans í 15 ára fangelsi og annar lést af völdum eiturlyfja. „Hvað hefði orðið um mig ef móðir mín hefði ekki verið til staðar? Ég veit það ekki, en ég væri ekki að lifa því lífi sem ég lifi í dag."

Faðir hans, séra Denzel Hayes Washington, sá til þess að sonur sinn stundaði námið af kappi og kæmist í háskóla. „Ég vildi halda áfram að mennta mig, vegna þess að ég vissi hversu mikilvægt það var.


**ÁSAMT MARK WAHLBERG** Denzel Washington leikur á móti Mark Wahlberg í 2 Guns. NORDICPHOTOS/GETTY




# Dvergurinn með happdrættismiða

BAKÞANKAR
Bergs Ebba Benediktssonar



Eruð þið búin að heyra söguna af dvergnum sem var að selja happdrættismiða og bankaði upp á á sambýli fyrir þroskahefta með þeim afleiðingum að þroskahefta fólkið handsamaði hann og lokaði inni í skáp því það hélt að hann væri álfur?

**ÉG** er allavega búinn að heyra hana. Nokkuð oft meira að segja. Það bregst heldur ekki að í hvert skipti sem ég heyri þessa sögu, hvort sem er í heitum potti eða í spjalli út á götu, fylgir með yfirlýsing um að þótt ótrúlegt megi virðast þá sé þetta 100% sönn saga.

**ÉG** hef tekið þessari sögu með mátulegum fyrirvara en flestir sem segja hana virðast yfirmáta vissir um að þetta sé sönn saga. Ég heyrði þessa sögu meira að segja sagða á Rás 1 síðasta sunnudag. Það er bannað að ljúga á Rás 1, er það ekki? Gerðist þetta í alvöru? Ég kannaði málið og það tók ekki langan tíma.

Í fáum orðum er svarið nei. Þetta gerðist ekki. Allavega ekki á Íslandi. Sagan telst til svokallaðra flökkusagna og er því til í ýmsum útgáfum. Í Bandaríkjunum er hún yfirleitt sögð þannig að dvergurinn er talinn vera tröll og handsamaður af fólki sem er haldið einhverfu. Þá er dvergurinn oft sagður vera frá Vottum Jehóva en ekki happdrættissölumaður. Sagan hefur verið til í áraraðir og þekkist í ýmsum formum í Ameríku, Norðurlöndunum og víðar.

**STUNDUM** er sagt að ekki eigi að láta sannleikann spilla góðri sögu. Ég er alveg til í að taka undir það. En til að öllu réttlæti sé haldið til haga þá er niðurstaðan þessi: Fólk er nú búið að hlæja mánuðum saman að „sönnu sögunni“ um þroskahefta fólkið, dverginn og ógæfu þeirra. Ha ha ha. Þau eru svo vitlaus. (bakföll) Ha ha ha. Hvað með þá sem trúa lygum? Eru þeir ekki vitlausir? Sá hlær best sem síðast hlær. Inn í okkur öllum býr nú lítill dvergur með happdrættismiða í hönd sem hlær sig máttlausan að heimsku okkar – því hann hefur aldrei verið til.



**NÝ PLATA** Hljómsveitin 1860 hefur gefið út plötuna Artificial Daylight. MYND/PORMAR VIGNIR GUNNARSSON

# Meira popp og indí hjá 1860

## Hljómsveitin 1860 hefur gefið út sína aðra plötu, Artificial Daylight.

Hljómsveitin 1860 hefur gefið út plötuna Artificial Daylight.

Það kveður við nýjan tón á plötunni. Árið 2011 sendi sveitin frá sér þjóðlagaplötuna Sagan en þá var 1860 tríó og trommur í litlu hlutverki. Á nýju plötunni eru meðlimir orðnir fimm og trommur og rafhljóðfæri meira áberandi þótt þjóðlagaáhrifin skíni enn þá í gegn.

„Það var svo sem ekkert meðvituð ákvörðun um að taka breytingum, nema að fá inn meiri rýþma með trommum og bassa. Á sama tíma verður þetta bæði meira popp og meira indí og færir sig örlítið frá þjóðlagatónlistinni,“ segir söngvarinn Hlynur Júní Hallgrímsson. „Sem fimm manna band getum við leikið okkur meira með útsetningar.“

1860 hélt nýverið röð tónleika á Norður- og Austurlandi en nú er komið að höfuðborginni. Sveitin spilar órafmagnað á Café Flóru í Grasagarðinum ásamt Brother Grass í kvöld. Einnig verða tónleikar á Café Rósenberg þriðjudaginn 27. ágúst. Útgáfutónleikar verða svo haldnir 19. september í Iðnó. **- fb**

➜ Lagið Íðilfagur er komið í útvarpsspilun. Áður hafa lögin Go Forth og Socialite verið spiluð í útvarpinu.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| KICK ASS 2 | 8, 10.20 (P) | 16 |
| PERCY JACKSON SoM | 5.30, 8 3D | 10 |
| 2 GUNS | 8, 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 2 | 5.30 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 10.20 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE BLING RING | KL. 6 - 8 - 10:10 - 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 6:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| WE'RE THE MILLERS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| KICK-ASS 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30 - 6:45 - 8 - 9:15 - 10:30 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE BLING RING | KL. 6 - 8 - 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| HUMMINGBIRD | KL. 10:30 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| KICK-ASS 2 | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 10:30 | 14 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| KICK ASS 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 10.20 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 8 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| KICK ASS 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| WAY WAY BACK | KL. 8 | 12 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| THE HEAT | KL. 10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| BORGARBÍÓ | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði



GUÐRÚN BERGMANN
þekkir af eigin reynslu hversu mikilvægt það er að snúast til varnar gegn bólgum í líkamanum. Á stuttu en skilvirku námskeiði sýnir hún einfaldar en áhrifaríkar leiðir til að takast á við þessa kvilla.

VILTU LOSNA VIÐ BÓLGUR OG LIÐVERKI Á NÁTTÚRULEGAN MÁTA?

FIMMTUDAGINN 29. ÁGÚST



Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:
Hvernig þekkja má bólgueinkennin og finna leiðir til bata.
Hvaða fæðutegundir valda bólgueinkennum í líkamanum.
Hvaða fæðu, krydd og bætiefni má nota til að draga úr bólgum.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 21:00
4.900 KR. Námsgögn með víðtækum upplýsingum eru innifalin.
Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is



Heilsuhúsið

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# OFURTILBOÐ Í DAG!



Verð
39
krónur
Verð áður: 99 kr



VÖRUNÚMER: NINMP51942 - Fjórir litir

Verð
29
krónur
Verð áður: 35 kr




Verð
299
krónur
Verð áður: 489 kr




Verð
199
kr. stk A4.
Verð áður: 349 kr

Öll pennaveski
með 20% afslætti
22. ágúst.



20%
afsláttur
aðeins í dag!

5%

afsláttur af ÖLLUM SKÓLA-VÖRUM einnig af tilboðum

Sérstök vildarverð
á völdum vörum.
Taktu eftir merkinu!

Gildir til og með 22 ágúst eða meðan birgðir endast.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

PENNINN | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

## Aníta verður í beinni á Fjölvarpinu



Hlaupakonan efnilega úr ÍR, Aníta Hinriksdóttir, reynir sig í kvöld meðal þeirra bestu í heimi í 800 metra hlaupi kvenna þegar hún tekur þátt í Demantamóti í Svíþjóð. Aníta keppir þar við heimsmeistarann Eunice Jepkoech Sum frá Kína og alls fimm af sex efstu konum í úrslitahlaupinu á HM í Moskvu á dögunum. Aníta er yngst í hlaupinu og sú eina sem hefur ekki hlaupið undir tveimur mínútum. Allar þessar fimm sem voru í úrslitahlaupinu á HM í Moskvu hlupu þá undir 1:59.00 mínútum. Það verður hægt að sjá hlaupið í beinni á fjölvarpinu en NRK2 (Stöð 75) sýnir beint frá síðari hluta mótsins. Hlaup Anítu er lokagrein kvöldsins og hefst klukkan 19.50 að íslenskum tíma.

## Nær Stjarnan fram hefndum gegn Fram?

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild karla heldur áfram að rúlla í kvöld en þá fara fram þrír leikir.

ÍBV tekur á móti Keflavík í Eyjum, Breiðablik fer upp á Akranes og spilar við ÍA. Skagamenn í vondum málum á botni deildarinnar en Breiðablik í harðri toppbaráttu en liðið er í fjórða sæti og níu stigum á eftir toppliði FH.

Keflavík er einu stigi fyrir ofan fallsæti en ÍBV siglir lygnan sjó í deildinni í sjötta sæti.

Síðan mætast Stjarnan og Fram á Samsung-vellinum en þau spiluðu eins og kunnugt er í úrslitum bikarkeppninnar um síðustu helgi. Þá hafði Fram betur eftir vítaspyrnukeppni.

Úrslitin voru mikið áfall fyrir Stjörnumenn sem voru fyrirfram sigurstranglegri og töpuðu þar að auki í bikarúrslitum annað árið í röð. Þeir verða því væntanlega í hefndarhug.

Leikirnir í Eyjum og Akranesi hefjast klukkan 18.00 en leikurinn í Garðabæ er á óvenjulegum tíma, eða klukkan 20.15. Allir leikirnir verða í beinni textalýsingu á Boltavakt Vísis.



**SVEKKTUR** Garðar Jóhannsson klúðraði víti í bikarúrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skoraði fyrsta markið

### Guðmundur Torfason þekkir vel til K.R.C. Genk.

**FÓTBOLTI** Guðmundur Torfason verður á meðal áhorfenda í Kaplakrika í kvöld þegar FH mætir K.R.C. Genk. Landsliðsframherjinn fyrrverandi er vel kunnugur belgíska félaginu enda spilaði hann með liðinu á sínum tíma. Guðmundur gekk í raðir Winterslag í Belgíu árið 1987 en árið eftir var liðið sameinað öðru félagi, Waterschei. Úr varð Genk.

„Það komu menn frá félaginu um páskana og tóku heljarinnar viðtal við mig í tilefni þess að Genk er 25 ára í ár,“ segir Guðmundur sem spilaði með hinu nýstofnaða félagi til jóla en var þá seldur til austurríska félagsins Rapid í Vín.

„Mér tókst samt að skora fyrsta markið fyrir klúbbinn,“ segir Guðmundur hress enda enn í skýjunum eftir sigur Fram í bikarúrslitum um helgina.

Markið kom í annarri umferð belgísku deildarinnar í 1-1 jafntefli gegn Mechelen. Guðmundur hitti aðstoðarþjálfara Genk, Pierre Denier, í gærkvöldi enda þeir miklir vinir. Léku þeir saman hjá liðinu á sínum tíma en Denier hefur verið í þjálfaratíma Genk frá árinu 1992. Þrátt fyrir vinskapinn heldur Guðmundur með FH í kvöld. „Við verðum að standa saman, óháð okkar eigin félögum, og halda með Íslendingum.“



- ktd



**HEIMIR HUGSI** Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sést hér hlusta á spurningu á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vita allt um FH-liðið

### FH-ingar eru bara einu skrefi frá því að komast í riðlakeppni Evrópudeildarinnar sem myndi þýða að tímabilið þeirra endaði í fyrsta lagi í desember. Framhaldið ræðst mikið af fyrri leiknum við Genk sem er á Kaplakrikavellinum í dag.

**FÓTBOLTI** FH fær belgíska félagið Genk í heimsókn í dag í umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Leikurinn hefst klukkan 18.00 í Kaplakrika. FH er komið ótrúlega nálægt því að lengja tímabilið sitt um tíu vikur en til þess þarf liðið að slá út mjög sterkt belgískt lið. FH þarf að ná góðum úrslitum fyrir seinni leikinn í næstu viku.

#### Lífsnauðsynlegt að halda hreinu

„Það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að halda markinu hreinu í heimaleiknum því það er alltaf dýrt að fá á sig mark á heimavelli. Ég myndi sætta mig við 1-0 sigur en 0-0 eru ágætis úrslit,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, á blaðamannafundi í gær. Heimir hrósaði sóknarleik Genk og telur að þetta sé sterkara lið en það austurríska sem FH var svo nálægt því að slá út úr Meistaradeildinni á dögunum.

„Ég held að þetta lið sé betra en Austria Vín, ekki mikið betra, en liðið er heilsteyptara og með fleiri hættulega einstaklinga innan liðsins. Genk spilaði í Meistaradeildinni fyrir tveimur árum og er einn af stærstu klúbbunum í Belgíu,“ segir Heimir. Mario Been, þjálfari Genk, hrósaði FH-liðinu á blaðamannafundi.

„Við teljum okkur vita allt um FH. Við komum hingað tvisvar, fyrst á heimaleik hjá þeim og svo fór ég sjálfur upp á Akranes á sunnudaginn. Það sem ég sá var sönnun á því sem ég vissi fyrir. Þeir eru með sterkt lið og öflugir fram á við og gera skorað mörk. Þeir eru mjög góðir í föstum leikatriðum, hornspyrnum og aukaspyrnum og eru mjög sterkir í vörn. Þetta verður mjög erfiður leikur fyrir okkur,“ sagði Been en hann sá FH vinna ÍA 6-2.

„Ég sá leiki þeirra á móti Austria Vín á myndbandi og sá þá vera aðeins hársbreidd frá því að komast áfram. Þeir sýndu þar að þeir geta keppt við bestu liðin í Evrópu og það er viðvörun til okkar fyrir leikinn á morgun. Við vitum nóg um þetta lið og þeirra helsti styrkleiki er liðsheildin,“ sagði Been en hann taldi Björn Daníel Sverrisson vera besta leikmann FH.

#### Hrifinn af Birni Daníel

„Ég er mjög hrifinn af leikmanni númer 10 (Björn Daníel Sverrisson) og ég er mjög ánægður með að leikmaður númer 15 (Guðmann Þórisson) er í leikbanni. Hann er mjög mikilvægur leikmaður fyrir þetta félag. Leikmaður númer 10 er klassa leikmaður sem er alltaf kominn inn í teig og skorar mikið,“ sagði Been. Heimir tók undir það að Been ætti að vera ánægður með að Guðmann Þórisson er í leikbanni í kvöld.

„Guðmann er búinn að vera að spila vel í síðustu leikjum og hefur spilað vel í þessum Evrópuleikjum. Auðvitað er missir að honum en það er stundum þannig í fótbolta að ef menn kunna ekki að hemja skap sitt þá fylgir því svolítið mikið af gulum spjöldum,“ skaut Heimir á miðvörðinn sinn.

#### Hitt snerist meira um peninga

Það var gríðarlega mikil umræða um alla þá peninga sem voru í boði í aðdraganda leikjanna við Austria Vín og fyrirliðinn Ólafur Páll Snorrason taldi ástæðu til að nefna það á blaðamannafundi í gær.

„Það var mjög erfitt próf hjá okkur í síðasta (Evrópu)leik og kannski var meira undir í þeim leik. Þessir leikir eru meira upp á það sem leikmenn vilja, sem er að komast í riðlakeppni og lengra í Evrópukeppni, en hitt snerist mikið um peninga. Meira reyndar hjá ykkur en okkur nokkurn tímann. Það er ekki hægt að neita því að þetta verður mjög erfitt og verðugt verkefni,“ sagði Ólafur Páll.

ooj@frettabladid.is

## Þurfti ekki hjálp frá Þórði Guðjónssyni



Þórður Guðjónsson varð belgískur meistari með Genk vorið 1999 en þetta var fyrsti meistaratitill félagsins. Þórður var þá mjög öflugur á miðjunni og skoraði 9 mörk í 28 deildarleikjum. Mario Been, þjálfari Genk, hitti Þórð uppi á Akranesi á sunnudaginn þegar hann sá FH vinna 6-2 sigur á ÍA.

„Ég var hjá Þórði á sunnudaginn og spurði hann um nokkra hluti. Það var ekki nauðsynlegt að fá einhverjar upplýsingar frá honum því ég sá liðið sjálfur,“ sagði Mario Been.

Nýr Hraðfiskbátur



Evolution 38I Hraðfiskibátur, 15 rúmlestir sérhannaður fyrir Íslenskar aðstæður. Vél: Volvo D9 505 HÖ ásamt twindiski, V-gír og Bógskrúfu. CP skrúfa með stillanlegum skurði á blöðum, Stýri: "Becker Ratt" vökvastýrt. Flabbsar 2 stk, 1500 lítrar olíutankar með millirennsli, Dekkpláss er ca. 16 fermetrar, Gott lestarpláss. Gluggar og hurðar úr PVC og gler tvöfalt. Báturinn er tilbúinn til innréttingar. Vaskur og klósett fylgir.
**Óskað eftir tilboði. Möguleg uppítaka.**
**Uppl. í síma : 849-9987 eða 895-8299**

Fimmtudag 22. ágúst kl. 20:15
SAMSUNG völlurinn í Garðabæ
STJARNAN – FRAM



ALLIR Á VÖLLINN!
EINN AF LYKILLEIKJUM ÁRSINS!
PEPSI–DEILDIN

# STÓRTÓNLEIKAR BYLGJUNNAR

*Ingólfstorgi á Menningarnótt*

---

## STUÐMENN
## BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
## VALDIMAR
## Á MÓTI SÓL
## DIKTA

---

Komið fagnandi á Ingólfstorg á Menningarnótt - Stemningin er frábær. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30 og þeim lýkur fyrir flugeldasýninguna svo allir geta átt einstaka stund.

Ef þú kemst ekki geturðu samt tekið þátt í gleðinni á Bylgjunni. Í útvarpinu, sjónvarpinu, netinu eða appinu - ekki missa af þessu!

BYLGJAN 989

CHEVROLET

HLJÓÐX

# KSÍ þarf að skerpa á sínum reglum

Hannes Þór Halldórsson verður í leikbanni gegn FH á sunnudaginn.

**FÓTBOLTI** Stjórn KSÍ hefur tekið ákvörðun í máli Hannesar Þórs Halldórssonar, markvarðar KR. Hann var í leikbanni í leiknum gegn Breiðablik á sunnudagskvöld en leikurinn var eins og kunnugt er flautaður af vegna höfuðmeiðsla sem Elfar Árni Aðalsteinsson, leikmaður Blika, varð fyrir eftir aðeins fjögurra mínútna leik.

Sumir sparkspekingar töldu að leikmaðurinn hefði því tekið út leikbann en nú hefur sú ákvörðun verið tekin að Hannes verður í leikbanni í stórleiknum gegn FH næstkomandi sunnudag.

Einnig hefur verið ákveðið að hinn frestaði leikur Breiðabliks og KR fari fram þann 19. september.

„Við munum að sjálfsögðu una þessum úrskurði," segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, í samtali við Fréttablaðið.

„Það sem stendur eftir er samt sem áður að KSÍ þarf að skerpa á sínum reglum og setja hlutina fram á skýrari hátt."

Samkvæmt aga- og úrskurðareglum FIFA hefur leikmaður tekið út leikbann ef það er ekki á ábyrgð félagsliðs hans sem leikurinn er stöðvaður.

„Við vorum einmitt búnir að kynna okkur þessi mál og það er einkennilegt að KSÍ starfi eftir öðrum reglum en Alþjóða knattspyrnusambandið. Við treystum aftur á móti Rúnari Alex [Rúnarssyni] fyllilega fyrir verkefninu og hlökkum til leiksins gegn FH." - sáp



**Í BANNI** Hannes tók ekki út leikbann í leiknum gegn Breiðablik í síðustu viku. Rúnar Alex Rúnarsson verður í rammanum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FORMAÐUR** Kristinn Kjærnested segir KR-inga bregðast við strax. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Læknir á öllum heimaleikjum

**FÓTBOLTI** Oft og tíðum getur fótbolti verið beinlínis hættuleg íþrótt og slysin gera einfaldlega ekki boð á undan sér. Á sunnudagskvöld lenti Elfar Árni Aðalsteinsson, leikmaður Breiðabliks, í skelfilegu samstuði við Grétar Sigfinn Sigurðarson, leikmann KR, í leik liðanna í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

Leikmaðurinn missti meðvitund og fékk nokkuð slæmt flogakast á vellinum. Í framhaldi af atvikinu hefur umræða um öryggismál hjá félögunum sprottið upp en öll lið eru skyldug til að vera með sjúkraþjálfaðan aðila á bekknum í hverjum leik.

„Við höfum tekið þá ákvörðun að hafa ávallt lækni á svæðinu í hverjum einasta heimaleik," segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR.

„Því miður þarf stundum leiðindaatvik til þess að vekja menn til umhugsunar. Menn þurfa síðan einnig að ræða þessi mál innan hreyfingarinnar en við ætlum að bregðast strax við þessu." - sáp



**EFTIRSÓTTUR** Hættir ekki að skora fyrir Heerenveen. NORDICPHOTOS/GETTY

## Alfreð gerði gagntilboð

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason, leikmaður Heerenveeen, hefur ekki hafnað nýjum samningi við hollenska félagið Heerenveen eins og fullyrt var í hollenskum miðlum í gær. Sóknarmaðurinn hefur hins vegar gert félaginu gagntilboð. Heerenveen vill halda í framherjann sem er eftirsóttur hjá félögum í Evrópu.

Alfreð hefur farið frábærlega af stað fyrir liðið á tímabilinu og stóð sig einstaklega vel á því síðasta. Leikmaðurinn á tvö ár eftir af samningi sínum við Heerenveen sem á við fjárhagsvanda að stríða.

„Hann virðist ekki átta sig á því hvað fjárhagslegir erfiðleikar eru," sagði Gaston Sporre, framkvæmdastjóri Heerenveen, við dagblaðið Leeuwarder Courant um viðbrögð Alfreðs. - sáp

# Túlkurinn eltir mig á æfingu

Landsliðsmaðurinn Sölvi Geir Ottesen samdi á dögunum við rússneskt úrvaldeildarlið og er hann því fyrsti íslenski leikmaðurinn í sögunni sem spilar með félagi frá Rússlandi. Leikmaðurinn er með einkabílstjóra á sínum snærum og túlk sem eltir hann eins og skugginn á æfingum með FC Ural.

**FÓTBOLTI** Miðvörðurinn Sölvi Geir Ottesen gekk í raðir rússneska úrvalsdeildarliðsins FC Ural í byrjun þessara mánaðar og skrifaði undir tveggja ára samning við félagið.

Landsliðsmaðurinn hefur verið á mála hjá FC Kaupmannahöfn í Danmörku undanfarin ár en yfirgaf liðið í sumar. Síðastliðið ár hefur verið erfitt fyrir leikmanninn þar sem hann fékk lítið sem ekkert að spila með FCK.

Mikill uppgangur er hjá FC Ural, sem tryggði sér í fyrra sæti á meðal þeirra bestu í Rússlandi.

„Rússland leggst bara vel í mig," segir Sölvi í samtali við Fréttablaðið.

„Mín fyrstu kynni af landinu hafa bara verið frábær og mun betri en ég þorði að vona. Ég bý í stórborg sem hefur allt fram að færa. Fólk hefur eflaust ákveðnar skoðanir á Rússlandi en ég tel að sú ímynd sem landið hefur í huga hins almenna Íslendings sé ekki alveg rétt. Sjálfur hafði ég myndað mér ákveðna skoðun á þeirra menningu og siðum en ég var fljótur að átta mig á því að það átti ekki við nein rök að styðjast," segir Sölvi.

Hann býr í borginni Yekaterinburg en í henni búa um 1,4 milljónir manns. Borgin er yfir fimm þúsund kílómetrum frá Moskvu, höfuðborg Rússlands.

„Það þýðir ekkert annað en að vera jákvæður á svona breytingar. Ég er búinn að taka þessa ákvörðun og verð því að standa og falla með henni. Ég hlakka mikið til að byrja loksins að spila fótbolta af krafti."



**NÝ ÁSKORUN** Sölvi Geir verður í eldlínunni í rússneska boltanum í vetur en leikmaðurinn setur stefnuna á að koma sér í almennilega leikæfingu. Leikmaðurinn vonast til að vera kominn í byrjunarliðið von bráðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> **Rússar fara kannski ekkert mikið eftir umferðarreglum.**
> *Sölvi Geir Ottesen*

### Með einkabílstjóra

Félagið réð einkabílstjóra til að aðstoða Sölva við að koma sér á milli staða í borginni og það virðist vera venjan í Rússlandi.

„Þeir vilja meina að Evrópubúar eigi nokkuð erfitt með að keyra. Rússar fara kannski ekkert mikið eftir einhverjum umferðarreglum, nema þetta séu þeirra reglur. Þeir eru frekar ákveðnir í umferðinni en eftir að hafa farið á milli staða með bílstjóranum mínum þá treysti ég mér alveg í það að fara að keyra um borgina."

Fyrrverandi þjálfari FC Ural, Pavel Panteleyevich Gusev, hætti störfum hjá liðinu sama dag og Sölvi skrifaði undir samning við félagið. Það voru persónulegar ástæður sem ollu því að Gusev hætti með liðið. Oleg Vasilenko tók síðan við liðinu en hann hefur verið aðstoðarþjálfari FC Ural um þó nokkurt skeið.

„Í raun var löngu búið að ákveða að hann myndi stíga til hliðar og ég vissi vel að fráfarandi stjóri myndi ekki stýra liðinu þegar ég kæmi. Ég hafði aldrei rætt við neinn stjóra þegar ég skrifaði undir hjá félaginu. Það tala fáir ensku í Rússlandi og í raun talaði minn umboðsmaður við umboðsmann í Rússlandi og þannig fór þetta fram í mínu tilfelli."

### Lítil enskukunnátta

Í liðinu eru tveir Serbar, tveir frá Armeníu, einn frá Simbabve og einn frá Ísrael, ásamt leikmönnum frá Rússlandi. Enskukunnátta leikmanna liðsins er því ekki upp á marga fiska.

„Við erum þrír í liðinu sem tölum ekki rússnesku og því er alltaf túlkur með okkur á æfingum sem segir okkur hvað þjálfarinn er að segja. Túlkurinn er klæddur í íþróttagalla og hleypur strax inn á völlinn þegar þjálfari vill ræða við leikmenn, hann er einnig alltaf til taks þegar þjálfarinn þarf að ræða við okkur."

Það vantar enn þá töluvert upp á leikæfingu hjá Sölva Geir en hann hefur lítið spilað alvöru keppnisleiki undanfarið ár.

„Ég þarf auðvitað að leggja hart að mér og sanna mig á æfingum en það labbar enginn bara inn í þetta lið. Ég býst samt sem áður fastlega við því að vera settur fljótlega í byrjunarliðið þegar ég verð kominn í almennilegt form."

FC Ural er í tólfta sæti rússnesku úrvalsdeildarinnar með fjögur stig eftir fjórar umferðir. Liðið hefur unnið einn leik og gert eitt jafntefli. stefanp@frettabladid.is



**SPENNTUR** Sölvi Geir sést hér á æfingasvæði FC Ural daginn sem leikmaðurinn skrifaði undir tveggja ára samning við félagið. AÐSEND MYND





**ATVINNUMANNAFERILL SÖLVA**

| | Lið | Leikir | Mörk |
|---|---|---|---|
| 2004–2008 | Djurgården | 35 | 2 |
| 2008–2010 | SønderjyskE | 54 | 6 |
| 2010–2013 | Copenhagen | 43 | 8 |
| 2013 | FC Ural | 0 | 0 |

speedo

# LAGERSALA

**Í Bæjarlind 1-3, Kópavogi**
**(við hliðina á ísbúðinni)**

## 4 VERÐ - 4 DAGAR

Kr 990

Kr 1990

Kr 2990

Kr 3990

**Opið aðeins þessa einu helgi**

| | |
|---|---|
| Fimmtudag: | kl. 12-18 |
| Föstudag: | kl. 12-18 |
| Laugardag: | kl. 12-16 |
| Sunnudag: | kl. 12-16 |

- Sundbolir
- Bikiní
- Sundskýlur
- Sundbuxur
- Sundgleraugu
- Froskalappir

## EKKI MISSA AF ÞESSU

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl 20.00
### Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir keppendur og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.

## Í KVÖLD



### Sönnunargögn
**SJÓNVARPIÐ KL 21.15** Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.

**TV.COM** 8,1 **IMDb** 6,5



### Big Bang Theory
**STÖÐ 2 KL 19.15** Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilega gamanþáttum um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.

**TV.COM** 9,0 **IMDb** 8,6



### Dexter
**SKJÁREINN KL 22.50** Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. LaGuerta vonast til að ný sönnunargögn séu komin fram í morðmálinu sem gamall elskhugi hennar var sakaður um.

**TV.COM** 9,1 **IMDb** 9,0

## Rás 1 kl 10.15
### Litla flugan

Þátturinn er endurfluttur á föstudagskvöldum klukkan 22.15. Þar leikur Lana Kolbrún Eddudóttir alls konar tónlist frá öldinni sem leið, dægurlög, harmóníkutónlist, djass og danslög.




# Vilt þú læra á listskauta?



## Listskautanámskeið

Fyrir 5 – 16 ára

Fríir prufutímar!

Námskeiðin hefjast laugardaginn 31. ágúst og eru ætluð bæði strákum og stelpum.

Hægt er að velja 8 vikna námskeið **(31. ágúst - 23. október)** eða 15 vikna námskeið **(31. ágúst - 15. desember).**

Æfingar fara fram í Egilshöllinni / Kennt er í litlum hópum þar sem skipt er eftir bæði getu og aldri.

**Stundatafla**
- **Laugardagar: Svell kl. 12:20 – 13:00**
- **Miðvikudagar: Svell kl. 16:20 – 17:00 / Þrek kl. 17:20 – 18:00**

Listskautaíþróttin er í mikill sókn á Íslandi og keppendur Bjarnarins hafa náð mjög athyglisverðum árangri á mótum erlendis.

Nánari upplýsingar varðandi námskeiðin veita:
- Berglind Rós Einarsdóttir, yfirþjálfari s: 899-3058
- Erlendína Kristjánsson, skautastjóri s: 697-3990
- Kristrún Elva Jónsdóttir, gjaldkeri s: 849-6746

Skráning
**www.bjorninn.com/Listskautar**

**Skráningardagar verða í Egilshöll (við skautasvellið á 2. hæð) laugardaginn 24. ágúst og laugardaginn 31. ágúst kl. 10 - 13 þar sem hægt verður að fá frekari upplýsingar varðandi námskeiðin, s.s. þjálfun, skráningu og annað sem viðkemur íþróttinni.**
Einnig má senda tölvupóst á **gjaldkerilist@bjorninn.com**



Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing
Styrkur – Samhæfing – Tækni – Túlkun


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Human Target**
**11.00 Masterchef**
**11.45 Kingdom of Plants**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Family Stone**
**14.50 The Glee Project**
**15.35 Ofurmennið**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(15:24)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 Masterchef USA** *(7:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.40 NCIS: Los Angeles** *(2:24)*
**21.25 Person of Interest** *(4:22)*
**22.10 Breaking Bad** *(2:8)*
**22.55 Grimm** *(20:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.40 Harry's Law** *(13:22)* Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn.
**00.25 Rizzoli & Isles** *(11:15)*
**01.10 Broadchurch** *(2:8)*
**01.50 The Killing** *(11:12)*
**02.35 Crossing Lines** *(6:10)*
**03.20 In Your Dreams**
**05.05 The Family Stone**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends**
**19.20 Two and a Half Men** *(24:24)*
**19.40 The Simpsons** *(15:21)*
**20.05 Pretty Little Liars**
**20.45 Pretty Little Liars**
**21.30 Glory Daze** *(4:10)*
**22.10 The Carrie Diaries**
**22.50 The Carrie Diaries**
**23.30 Friends** *(7:23)*
**23.55 Two and a Half Men**
**00.15 The Simpsons**
**00.40 Glory Daze**
**01.25 The Carrie Diaries**
**02.05 The Carrie Diaries**
**02.50 Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn.

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Fenerbache - Arsenal**
**14.45 Fram - Stjarnan**
**17.45 FH - Genk** Bein útsending
**19.45 Sumarmótin 2013**
**20.25 Bubba Watson á heimaslóðum**
**21.10 NBA**
**22.00 Pepsi mörkin 2013**
**23.15 FH - Genk**
**01.00 Pepsi mörkin 2013**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Messan**
**16.40 Crystal Palace - Tottenham**
**18.20 West Ham - Cardiff**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25 Football League Show 2013/14**
**21.55 Arsenal - Aston Villa**
**23.35 WBA - Southampton**

## krakkar

**07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.35** Kai Lan **08.00** Svampur Sveinsso **08.20** Könnuðurinn Dóra **08.45** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.05** Strumparnir **09.30** Waybuloo **09.50** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.15** Áfram Diego, áfram! **10.35** Histeria! **10.55** Doddi litli og Eyrnastór **11.05** Ofuröndin **11.30** Lalli **11.40** Refurinn Pablo **11.45** Litlu Tommi og Jenni **12.05** Kai Lan **12.30** Svampur Sveinsson **13.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Strumparnir **14.05** Waybuloo **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli **15.50** Refurinn Pablo **15.55** Litlu Tommi og Jenni **16.15** Kai Lan
**16.40** Svampur Sveinsson **17.05** Könnuðurinn Dóra **17.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.50** Strumparnir **18.10** Waybuloo **18.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **18.50** Áfram Diego, áfram! **19.10** Histeria! **19.35** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður**
**21.20 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**21.55 The Drew Carey Show** *(3:24)*
**22.20 Strákarnir**
**22.50 Stelpurnar**
**23.15 Fóstbræður**
**23.40 Curb Your Enthusiasm**
**00.15 The Drew Carey Show**
**00.40 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.40 Ghosts of Girlfriends Past**
**14.20 Solitary Man**
**15.50 Balls of Fury**
**17.20 Ghosts of Girlfriends Past**
**19.00 Solitary Man**
**20.30 Balls of Fury**
**22.00 Bridesmaids**
**00.05 Stig Larsson-þríleikurinn**
**02.35 Mirrors 2**
**04.05 Bridesmaids**

## RÚV

**16.30 Ástareldur**
**17.20 Franklín og vinir hans**
**17.43 Hrúturinn Hreinn**
**17.50 Dýraspítalinn**
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Marteinn** *(7:8) (Munkurinn og skækjan)* Íslensk gamanþáttaröð um Martein sem er óskóp venjulegur meðaljón og er nýbyrjaður að búa með kærustunni.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Lykilverk: John Lennon** *(Classic Albums: John Lennon: Plastic Ono Band)*
**20.30 Vinur í raun** *(5:6) (Moone Boy)* Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaða vinarins síns, Seans, þegar á móti blæs.
**20.55 Mótorsystur** *(6:10) (Motorsystrar)*
**21.15 Sönnunargögn** *(6:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Atriði í þættinum er ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(21:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Paradís** *(7:8) (The Paradise)*
**00.00 Kynlífsráðuneytið** *(4:15) (Sex ministeriet)* Dönsk þáttaröð.
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Once Upon A Time**
**16.40 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.10 Psych**
**17.55 Dr. Phil**
**18.40 America's Funniest Home Videos** *(27:44)*
**19.05 Everybody Loves Raymond**
**19.30 Cheers** *(18:25)*
**19.55 Solsidan** *(2:10)*
**20.20 Men at Work** *(6:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg.
**20.45 The Office** *(20:24)*
**21.10 Royal Pains - LOKAÞÁTTUR** Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**22.00 Flashpoint** *(10:18)*
**22.50 Dexter** *(6:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur.
**23.40 Law & Order: UK**
**00.30 Excused**
**00.55 Olivia Lee. Dirty, Sexy, Funny**
**01.20 Royal Pains**
**02.05 Flashpoint**
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.40** Solheim Cup **2013 17**.40 PGA Tour - Highlights **18.35** Inside the PGA Tour **19.00** The Barclays - PGA Tour **2013 22**.00 The Barclays - PGA Tour **2013 01**.00 Ryder Cup Official Film **2008 02**.15 Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# SKÓLABJALLAN HRINGIR!



Verð:
134.995

Inspiron5521#01

**Dell Inspiron 15R fartölva (5521)**

Intel Core i3-3227U (1.9GHz, 3MB, Dual Core)
4GB 1600MHz DDR3 vinnsluminni (1x4GB)
15.6" HD WLED True-Life skjár (1366x768)
500GB Serial ATA 5400rpm harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

PIPAR\TBWA • SÍA • 132286




E2V66EA

**HP Pavilion TouchSmart 11,6"**

Glæsileg Windows 8 fartölva með snertiskjá
Skjástærð: 11,6" baklýstur
"BrightView" Antiglare LED
Örgjörvi: AMD Dual-Core A4-1250
(1.0 GHz, 1MB L2 Cache, DDR3L-1333MHz)
Vinnsluminni: 4GB DDR3, mest 8GB
Geymslumiðlar: 320GB SATA
5400 rpm harður diskur
Skjákort: + AMD Radeon HD 8180 Graphics

Verð:
99.995

VFY:AH552MXR32IS

**Fujitsu Lifebook AH552 i3 15,6"**

Skjástærð:15,6" (39.6cm)
LED backlight, glossy.
Örgjörvi: Intel Core i3-3110M
2.5GHz 3MB
Vinnsluminni: 8GB DDR3,
1600 MHz, PC3-12800,
mest stækkanleg í 16GB
Geymslumiðlar: 500GB SATA
5400 rpm harður diskur
Skjákort: nVidia GeForce
GT640M LE 2GB VRAM

Verð:
114.995



**LÉTTGREIÐSLUR + RAÐGREIÐSLUR**



Inspiron3521#04

**Dell Inspiron 15" fartölva (3521)**

Intel Celeron 1007U
(1.5GHz, 2MB, Dual Core)
4GB 1600MHz DDR3
vinnsluminni (1x4GB)
15.6" HD WLED True-Life
skjár (1366x768)
500GB Serial ATA 5400rpm
harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

Verð:
89.995




S200E-CT161H

**Asus VivoBook 11,6" pentium**

Intel Core i-3 (1,8Ghz)
4GB vinnsluminni
11,6" HD LED snertiskjár (1366x768)
500GB - 5400rpm harður diskur
Windows 8 stýrikerfi (64 Bit)

Verð:
99.995



Z0P0

**MacBook Air 13" 256GB**

Allt að 2,6GHz í Turbo Boost
á 1,3GHz dual-core Intel Core i5
4GB 1600MHz LPDDR3 á móðurborði
13,3" LED baklýstur skjár (1440x900)
256GB flash geymsla
Intel HD Graphics 5000 skjástýring

Verð:
259.995



Verð:
209.995

Z0MT

**MacBook Pro 13" 2,5GHz i5**

2,5GHz dual-core Intel Core i5
með Turbo Boost í allt að 3,1GHz
4GB 1600MHz LPDDR3 á móðurborði
13,3" LED baklýstur skjár (1280x800)
500GB Serial ATA 5400rpm
Intel HD Graphics
4000 skjástýring

Hátækni

## MORGUNMATURINN



**„Ég borða alltaf morgunmat, get ekki hugsað mér lífið án þess. Ég fæ mér morgunkorn, t.d hafrakodda og múslí með mjólk eða AB-mjólk. Set rúsínur eða trönuber út á og stundum banana.“**

Sóley Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri.

# Ilmandi handklæði í úrslit á vörusýningu

### Bómullarhandklæði frá hönnunarmerkinu Scintilla þóttu ein af bestu nýju vörunum á New York Now.

„Þetta er ein af stærstu vörusýningum heims fyrir heimilis- og gjafavörur. Um 2800 vörumerki taka þátt í sýningunni og allir helstu leikmenn í þessum bransa eru þarna. Mér skilst að um sjötíu merki hafi keppt í Best New Product Award að þessu sinni,“ segir Arna Sigrún Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri hönnunarmerkisins Scintilla. Vara frá merkinu lenti í þriðja sæti í keppni um bestu nýju vöruna á vörusýningunni New York Now.

Ilmandi handklæði úr lífrænni bómull frá Scintilla hrepptu þriðja sætið í þessari virtu keppni, en handklæðin þola allt að þrjátíu þvotta áður en ilmurinn hverfur úr þeim. „Þetta er ekki ný tækni en hún hefur lítið verið notuð í vörum sem þessum. Við erum með þrjár ilmtegundir sem allar eru innblásnar af vestfirskri náttúru og heita Westwinds and Silent Sands, Wild Thyme and Blueberries og Rain and Deep Blue Water.“

Aðspurð segist Arna Sigrún þess fullviss að velgengni Scintilla í keppninni muni vekja enn frekari athygli á merkinu. „Þetta hefur aukna umfjöllun í för með sér, bæði í Bandaríkjunum og víðar.“ Scintilla er hönnunarfyrirtæki sem hannar heimilistextíl-línu með áherslu á grafík, munstur og áferðir. Stofnandi Scintilla er Linda Björg Árnadóttir, textílhönnuður og lektor við fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands.

- sm



**GOTT GENGI** Ilmandi handklæði frá Scintilla komust í úrslit í keppni um bestu nýju vöruna á vörusýningunni New York Now. Arna Sigrún Haraldsdóttir er framkvæmdastjóri Scintilla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








**NÝTT NÝTT LÍF** Ragnar Ísleifur Bragason og Þorsteinn Guðmundsson eru á meðal þeirra er munu talsetja gamanmyndina Nýtt líf upp á nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikarar talsetja Nýtt líf upp á nýtt

### Ragnar Ísleifur Bragason og Þorsteinn Guðmundsson eru á meðal þeirra sem talsetja Nýtt líf upp á nýtt í tilefni 30 ára frumsýningarafmælis myndarinnar.

„Þetta er ein klassískasta og besta mynd sem gerð hefur verið á Íslandi. Ég hafði ofsalega gaman af henni þegar ég var yngri og þótti karakterarnir skemmtilega asnalegir,“ segir Ragnar Ísleifur Bragason leikari. Hann tekur þátt í sérstakri grínsýningu á Nýju lífi í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá frumsýningu myndarinnar.

Sýningin er í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, og fer fram í Tjarnarbíói þann 27. september. Myndin verður talsett upp á nýtt á staðnum og með talsetningu fara meðal annars Ragnar sjálfur og Þorsteinn Guðmundsson leikari.

„Myndin verður sem sagt sýnd á tjaldi, án hljóðs, og við sem að þessu komum munum búa til nýjan díalóg fyrir myndina. Einhver atriði verða alveg orðrétt upp úr myndinni en öðrum verður breytt,“ útskýrir Ragnar Ísleifur.

Ragnar Ísleifur kann samtöl og senur kvikmyndarinnar utan að og hefur margsinnis þulið hana orðrétt upp á mannamótum. „Ég var eitt sinn staddur á Landsmóti félags framhaldsskólanema og hver skóli átti að vera með skemmtiatriði. Minn skóli hafði ekki undirbúið neitt og það var ákveðið að ég mundi fara með alla myndina – það yrði okkar atriði. Myndin er níutíu mínútur að lengd og sýningin var um hundrað mínútur því leiklýsingar fylgdu einnig. Ég hef síðan endurtekið leikinn við ýmis tækifæri síðan þá.“

➜ Nýtt líf var frumsýnd þann 30. september árið 1983.

Leikstjóri myndarinnar, Þráinn Bertelsson, verður viðstaddur sýninguna og kveðst Ragnar Ísleifur virkilega spenntur fyrir því. „Þráinn og Karl Ágúst [Úlfsson] verða á meðal áhorfenda, sem er mjög skemmtilegt. Ég veit að Þráinn er mjög spenntur fyrir sýningunni,“ segir hann að lokum.

Hægt er að nálgast miða á sýninguna á vefsíðunni Riff.is.

sara@frettabladid.is


INFERNO EFTIR DAN BROWN

NÝ SPENNUSAGA EFTIR VINSÆLASTA HÖFUND Í HEIMI!

Æsispennandi bók sem þú leggur ekki frá þér fyrr en sagan er öll!

EFTIR HÖFUND DA VINCI LYKILSINS

„Lesandinn er við það að springa af spennu.“ NEW YORK TIMES




Þýðing: Arnar Matthíasson og Ingunn Snædal.

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR


# Flytur 15 manna sveit til Íslands

### Helgi Björnsson spilar með þýskri hljómsveit á tónleikum í Eldborg í október.

„Þetta er alveg frábært band,“ segir Helgi Björnsson.

Hann hefur fengið þýsku hljómsveitina Capital Dance Orchestra til að spila með sér á tónleikunum „Helgi syngur Hauk“ í Eldborgarsal Hörpu 11. október. Hljómsveitin, sem er gamaldags swingband, spilar undir á plötu með lögum Hauks Morthens sem Helgi tók upp í Berlín.

Aðspurður segir Helgi ekki annað hafa komið til greina en að flytja þessa fimmtán manna sveit til Íslands, þrátt fyrir að það hafi kostað skildinginn. „Þetta er alveg mega-pakki en ég var búinn að bíta þetta í mig. Mig langaði að koma með þá heim og gera alvöru konsert.“

Helgi komst í kynni við Capital Dance Orchestra þegar hún spilaði á opnunarhátíð Admirals Palast-leikhússins í Berlín árið 2006. „Félagar mínir laumuðu því að þeim að ég tæki lagið með þeim, en ég vissi ekkert af því. Svo fór ég á æfingu með þeim og fyrst leist þeim ekkert á blikuna en þegar karlinn byrjaði að syngja urðu þeir yfir sig hrifnir. Ég tók þrjú til fjögur lög með þeim og þeir voru alveg í skýjunum og vildu gera plötu,“ segir Helgi. Það var þó ekki fyrr en á þessu ári sem samstarfið varð að veruleika vegna Hauks Morthens-plötunnar. Miðasala á tónleikana í Hörpu hefst í dag.

- fb



**HELGI BJÖRNSSON** Helgi flytur þýska, fimmtán manna hljómsveit til Íslands í október. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


STÓRAFMÆLI DOMINO'S Á ÍSLANDI 19.-25. ÁGÚST
AFMÆLISGJÖF DAGSINS ER BOLTAKORT
ÁRSKORT Á ALLA LEIKI EFSTU DEILDA Í HANDBOLTA, KÖRFUBOLTA OG FÓTBOLTA
Nú er afmælisvika Domino´s og þá eru ekki bara pizzurnar okkar á frábæru tilboðsverði heldur fá 20 heppnir viðskiptavinir glæsilega gjöf – á hverjum degi afmælisvikunnar!
BOLTAKORT
Árskort á alla leiki efstu deilda í handbolta, körfubolta og fótbolta.
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR.
Ef þú sækir, vikuna 19.-25. ágúst 2013. Pönnupizza: 1.590 kr.
DOMINO'S Á ÍSLANDI
20 ÁRA
AFMÆLI
1993
2013
TM
KJÖTVEISLA: Pepperoni, skinka og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 60 þúsund áhorfendur

Lag dr. Gunna, Glaðasti hundur í heimi, hefur heldur betur slegið í gegn í sumar. Í gær hafði myndbandið við lagið verið skoðað rúmlega sextíu þúsund sinnum á vefsíðunni Youtube en nokkur þúsund áhorfendur hafa bæst við á hverjum degi.

Lagið er í öðru sæti á vinsældarlista Rásar 2 og í því sjötta á vinsældarlista Bylgjunnar og stefnir allt í að það verði enn vinsælla en Prumpufólkið sem dr. Gunni gaf út árið 1997. Það er popparinn Friðrik Dór sem syngur lagið Glaðasti hundur í heimi. Það verður á barnaplötunni Alheimurinn! sem kemur út í október.



- fb

### Mr. Raven

Söng- og leikkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir skartar nú tveimur nýjum húðflúrum.

Um er að ræða húðflúr af hröfnum, einu á hvorum úlnliði. Á Facebook-síðu sinni segir hún að hún hafi ákveðið að fá sér tvo vegna þess að hrafnar fljúgi yfirleitt tveir saman.

Ef til vill hefur Þórunn fengið innblástur að húðflúrunum úr kvikmyndinni Hrafninn flýgur.



- js

## Mest lesið VÍSIR

1. Sölumaður lífgaði við dreng á bílaplani
2. 610 kílóa maður fluttur af heimili sínu með lyftara
3. Sumarstarfsmenn tilkynntu um ofbeldi á leikskóla
4. Stjórnendur 101 hafna öllum ásökunum
5. Lögreglumaður fékk nálgunarbann á eltihrelli
6. Hasselhoff-skiltaþjófur stórslasaði afgreiðslumann
7. Glímir enn við afleiðingar eineltis


SÆNSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNIN 2012

NÝ KILJA
eftir metsöluhöfundinn Åsu Larsson




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu






**Skráning í Latabæjarhlaupið**

Latabæjarhlaupið er ætlað börnum 8 ára og yngri. Forskráningu á **maraþon.is** lýkur kl. 12 í dag, fimmtudaginn 22. ágúst. Einnig verður hægt að skrá börn til þátttöku á skráningarhátíð í Laugardalshöll á morgun, föstudaginn 23. ágúst kl. 10.00–19.00 og sækja um leið boli og hlaupagögn.

REYKJAVÍKURMARAÞON 30 ÁRA ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki